AUGLÝSING

FRÉTTABLAÐIÐ

47. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 9. MARS 2021

Ökuvísir er ekki pabbi þinn

… heldur byltingarkennd nýjung í ökutækjatryggingum

Við þekkjum flest aftursætisbílstjóra. „Nei, bíddu, hægðu á þér," „BÍLL!" og hið sívinsæla „Obbobbobobb!" eru kunnuglegir frasar. En aðfinnslur skila sjaldnast árangri og uppskera fremur pirring en öruggan akstur. Jákvæðni og umbun eru betri leiðir til að ná árangri. Og þar kemur Ökuvísir inn í dæmið. Ökuvísir er ökutækjatrygging sem tengist litlum kubbi í bílnum og appi í símanum.

Ökuvísirinn mælir aksturinn þinn og verðlaunar þig fyrir góðan árangur. Verðlaunin eru lægra tryggingaverð, þannig að því betur sem þú keyrir, því minna borgar þú á mánuði. Trúirðu því ekki? Ekkert mál, prófaðu Ökuvísi í 14 daga þér að kostnaðarlausu og sjáðu hvað þér finnst áður en þú tekur ákvörðun.

Hvernig er farið með persónuupplýsingar?

Við tryggjum að öll vinnsla persónulegra upplýsinga sé eins vönduð og kostur er. Allar persónuupplýsingar í Ökuvísi eru dulkóðaðar og notendur eru þeir einu sem geta séð sínar ferðir. Við notum upplýsingar um aksturslag til að gefa uppbyggjandi endurgjöf og til að veita góða þjónustu í Ökuvísi. Þær eru ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi. Persónuverndarstefna Ökuvísis er aðgengileg öllum inn á vis.is og þar kemur skýrt fram hvaða upplýsingum verið er að safna og hvernig þær eru notaðar.

Prófaðu Ökuvísi **frítt** í 14 daga

FRÉTTABLAÐIÐ

47. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 9. MARS 2021



Borgarráð hefur samþykkt að reyna að fá friðlýsingu á þrjú strandsvæði innan borgarmarkanna. Meðal annars á að friðlýsa Grafarvog innan Gullinbrúar. „Grafarvogur er einn af fáum óspilltum leirusvæðum innan borgarmarkanna og er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfuglategunda," segir í greinargerð. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja taka skýrslu af verjanda

Lögreglan freistar þess að fá að taka vitnaskýrslu af verjanda Íslendings sem sætt hefur gæsluvarðhaldi vegna morðsins í Rauðagerði. Fái verjandinn stöðu vitnis þarf að skipa hinum grunaða annan verjanda.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur gert kröfu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um að einn verjenda í morðmálinu í Rauðagerði verði kallaður til skýrslutöku sem vitni í málinu. Verði fallist á kröfuna getur hann ekki gegnt starfi verjanda áfram.

Um er að ræða lögmanninn Steinberg Finnbogason sem er skipaður verjandi Íslendings sem sat um tíma í gæsluvarðhaldi vegna málsins en sætir nú farbanni. Steinbergur fjallar um málið í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag, undir fyrirsögninni Ljótur leikur lögreglunnar.

> **Í rannsókn á mögulegum tengslum hans við sjálfan glæpinn hefur lögreglan gripið til sjaldgæfra örþrifaráða – að losa sig við lögmanninn.**
>
> Steinbergur Finnbogason, lögmaður

Í greininni rifjar Steinbergur upp fyrri viðskipti sín við lögregluna af svipuðum toga en hann var handtekinn árið 2016 við komu í skýrslutöku með skjólstæðingi sínum sem var grunaður um aðild að umfangsmiklu peningaþvætti. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald og látinn sæta húsleit á heimili sínu og lögmannsstofu þar sem mikið magn skjala var afritað og haldlagt.

Ríkið var í fyrra dæmt til að greiða Steinbergi bætur vegna fyrrgreindra aðgerða.

„Í rannsókn á mögulegum tengslum hans við sjálfan glæpinn hefur lögreglan gripið til sjaldgæfra örþrifaráða – að losa sig við lögmanninn," segir Steinbergur í greininni.

Hann kallar það ljótan leik lögreglunnar að neyða grunaðan mann til að skipta um lögmann í miðjum klíðum og leiða trúnaðarmann hans í vitnastúkuna í því skyni að rekja honum garnirnar.

Steinbergur vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið vegna trúnaðarákvæða í lögum. – aá / sjá síðu 11

Betri árangur í nýju umhverfi

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Spretthlauparinn Patrekur Andrés Axelsson segist finna taktinn sífellt betur með nýjum aðstoðarmanni og hjá nýju félagi á Ólympíuári. Hann bætti persónulegt met sitt í tvígang á Íslandsmóti fatlaðra í frjálsum íþróttum um helgina og stefnir ótrauður til Tókýó síðar á árinu.

„Þessir tímar sýna mér það að ég á góða möguleika á að komast til Tókýó í sumar," segir þessi 26 ára gamli hlaupari. – hó / sjá síðu 12

Patrekur Andrés Axelsson.



Mesta eldfjallavirknin er á svæði milli Keilis og Fagradalsfjalls.

Minni virkni á Reykjanesskaga

NÁTTÚRUHAMFARIR Þrátt fyrir að dregið hafi úr kvikuhreyfingum er enn möguleiki á gosi á Reykjaneskaga á næstunni samkvæmt því sem vísindaráð almannavarna las út úr mælingum helgarinnar. Ef til eldgoss kemur verður það líklega á sprungu á milli Fagradalsfjalls og Keilis þar sem kvikugangur er að myndast.

„Það virðist vera hægt streymi inni í ganginum. Það virðist vera aðeins grynnra niður á kvikuna og það hefur dregið aðeins úr virkninni en það gæti enn gosið," segir Kristín Vogfjörð, hópstjóri jarðvísindarannsókna hjá Veðurstofu Íslands, um stöðu mála.

Hún sat íbúafund í Grindavík í gær og sagði íbúa skiljanlega skelkaða eftir jarðskjálfta helgarinnar. „Sumir áttu erfitt með svefn um helgina enda var þetta rosalegur hristingur í stærstu skjálftunum. Það er því skiljanlegt að fólk sé svolítið taugaveiklað," segir Kristín, aðspurð út í framtíðarhorfur fyrir íbúa næstu bæjarfélaga. **– kpt**

Sýnileg orka við HS Orku

Við höfuðstöðvar HS Orku í Svartsengi hefur myndast sprunga eftir lætin í jarðskorpunni undanfarið. Þessi sími sýnir umfang sprungunnar á malbikinu. Starfsmenn HS Orku þurfa því að leggja lykkju á leið sína að bílastæðunum. Eftir fund gærdagsins er það mat vísindaráðs að búast megi við að virknin á Reykjanesskaga verði kaflaskipt næstu daga en þó er enn líklegt að það byrji að gjósa á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tvo daga að fá TF-SIF til landsins

LANDHELGISGÆSLAN Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, sem hefur iðulega verið notuð til að skoða eldgos er enn í notkun í verkefni fyrir Landamærastofnun Evrópu, Frontex. Ekki hefur verið talin nauðsyn á að nota hana komi til eldgoss á Reykjanesskaga en breytist það snögglega er hægt að kalla vélina heim á tveimur dögum. Þetta kemur fram í svari Ásgeirs Erlendssonar, talsmanns Landhelgisgæslunnar.

Aðspurður hvort hægt væri að kalla vélina heim í flýti segir Ásgeir að inn í samningnum við Frontex sé ákvæði um að hægt sé að kalla vélina heim ef þess þurfi. „Samningurinn við Frontex er þess eðlis að hægt er að kalla vélina heim ef náttúruhamfarir verða á Íslandi," segir Ásgeir og bætir við að ekki sé búist við að þörf sé fyrir vélina að þessu sinni.

„Miðað við þá hugsanlegu sviðsmynd sem vísindamenn gera ráð fyrir ef eldgos verður á Reykjanesi nýtast þyrlurnar betur en flugvélin miðað við staðsetningu og eðli þess

TF-SIF og þyrlur LHG í lágflugi.

mögulega goss. TF-SIF og búnaður hennar hefur nýst vel þegar gosið hefur undir jöklum og þegar erfitt hefur reynst að komast að hamförum sökum hæðar. Ekki hefur verið óskað eftir því af hálfu almannavarna að vélin verði kölluð heim en verði þess óskað mun vélin snúa aftur til Íslands."

Ásgeir áætlar að það myndi taka tvo daga að fá vélina heim.

„Flugvirkjar Landhelgisgæslunnar eru með í för á Ítalíu og má gera ráð fyrir að vélin yrði tilbúin til heimferðar á tveimur sólarhringum." **– kpt**

Vikubið eftir að geta tekið prófin að nýju

Þriðja árið í röð hrundi vefur Menntastofnunar þegar nemendur í níunda bekk þreyttu samræmt próf í íslensku. Forstjórinn segir að peninga skorti til að koma innviðum stofnunarinnar í stafrænan heim og til nútímans.

SKÓLAMÁL „Við erum búin að vinna mikið í þessu síðan kerfið hrundi 2018 og töldum okkur hafa komist fyrir þessi vandamál. Svo bregst þessi þjónusta okkur enn og aftur og menn eru í svolitlu sjokki yfir því," segir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, en þriðja árið í röð hrundi vefur stofnunarinnar þegar börn tóku samræmd próf í íslensku.

Samkvæmt fyrstu greiningu höfðu um 3.500 nemendur af um 4.200 lokið prófinu en ljóst er að hluti nemenda tók prófið við ófullnægjandi aðstæður. Samræmdum prófum í stærðfræði og ensku, sem áttu að fara fram í dag og á morgun, hefur því verið slegið á frest um eina viku. Skólarnir hafa því val um hvaða próf þeir leggja fyrir og hvenær á tímabilinu 15. til 26. mars en allir nemendur innan sama skóla verða að taka sama próf á sama degi.

Einfalda svarið sé að það vanti pening til að koma skólakerfinu í hinn stafræna heim sem veldur því að síðan hrynur á álagstíma. „Ég held að það verði að fara að horfa á fjárfestingu í innviðum í menntun. Það er mikið talað um að fjárfesta í steypu og brúm og vegakerfi en það þarf líka að huga að fjárfestingum í menntakerfinu," segir Arnór.

Hann segir að nám og kennsla séu að breytast mikið og hratt yfir í hinn stafræna heim og margt skemmtilegt og jákvætt sé í gangi í skólum landsins. „Við sjáum grunnskólum fyrir námsgögnum og þar erum við svolítið stopp því við höfum ekki þessa stafrænu innviði og gefum því út bækur."

Hann segir að það hafi ekki verið notaleg tilfinning að vera á skrifstofunni þegar fréttir fóru að ber-

Hluti nemenda átti í erfiðleikum með að tengjast rafrænu prófkerfi eða missti ítrekað samband við kerfið í prófinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> **Það er mikið talað um að fjárfesta í steypu og brúm og vegakerfi en það þarf líka að huga að fjárfestingum í menntakerfinu.**
>
> Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar

3.500

nemendum, samkvæmt fyrstu greiningu, af um 4.200, tókst að ljúka prófinu.

ast af því að vefurinn réði ekki við álagið. „Þetta var ekki mjög þægilegt fyrir okkur hér því við erum búin að vera að undirbúa og prófa álagið á kerfinu en svo kom þetta í bakið á okkur," segir Arnór.

benediktboas@frettabladid.is

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

TOYOTA PROACE CITY

Toyota Proace City er harðjaxl með góða dráttargetu (allt að 1,5 tonn) og mikið burðarþol (allt að 1 tonn). Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru ekki vandamál. Proace City er fáanlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum.
Proace City kemur með 7 ára (3+4) ábyrgð og honum fylgir 3 ára þjónusta. Skoðaðu nánar á toyota.is

Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ

3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Vélar Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aðeins fimm þúsund farþegar

FLUGSAMGÖNGUR Icelandair Group birti flutningatölur fyrir febrúarmánuð í Kauphöllinni í gær þar sem fram kom að heildarfjöldi farþega í millilandaflugi með vélum fyrirtækisins var um 5 þúsund í febrúarmánuði. Það er samdráttur upp á 98 prósent á milli ára eftir því sem fram kemur í tilkynningunni en framboð á sætum minnkaði um 95 prósent á milli ára.

Þar kemur fram að nánast eingöngu sé um að ræða farþegaflug til Íslands en farþegum sem nýttu sér tengiflug fyrirtækisins milli Evrópu og Norður-Ameríku fækkaði verulega. Fraktflutningar héldu sjó og voru sambærilegir og á sama tíma í fyrra. **– kpt**

Húsin í hættu fá skothelt gler

NÁTTÚRUVÁ Bæjarstjórn Ísafjarðar mun styrkja þau hús á Flateyri sem eru í mestri snjóflóðahættu í sumar. Er þetta hluti af aðgerðaáætlun sem ráðist var í vegna snjóflóðanna í janúar árið 2020.

Verður meðal annars komið fyrir skotheldu gleri fyrir gluggaop til að snjór komist ekki inn og styrktum hurðum, veggjum og lofti ef þarf. Alls er um átta hús að ræða, við Ólafstún, Goðatún og Hjallaveg. Lagt er til að valin verði þrjú hús til að byrja með og er heildarkostnaðurinn 25 milljónir króna.

Snjóflóðagrindum verður komið fyrir og land handan varnargarða mótað.

Snjóflóðavarnirnar sjálfar verða einnig bættar. Komið verður upp snjóflóðagrindum á Eyrarfjalli til þess að draga úr snjósöfnun. Sambærilegar grindur eru til dæmis til á Patreksfirði.

Þá verður land grafið upp og mótað handan núverandi varnargarða og jarðvegsrannsóknir framkvæmdar á hafnarsvæðinu. Í fyrra flæddi inn í höfnina og fjölmargir smábátar skemmdust eða gjöreyðilögðust. Kostnaðurinn við grindurnar er metinn 150 milljónir króna og landmótunina 150 til 180 milljónir. **– khg**

Jón Steinar skoðar réttarfarsúrbætur fyrir ráðherra

STJÓRNSÝSLA Dómsmálaráðherra hefur samið við Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmann og fyrrverandi dómara við Hæstarétt Íslands, um aðstoð við vinnu ráðuneytisins að styttingu málsmeðferðartíma í refsivörslukerfinu.

Í samningum, sem Fréttablaðið óskaði eftir frá ráðuneytinu, segir að verkefnið sé enn í mótun en um sé að ræða greiningu á málsmeðferðartíma allt frá því rannsókn lögreglu hefst og að upphafi afplánunar, auk viðbragða af ýmsu tagi sem miða að því að stytta þennan tíma.

Réttarfarsnefnd hefur ekki fengið erindi og er alveg ókunnugt um þetta.

Sigurður Tómas Magnússon, formaður réttarfarsnefndar

Réttarfarsnefnd, sem er ráðherra til ráðgjafar í málum sem varða réttarfar, hefur ekki fengið upplýsingar um þessa vinnu ráðuneytisins né hefur verið óskað eftir aðkomu nefndarinnar að málinu.

„Réttarfarsnefnd hefur ekki fengið erindi og er alveg ókunnugt um þetta," segir Sigurður Tómas Magnússon, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar. Hann segir það oft hafa gerst að öðrum en nefndinni sé falið að sinna ýmsum verkefnum á sviði réttarfars, þótt réttarfarsnefnd hafi yfirleitt einhvern tíma í ferlinu komið að því. „Við erum náttúrulega fyrst ráðgefandi gagnvart ráðherra, ýmist um þau frumvörp sem búið er að semja eða á eftir að semja," segir Sigurður.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um hefur töf á málsmeðferðartíma ítrekað valdið því að refsing er milduð í dæmdum málum. Landsréttur mildaði til dæmis refsingu í sjö nauðgunardómum á síðasta ári vegna tafa á málsmeðferðinni. **–aá**

Hrepparígur gæti flækt málin

Sameiningaráform og íbúakosning 5. júní hafa verið kynnt Austur-Húnvetningum. Boðuð lagasetning um íbúafjölda ýtti við sveitarstjórnum fjögurra sveitarfélaga. Fyrirvarar hafa verið mestir á Skagaströnd.

NORÐURLAND Sveitarstjórnir fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu hafa ákveðið að kosið verði um sameiningu þann 5. júní næstkomandi.

Sameiningin var kynnt á tveimur rafrænum íbúafundum síðastliðinn miðvikudag og laugardag. Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, segir yfirgnæfandi jákvæðni hafa ríkt á fundunum.

Auk þessara tveggja sveitarfélaga eru tvö minni í viðræðunum, Skagabyggð og Húnavatnshreppur. Valdimar segir að brátt verði fundað um framkvæmdina og hvað gerist ef sameining verður felld einhvers staðar. Það er hvort hin geti sameinast beint eða ferlið verði að hefjast upp á nýtt.

Árið 2005 var sameining Austur-Húnavatnssýslu felld með afgerandi hætti. Á Blönduósi var hún samþykkt með 86 prósentum atkvæða en felld í hinum þremur, á Skagaströnd með 92 prósentum. Valdimar telur að meiri jákvæðni sé fyrir sameiningu nú.

„Helsti ágreiningurinn er hinn gamalgróni hrepparígur. Kannski sérstaklega milli Skagastrandar og Blönduóss," segir Valdimar. „Það er líka alltaf ótti við að stjórn og þjónusta verði of miðlæg á einum stað."

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri Skagastrandar, segir ágreining hafa legið í staðsetningu stjórnsýslunnar og starfa. „Íbúar hafa áhyggjur af áskorunum tengdum skólamálum þar sem fyrirhugað er að sameina Húnavallaskóla og Blönduskóla," segir hún. „Eðlilega eru margir hræddir við óvissuna sem óhjákvæmilega fylgir miklum breytingum."

Sveitastjóri Blönduósbæjar segir yfirgnæfandi jákvæðni hafa ríkt á sameiningarfundunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öll fjögur sveitarfélögin eru undir 1.000 íbúa lágmarki nýs frumvarps Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Valdimar er ekki fullkomlega sannfærður um að sá hluti frumvarpsins rati þó inn í löggjöfina og Alexandra segir það beinlínis ólíklegt.

Enginn vill fara í lögþvingaða sameiningu frekar en lögþvingað hjónaband.

Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

„Við vildum þó láta reyna á þetta áður en lögin taka gildi. Enginn vill fara í lögþvingaða sameiningu frekar en lögþvingað hjónaband," segir Valdimar og hefur efasemdir um að þvinguð sameining yrði farsæl.

Samanlagður íbúafjöldi er aðeins 1.900 manns og hafa sveitarfélögin þegar mikið samstarf í gegnum byggðasamlög.

Samkvæmt Valdimari kom fram vilji til að binda hnútinn á þessa sífelldu umræðu. „Fólki finnst óþarfi að vera með fjögur sveitarfélög á þessu svæði," segir hann og bendir á að stórar sameiningar hafa orðið bæði til austurs og vesturs, það er í Skagafirði og Húnaþingi vestra.

„Það er fjárhagslegur hvati í Jöfnunarsjóði til sameiningar, fjármunir til skuldajöfnunar og enduruppbyggingar stjórnsýslunnar. Margir hefðu þó viljað sjá meiri hvata af hálfu hins opinbera, svo sem samgöngubætur eins og oft vill verða í sameiningum."

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÍSBAND ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA

UMBOÐSAÐILI

Jeep

RAM

FIAT

VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

FIAT HÚSBÍLAR - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



SMURÞJÓNUSTA

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

Nú er framtalið þitt opið til staðfestingar

Skilafrestur er til 12. mars

Skilafrestur

Þann 1. mars nk. opnar fyrir framtalsskil einstaklinga en skilafrestur er til 12. mars. Ekki er hægt að sækja um frekari frest. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Framtalið er aðgengilegt með forskráðum upplýsingum og því er skilað í gegnum þjónustuvef Skattsins ***skattur.is*** þar sem þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum eða veflykli.

Áríðandi er að fara yfir forskráðar upplýsingar og athuga hvort einhverjar upplýsingar vanti.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum eða veflykli Skattsins. Rafræn skilríki getur þú nálgast í þínum banka eða hjá Auðkenni. Veflykillinn er gefinn út af Skattinum og getur þú sótt hann á innskráningarsíðu þjónustuvefsins, ***skattur.is***.

Framtalsaðstoð

Þurfir þú frekari upplýsingar er hægt að nálgast þær á heimasíðu og þjónustusíðum Skattsins. Eins er hægt að hringja í síma 442-1414, mánudaga til föstudaga frá kl. 9:00 til 15:30, eða senda okkur tölvupóst á ***framtal@skatturinn.is***.

Í framtalsfresti verður hægt að panta símtal á vefsíðu okkar *skatturinn.is* og við hringjum í þig!

Skatturinn

framtal@skatturinn.is

442 1414

Ríkið þurfi að tryggja fórnarlömbum gjafsókn í kynferðismálum

JAFNRÉTTISMÁL Þrettán kvenna- og jafnréttissamtök funduðu í gær, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, til að vekja athygli á kerfisbundnu misrétti gegn konum í réttarkerfinu. Níu konur hafa kært íslenska ríkið fyrir að hafa brotið á rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar.

Konurnar kærðu allar nauðganir, heimilisofbeldi og/eða kynferðislega áreitni til lögreglu en málin voru felld niður. Íslenska kvennahreyfingin segir brotið kerfisbundið á rétti kvenna sem kæri kynbundið ofbeldi, til að mynda með því að mál fyrnist vegna þess hve langan tíma tekur að boða sakborning í skýrslutöku, rannsóknir lögreglu taki almennt of langan tíma og að sönnunargögn séu ekki tekin alvarlega.

Konurnar krefjast þess að brotaþolum, sem kæra kynferðisbrot eða ofbeldi í nánum samböndum, verði veitt aðild að sakamálinu, að meira fé sé veitt í rannsókn og saksókn og að dómurum, saksóknurum og lögreglu sé veitt fræðsla um ákvæði sem snúa að kynferðisbrotum og ofbeldi í nánum samböndum.

Frá fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá er gerð krafa um að brotaþolar hafi rétt á gjafsókn.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, segir að um 75–80% af sakamálum þar sem konur kæri ofbeldisbrot séu felld niður og fái aldrei áheyrn dómstóla. Þá hafi konur enga aðra leið en að fara í einkamál.

„Í einkamálum er sönnunarstaðan ekki eins þung og í sakamálum en þau eru hins vegar dýr og því alls ekki aðgengileg. Ef ríkið tryggir gjafsókn opnast þarna möguleiki á einhverju réttlæti fyrir brotaþola kynbundins ofbeldis þegar önnur kerfi bregðast," segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. **– bdj**

Forsætisráðherrann hringdi bjöllunni í Hörpu í gær. MYND/BIG

Hringdi bjöllu í Kauphöllinni

JAFNRÉTTISMÁL Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og ráðherra jafnréttismála, hringdi bjöllu Nasdaq-kauphallarinnar á Íslandi í Hörpu í gær í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Bjöllum rúmlega áttatíu kauphalla víða um heim var hringt í gær til að vekja máls á kynjahlutdrægni og ójafnrétti en einnig til að fagna vinnu og afrekum kvenna. Nasdaq-kauphöllin á Íslandi ásamt UN Women á Íslandi, Samtökum atvinnulífsins og Félagi kvenna í atvinnulífinu stóðu fyrir viðburðinum.

„Lengi hefur verið talað um mikilvægi jafnra tækifæra þegar kemur að aðgangi að störfum innan fyrirtækja sem og að ákvarðanatöku. Það er ekki bara réttlætismál heldur mjög efnahagslega og samfélagslega mikilvægt," segir Kristín Jóhannsdóttir, samskiptastjóri hjá Nasdaq á Íslandi. **– bdj**

Fjórtán hundruð mættu í skimun

COVID-19 Um 1.400 manns mættu í skimun við COVID-19 í gær. Búið var að boða hátt í 2.000 manns í skimun, þar af um 800 sem sóttu tónleika í Hörpu á föstudaginn þar sem tónleikagestur var smitaður.

Tilfellin sem greindust um helgina voru þau fyrstu utan sóttkvíar í rúman mánuð. Afbrigði veirunnar reyndist vera það sem fannst fyrst í Bretlandi. **– mhj**

Vilja friðlýsa í Grafarvogi og í Skerjafirði og Blikastaðakró

Borgarráð vill að umhverfisráðherra friðlýsi þrjú strandsvæði í borginni. Þau eru í Grafarvogi, innan við Geldinganes og í Skerjafirði. Ekki sé hægt að friðlýsa alla strandlengju Geldinganess vegna áforma um Sundabraut. Landfylling í Skerjafirði vegna nýrrar byggðar hindri að friðlýsa megi hluta fjörunnar þar.

UMHVERFISMÁL „Friðlýsingarhjólin eiga líka að fá að snúast í borginni," segir í bókun meirihlutaflokkanna í borgarráði sem hyggst vinna að friðlýsingu á þremur strandsvæðum; í Blikastaðakró, Grafarvogi og þangfjörusvæði í Skerjafirði.

Kolbrún Baldursdóttir, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði, bókaði að friðlýsingin væri tímabær. „Allt of mikið er gengið á grænu svæði borgarinnar, náttúru fórnað fyrir steypu. Gengið er á náttúrulegar fjörur á nokkrum stöðum í borginni með landfyllingum til að þétta byggð enn meira," segir í bókun hennar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði; Eyþór Arnalds, Hildur Sverrisdóttir og Valgerður Sigurðardóttir, kváðust „styðja friðlýsingaráform í Skerjafirði og Grafarvogi svo fremi sem þau raski ekki áformum um uppbyggingu Sundabrúar", eins og segir í bókun þeirra.

Tillagan er frá umhverfis- og heilbrigðisráði borgarinnar. Í henni felst að hefja eigi viðræður við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um málið.

„Um eru að ræða þrjú mikilvæg strandsvæði í Reykjavík sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár," segir í greinargerð meö tillögunni.

Í Grafarvogi á að friðlýsa grunnsævi, leirur og fjörur til að vernda mikilvægar fjöruvistgerðir og búsvæði fugla.

„Grafarvogur er eitt af fáum óspilltum leirusvæðum innan borgarmarkanna og er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfuglategunda, til dæmis rauðbrystings, sanderlu, lóuþræls, heiðlóu, jaðrakans og fleiri," segir í greinargerðinni. Friðlýsa eigi Grafarvog innan Gullinbrúar.

Fjölmargar fuglategundir, selir og sjávarhryggleysingjar eiga athvarf í Blikastaðakró. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Landfyllingin er nú í umhverfismati, mikilvægt er að sjá hver niðurstaða úr því verður, áður en endanleg tillaga að friðlýstu svæði er ákveðin.**
>
> Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Blikastaðakró er innan við eiðið út í Geldinganes. Þar er lagt til að grunnsævi, leirur, fjörur, árós, sker og eyjar verði friðlýst til að vernda mikilvæg búsvæði fugla, sela og sjávarhryggleysingja.

„Fjörusvæðin frá Geldinganesi austur fyrir Blikastaðakró einkennast af fjölbreyttum vistgerðum – leirum, þangfjörum, kræklingaáreyrum og sandfjörum sem eru lífauðugar og laða að fjölbreytt fuglalíf. Stórir hópar fugla dvelja þar allan ársins hring og svæðið er sérstaklega mikilvægur viðkomustaður farfugla."

Tekið er fram að ekki sé hægt að friðlýsa alla strandlengju Geldinganess vegna áforma um Sundabraut.

Þá á að friðlýsa þangfjörur og grunnsævi í Skerjafirði frá bæjarmörkum að Seltjarnarnesi austur að Skildinganesi. Þannig á að vernda fjöruvistgerðir, einkum lífmiklar þangfjörur, þar með talið klóþangsfjörur sem hafa hátt verndargildi.

Varðandi Skerjafjörð segir í greinargerðinni að á kaflanum milli þess svæðis og svæðis innar í Fossvogi sem þegar sé friðlýst sé gert ráð fyrir landfyllingu vegna nýrrar byggðar. Það fari ekki saman með friðlýsingu.

„Landfyllingin er nú í umhverfismati, mikilvægt er að sjá hver niðurstaða úr því verður, áður en endanleg tillaga að friðlýstu svæði er ákveðin." **gar@frettabladid.is**

FASTEIGNASALAN TORG

Kraftur, **traust** og árangur

Hringdu núna
520 9595

Berglind Hólm
Sími: 694 4000

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

LAYLA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

WWW.REKKJAN.IS

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Trump lét af störfum í byrjun árs.

Lokamálsókn Trumps hafnað

BANDARÍKIN Hæstiréttur Bandaríkjanna neitaði að taka fyrir síðustu ákæru fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, Donalds Trump, í gær sem þýðir að málaferlum hans vegna kosningasvika er lokið, tæpum tveimur mánuðum eftir að Joe Biden tók við embætti.

Alls reyndu fyrrverandi forsetinn og lögfræðiteymi hans að ógilda kosninganiðurstöður í rúmlega sextíu málsóknum án árangurs.

Trump tapaði kosningunum í Wisconsin með 20.000 atkvæðum.

Eftir að Trump tapaði í forsetakosningunum á síðasta ári fór hann mikinn þar sem hann sakaði demókrata og Joe Biden um að hafa stolið kosningunum frá sér. Trump kærði úrslitin í lykilríkjunum en mörg af málunum voru felld niður vegna skorts á sönnunargögnum. **– kpt**

Engin vettlingatök lengur innan bresku hirðarinnar

Harry Bretaprins segir að kynþáttafordómar hafi átt stóran þátt í því að hann og eiginkona hans Meghan Markle fluttu frá Bretlandi. Hjónin eiga von á stúlku í sumar. Þau fóru um víðan völl í tveggja tíma löngu viðtali við Opruh Winfrey. Markle opnaði sig um vanlíðan sem hún upplifði við hirðina.

ENGLAND Meghan Markle þurfti að þola einelti, kynþáttafordóma og íhugaði að stytta sér aldur eftir vistina innan bresku konungsfjölskyldunnar. Megan og Harry Bretaprins opnuðu sig í tveggja tíma viðtali við Opruh Winfrey þar sem þetta kom meðal annars fram. Viðtalið var sýnt á Sjónvarpi Símans í gærkvöldi.

Um fátt er rætt annað en viðtalið enda héldu hjónakornin hvergi aftur af sér og svöruðu spurningum Winfrey meðal annars um ástæðu þess að þau stigu til hliðar, sem þau gerðu í janúar í fyrra.

Að sögn Meghan gerði konungsfjölskyldan ekki nóg til að vernda þau og segir hún að ástandið hafi versnað verulega eftir að þau giftust í maí 2018. Þá sagði hún að konungsfjölskyldan væri tilbúin til að ljúga til þess að vernda aðra fjölskyldumeðlimi í þeirra stað.

Meghan, sem á nú von á sínu öðru barni með Harry, ræddi einnig um þá ákvörðun að Archie fengi ekki titilinn prins því hún hefði óttast að hann fengi ekki vernd. Þá sagði hún að innan fjölskyldunnar hefði verið rætt hver hörundslitur hins ófædda Archies yrði og ákveðnir fjölskyldumeðlimir hefðu komið því á framfæri við Harry.

Harry og Meghan í stólnum hjá Opruh Winfrey. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Oprah sagði í gær í viðtali á NBC að það hefðu ekki verið drottningin eða Filippus, svo mikið vissi hún.

Skilja mátti Meghan sem svo að áhyggjur hefðu verið af því innan hirðarinnar að Archie yrði of dökkur á hörund og sagði hún botninum hafa verið náð á þeim tímapunkti.

Í viðtalinu greindi Meghan frá því að daglegt líf hefði reynst henni gríðarlega erfitt innan konungsfjölskyldunnar og sagðist hafa upplifað mikinn einmanaleika þar sem töluverðar hömlur voru settar á nánast allt sem hún gerði. Þá sagðist hún stundum ekki hafa viljað lifa lengur vegna þessa.

Aðspurð hvort hún hefði íhugað sjálfsvíg sagði hún svo vera. Hún vísaði til myndar sem var tekin af henni og Harry á viðburði í Royal Albert Hall meðan hún gekk með Archie.

Rétt áður en við þurftum að fara, þá hafði ég rætt um þetta við Harry um morguninn.

Meghan Markle

„Rétt áður en við þurftum að fara, þá hafði ég rætt um þetta við Harry um morguninn," sagði hún með tárin í augunum. Hún vísaði þar til sjálfsvígshugleiðinga sinna. Hún sagðist hafa farið með Harry á viðburðinn því henni fannst hún ekki geta verið ein en á myndinni sést Harry halda fast í höndina á konu sinni.

Harry bætti svo við að kynþáttafordómar hefðu hrakið þau frá Englandi og að drottningin hefði verið of upptekin til að hitta hann þegar myndbrot fóru að birtast í gærkvöldi. Um er að ræða myndbrot sem voru ekki í viðtalinu en fóru að birtast eftir að það var sýnt í Bandaríkjunum.

fanndis@frettabladid.is, benediktboas@frettabladid.is

Fundarboð Kviku banka hf.

til hluthafafundar 30. mars 2021

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál.

1. Tillaga stjórnar um samruna Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins vegna samrunans, þ.e. um hækkun hlutafjár.
3. Umræður og önnur mál löglega borin fram.

Tillaga stjórnar um samruna og breytingar á samþykktum

Þann 28. september 2020 hófust formlegar samrunaviðræður Kviku banka hf. og TM hf. um samruna félaganna. Áformað var að Lykill fjármögnun hf. myndi sameinast félögunum á síðari stigum en eftir nánari skoðun var ákveðið að framkvæma þríhliða samruna félaganna þriggja. Stjórnir Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. undirrituðu samrunasamning 25. nóvember 2020 þar sem samkomulag var um að samrunaáætlun og önnur samrunagögn yrðu undirrituð að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Samrunaáætlun var undirrituð af stjórnum félaganna 23. febrúar 2021. Þann sama dag voru undirritaðar greinargerðir stjórna félaganna, skýrslur sérfróðra matsmanna og samrunaefnahagsreikningur félaganna. Samkvæmt samrunaáætlun verða félögin sameinuð m.v. 1. janúar 2021 og munu hluthafar TM hf. fá 2.509.934.076 nýútgefna hluti í Kviku banka hf. sem endurgjald fyrir hluti sína í TM hf. Hinir nýútgefnu hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í Kviku banka hf. frá afhendingardegi. Leggur stjórn því fram tillögu um að hlutafé verði hækkað um 2.509.934.076 kr. að nafnvirði og verða hinir nýútgefnu hlutir afhentir hluthöfum TM hf. í skiptum fyrir eignarhlut þeirra í TM hf. og Lykli fjármögnun hf.

Fyrirhugaður samruni var tilkynntur til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins í desember 2020. Samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir með ákvörðun dags. 26. febrúar 2021. Þann sama dag veitti Fjármálaeftirlitið Kviku banka hf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í TM tryggingum hf., TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf. Beðið er eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir samrunanum en gert er ráð fyrir að samþykki, með fyrirvara um að samrunaferlinu verði lokið í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, muni liggja fyrir fyrir hluthafafundinn.

Aðrar upplýsingar

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins á íslensku og ensku utan þess að ársreikningar félagsins eru eingöngu aðgengilegir á ensku. Fundargögn eru aðgengileg á vefslóðinni https://www.kvika.is/fjarfestaupplysingar/hluthafafundir/ og skrifstofu félagsins að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum, án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað, í gegnum Lumi AGM. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefslóð Lumi AGM. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á Hilton Reykjavík Nordica eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður snjallforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Samrunaáætlun og önnur samrunagögn, þ.m.t. greinargerðir stjórna, skýrslur sérfróðra matsmanna og samrunaefnahagsreikningur, voru birt á heimasíðu félagsins 24. febrúar sl. Þá hafa ársreikningar félaganna þriggja sl. þrjú rekstrarár verið aðgengilegir á heimasíðum félaganna frá 18. febrúar sl.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann sendir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á heimilisfang félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum skulu senda beiðni um slíkt eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir boðaðan hluthafafund, eða í síðasta lagi kl. 16:00 laugardaginn 20. mars 2021. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar.

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar fyrir hluthafafund með því að senda erindi á framangreint netfang eða bera þær upp á fundinum sjálfum.

Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Umboð má leggja fram á fundinum eða senda á framangreint netfang fyrir fundinn.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni www.smartagm.com eigi síðar en kl. 16.00 þann 29. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af gildum skilríkjum og umboð, ef við á.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Ákvörðun um samruna fer eftir 93. gr. laga nr. 2/1995.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, dagskrá, tillögur stjórnar til hluthafafundar, ásamt umboðsformum eru nú aðgengileg á vefsíðu félagsins. Önnur gögn vegna hluthafafundarins verða gerð aðgengileg eigi síðar en þriðjudaginn 23. mars n.k. á vefsíðu félagsins. Sé misræmi milli fundar gagna á íslensku og ensku, gildir íslenska útgáfan.

Stjórn Kviku banka hf.

Hluthafafundur Kviku banka hf., kt. 540502-2930, verður haldinn þriðjudaginn 30. mars 2021 kl. 16:00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

vodafone.is/fjolskyldupakkinn

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Níu konur

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í gær, 8. mars, var alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Dagurinn hefur verið tileinkaður kvenréttindum víða um heim frá árinu 1911 og nú, 110 árum síðar, er enn fullt tilefni til að draga fram í dagsljósið hin ýmsu baráttumál sem sérstaklega snúa að öðru kyninu.

Íslenska kvennahreyfingin nýtti daginn til að segja frá margfaldri málsókn á hendur íslenska ríkinu. Níu íslenskar konur á aldrinum 17 til 44 ára hafa kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu. Konurnar níu eiga það sameiginlegt að hafa kært nauðganir, heimilisofbeldi eða kynferðislega áreitni en öll málin verið felld niður eftir rannsókn lögreglu.

Með aðstoð Stígamóta og lögmannsstofunnar Réttar freista konurnar nú þess að fá Mannréttindadómstólinn til að fjalla um mál þeirra og þrýsta þannig á um breytingar á meðferð slíkra mála sem komast sjaldnast alla leið inn í dómsal hér á landi.

Við ítarlega yfirferð Sigrúnar Ingibjargar Gísladóttur lögmanns, sem hefur unnið að öllum kærunum til Mannréttindadómstólsins, komu í ljós ýmsar brotalamir við rannsókn og meðferð málanna innan réttarvörslukerfisins sem varða meðal annars rannsókn lögreglu, mat á sönnunargögnum og túlkun á vilja löggjafans.

Það virðist ekki vera tilfallandi vandi að sjaldnar sé ákært í þessum málaflokki en öðrum en við undirbúning málsóknarinnar skoðuðu lögmenn fjölmörg mál í leit að rauðum þráðum. Samkvæmt Sigrúnu var gegnumgangandi vandi hversu langan tíma rannsókn tók, mál jafnvel fyrndust meðan á rannsókn stóð. Algengt var að skýrslur væru teknar seint, sem skapar hættu á að vitni og sakborningar geti undirbúið sig, auk þess sem það virtist oft vega þungt að sakborningur neitaði sök í máli.

Ríkið hefur hér brugðist konum og breytingar eru löngu orðnar tímabærar. Það er staðreynd að lítill hluti kvenna sem verða fyrir ofbeldi kæra og enn færri fá mál sitt flutt fyrir dómstólum, en sem dæmi rata aðeins 17 prósent nauðgunarkæra alla leið inn í dómsal. Löng og löng málsmeðferð er ekki til að hvetja konur til að leita réttar síns í þessum viðkvæmu málum.

Frumvarp um bætta réttarstöðu brotaþola er á dagskrá Alþingis í mánuðinum og er erfitt að ímynda sér annað en að það verði samþykkt. Það er skref í rétta átt en íslenska kvennahreyfingin setti fram fleiri kröfur á fundi sínum í gær er varða málsmeðferð í ofbeldismálum sem koma upp í nánu sambandi.

Að dætur jafnréttisparadísarinnar Íslands þurfi að leita út fyrir landsteinana að réttlátri málsmeðferð og vernd gegn ofbeldi er ekki aðeins sorglegt heldur eiginlega bara ótrúlegt.

Breytum þessu!

Að dætur jafnréttisparadísarinnar Íslands þurfi að leita út fyrir landsteinana að réttlátri málsmeðferð og vernd gegn ofbeldi er ekki aðeins sorglegt heldur eiginlega bara ótrúlegt.

Halldór

Frá degi til dags

Hámarks umhyggja

Svarta kómedían I Care a Lot er með því allra besta sem er í boði í reykvískum kvikmyndahúsum þessi kvöldin en þar segir frá kaldlyndri athafnakonu sem sérhæfir sig í því að koma sjálfræðissviptum eldri borgurum á elliheimili til þess að féfletta þá síðan þar til ekkert er eftir. Spurning hvort Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna, sé nýbúinn að skreppa í bíó en í Víglínu Stöðvar 2 sagði hann ríkið ekki geta staðið endalaust undir rekstri hjúkrunarheimila og taka eigi upp kerfi sem þekkist víða, til dæmis hjá hinum Norðurlandaþjóðunum, og geri ráð fyrir meiri greiðsluþátttöku sjúklinga en hér á landi.

Hámarksgreiðsla

Gísli Páll hafnaði því í þættinum að hann væri að tala fyrir tvöföldu heilbrigðiskerfi. Allir myndu borga. Eignafólk gæti hins vegar endað með að greiða jafnvel einhverja milljónatugi. „Auðvitað yrðu krakkarnir brjálaðir. Þess vegna þorir enginn stjórnmálamaður á Íslandi að nefna þetta," sagði hann um ástæður þess að enginn stjórnmálamaður þyrði að hreyfa við málinu. Gírug aðalpersóna I Care a Lot fékk að kenna á hversu erfingjar geta verið erfiðir viðureignar þannig að myndin gæti reynst víti til varnaðar á ýmsum sviðum.

Nám barna við einstaka náttúru

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar í Reykjavík

Skólahúsnæðið sem þarna getur risið verður áfram í nálægð við einstaka náttúru en skerðir hana ekki.

Hjallastefnunni var á síðasta borgarráðsfundi veitt vilyrði fyrir lóð til að byggja upp skóla við Perluna í Öskjuhlíðinni. Hjalli hefur rekið Barnaskólann í Reykjavík og leikskólann Öskju við Hlíðarfót frá árinu 2009 við mikla ánægju foreldra.

Skólar Hjalla hafa verið á tímabundinni lóð. Því var brýnt að finna skólunum nýja, varanlega lóð og eyða þannig óvissu foreldra, barna og starfsmanna. Vilyrðið er háð því að á lóðinni megi einungis rísa húsnæði til skólareksturs. Við erum líka meðvituð um að Öskjuhlíðin er mikilvægt útivistarsvæði fyrir okkur öll. Sú lóð sem hér um ræðir er við bílastæði Perlunnar og því vel tengd gatnagerð. Skólahúsnæðið sem þarna getur risið verður áfram í nálægð við einstaka náttúru en skerðir hana ekki.

Viðreisn hefur ætíð talað fyrir mikilvægi þess að foreldrar hafi frelsi til að velja það sem er best fyrir börnin sín. Börn hafa ólíka styrkleika og ólíkar þarfir, sem einungis er hægt að mæta með því að bjóða upp á fjölbreytta skóla. Þannig tryggjum við bestu menntunina og þjónustuna fyrir alla. Í Reykjavík eru í dag starfandi 6 sjálfstæðir grunnskólar og 17 sjálfstæðir leikskólar sem foreldrar hafa val um að skrá börnin sín í. Að auki hafa foreldrar val um að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni.

Á þessu kjörtímabili hefur meirihlutinn í Reykjavík samið við sjálfstæða skóla um aukið framlag vegna frístundastarfs, um pláss fyrir reykvísk börn í nýjum sjálfstæðum skóla fyrir börn með sérþarfir og um pláss fyrir fleiri börn á leikskólum. Á sama tíma höfum við samþykkt metnaðarfulla menntastefnu fyrir alla skóla í Reykjavík, fjölgað leikskólum Reykjavíkur og samþykkt áætlun um að efla íslenskukennslu barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Menntun allra barna í Reykjavík, sama hvaða skóla foreldrar kjósa, á að veita börnum tækifæri til að þroska sína hæfileika og öðlast hæfni til að móta sér farsælt líf.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ljótur leikur lögreglunnar

Steinbergur Finnbogason
lögmaður

Flest viljum við trúa því að íslenska réttarríkið fari ekki í manngreinarálit. Við tökum öll undir einkunnarorð lögreglunnar, „Með lögum skal land byggja“ og við erum líka sammála um það að hver maður sé saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Við eigum öll rétt á sanngjarnri málsmeðferð og sakborningar mega velja sér lögmenn til þess að halda uppi eins góðum málsvörnum og frekast er unnt. Um þetta er almenn sátt í samfélaginu. Lögreglan leitar samt stundum afbrigða og beitir jafnvel brögðum til þess að leiða mál til lykta á grundvelli sannfæringar sinnar um sekt fremur en hlutlægri niðurstöðu dómara.

Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að ég er – a.m.k. á meðan þessi orð eru skrifuð – skipaður verjandi sem löggan vill losna við. Ég hef um nokkurra vikna skeið í því verkefni notið skilyrðislauss trúnaðar skjólstæðings míns. Til skamms tíma sat hann í gæsluvarðhaldi og er nú í farbanni vegna gruns um tengsl við alvarlegt sakamál sem mjög hefur verið í fréttum síðustu vikurnar. Í rannsókn á mögulegum tengslum hans við sjálfan glæpinn hefur lögreglan gripið til sjaldgæfra örþrifaráða – að losa sig við lögmanninn. Hefur hún farið fram á það að ég verði kallaður til skýrslutöku sem vitni. Skv. lögum er mér um leið óheimilt að gegna störfum mínum sem verjandi í sama máli.

Þetta er ljótur leikur í stöðunni. Látum vera, þótt sorglegt sé, að þetta er í annað sinn sem þessum hælkróki er beitt á mig – síðast m.a. með fyrirvaralausu gæsluvarðhaldi, húsleitum og fleira sem lögreglan hefur ekki enn bitið úr nálinni með. Alvarlegra er hvernig lögreglan vegur að réttindum og andlegri líðan hins grunaða. Þar er sparkað illa í liggjandi mann. Hann valdi sér lögmann sem hann treysti, hann trúði honum fyrir öllum atriðum sem honum voru kunnug, hann hagaði vitnisburði sínum og svörum að viðhöfðu samráði við lögmann sinn og náði með honum ákveðnum áfangasigrum í vörn sinni gagnvart sakargiftum. Ekki er nóg með að lögreglan ætli að neyða hann til að skipta um lögmann í miðjum klíðum heldur á að leiða trúnaðarmanninn, lögmann hans, í vitnastúkuna þar sem reynt verður að rekja úr honum garnirnar. Væntanlega mun þessi leikur lögreglunnar auka sakborningnum enn frekar áhyggjur og eru þær þó nægar fyrir.

Lögmaður hefur ríkar – og í raun heilagar – trúnaðarskyldur gagnvart skjólstæðingum sínum. Ég endaði að ósekju í gæsluvarðhaldi vegna þess að ég neitaði að svara spurningum sem skaðað hefðu skjólstæðing minn. Ég mun gera það aftur núna. Haldi lögreglan þessum leik sínum til streitu mun ég leita allra leiða til þess að standa á bæði mínum rétti og skjólstæðings míns. Í fyrsta lagi til þess að verja hann áfram og í öðru lagi til þess að geta, með milligöngu dómstóla ef á þarf að halda, vikið mér undan spurningum sem skaðað gætu málsvörn hans.

Í rannsókn á mögulegum tengslum hans við sjálfan glæpinn – hefur lögreglan gripið til sjaldgæfra örþrifaráða að losa sig við lögmanninn.

Vonandi mun svo Lögmannafélag Íslands taka þessa makalausu atburðarás til skoðunar. Það er eitthvað mikið að ef lögreglan getur ítrekað leikið þann leik að breyta verjanda í vitni til þess annars vegar að losna við hann úr málinu og hins vegar að pumpa upp úr honum upplýsingar sem hann kann að búa yfir vegna trúnaðarsambands við skjólstæðing sinn.

Athugasemd vegna fréttaflutnings RÚV

Ragnar Halldór Hall
lögmaður

Gestur Jónsson
lögmaður

Í fréttatímum á rásum RÚV í útvarpi og sjónvarpi hinn 4. þessa mánaðar var ítrekað sagt að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi vísað frá málum fimm einstaklinga gegn íslenska ríkinu. Hafi þetta gerst í kjölfar sátta í málum viðkomandi einstaklinga þar sem íslenska ríkið féllst á að brotið hefði verið gegn rétti kærenda við meðferð mála þeirra fyrir íslenskum dómstólum. Þessi frásögn er ekki rétt.

Hið rétta er að málunum var ekki vísað frá dómi heldur staðfesti Mannréttindadómstóllinn 4. mars með formlegri ákvörðun (decision) í hverju tilviki sáttirnar sem gerðar hafa verið séu efnislega í samræmi við fyrri dómafordæmi Mannréttindadómstólsins og efni Mannréttindasáttmálans. Af þeirri ástæðu væri meðferð málanna fyrir Mannréttindadómstólnun felld niður og þau tekin af málaskrá dómstólsins.

Viðleitni undirritaðra til að fá fréttastofu RÚV til að leiðrétta þetta bar ekki árangur.

TM hf.
Hluthafafundur 30. mars

Hluthafafundur TM hf. verður haldinn þriðjudaginn 30. mars 2021 kl. 16:00, á Hilton Reykjavík Nordica, 2. hæð, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá

1 Tillaga stjórnar um samruna Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.
2 Umræður og önnur mál löglega borin fram

Tillaga stjórnar um samruna

Þann 28. september 2020 hófust formlegar samrunaviðræður Kviku banka hf. og TM hf. en fljótlega þar eftir var ákveðið að Lykill fjármögnun hf. myndi einnig sameinast félögunum. Stjórnir félaganna telja raunhæft að með samrunanum megi ná fram 1.200-1.500 m.kr. árlegri kostnaðarsamlegð, án viðskipta- og einskiptiskostnaðar.

Stjórnir félaganna undirrituðu samrunasamning 25. nóvember 2020 um að samrunaáætlun og önnur samrunagögn yrðu undirrituð að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Samrunaáætlun, greinargerðir stjórna félaganna, skýrslur sérfróðra matsmanna og samrunaefnahagsreikningur félaganna voru undirrituð 23. febrúar 2021.

Fyrirhugaður samruni var tilkynntur til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins í desember 2020. Samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir með ákvörðun dags. 26. febrúar 2021. Þann sama dag veitti Fjármálaeftirlitið Kviku banka hf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í TM tryggingum hf., TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf. Beðið er eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir samrunanum en gert er ráð fyrir að slíkt samþykki muni liggja fyrir, með fyrirvara um að samrunaferlinu verði lokið í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, fyrir hluthafafundinn.

Samkvæmt samrunaáætlun verða félögin sameinuð m.v. 1. janúar 2021 og munu hluthafar TM hf. fá 2.509.934.076 nýútgefna hluti í Kviku banka hf. sem endurgjald fyrir hluti sína í TM hf. Hinir nýútgefnu hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í Kviku banka hf. frá afhendingardegi.

Leggur stjórn því fram tillögu um samruna félagsins við Kviku banka hf. og Lykil fjármögnun hf.

Aðrar upplýsingar

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins á vefslóðinni **tm.is/fjarfestar** og skrifstofu félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík.

Samrunaáætlun og önnur samrunagögn, þ.m.t. greinargerðir stjórna, skýrslur sérfróðra matsmanna og samrunaefnahagsreikningar, voru birt á heimasíðu félagsins 24. febrúar sl. Þá hafa ársreikningar félaganna þriggja sl. þrjú rekstrarár verið aðgengilegir á heimasíðum félaganna frá 18. febrúar sl. Framangreindar upplýsingar er að finna á vefslóðinni **tm.is/fjarfestar/samruni**

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið **stjorn@tm.is** í síðasta lagi 20. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð eða á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef félagsins – **tm.is/fjarfestar**. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið **stjorn@tm.is** áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 9:00 til 16:00) til og með mánudeginum 29. mars 2021, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Ákvörðun um samruna fer eftir 93. gr. laga nr. 2/1995. Hluthöfum er bent á að kjósi þeir gegn tillögu um samruna geta þeir krafist innlausnar hluta sinna skv. 131. gr. áðurnefndra laga.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, dagskrá, tillögur stjórnar til hluthafafundar, ásamt umboðsformum eru nú aðgengileg á vefsíðu félagsins. Önnur gögn vegna hluthafafundarins verða gerð aðgengileg eigi síðar en þriðjudaginn 23. mars nk. á vefsíðu félagsins.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst.

Stjórn TM hf.

TM

Aftur frestað hjá Íslandi

HANDBOLTI EHF tilkynnti HSÍ síðdegis í gær að ákveðið hefði verið að fresta leik Íslands gegn Ísrael í undankeppni EM 2022 en leikurinn átti að fara fram í Tel Avív á fimmtudag. Miklar hömlur er á flugsamgöngum til Ísraels og hefur skrifstofa HSÍ ítrekað lent í því að flug íslenska hópsins til Ísraels hafi verið fellt niður. Ekki hefur verið ákveðið hvenær leikurinn fer fram en fyrri leik liðanna var einnig frestað. **– hó**

KÆLITÆKNIFÉLAG ÍSLANDS
KTI
www.kti.is

Aðalfundur Kælitæknifélags Íslands

Stjórn **Kælitæknifélags Íslands** boðar til aðalfundar
þriðjudaginn 23. mars 2021.

Fundurinn verður haldinn að **Stórhöfða 27, Reykjavík** (Rafmennt) og verður einnig streymt á netinu.
Fundurinn hefst kl. **20:00** og verða streymt á netinu. Hlekkur á streymið verður einnig sent á þá félagsmenn sem hafa þekkt netföng.

Þeir sem ætla að nýta sér streymi á fundinn, og hafa ekki móttekið hlekk, er bent á að senda póst á netfang félagsins **ktifelagid@gmail.com**

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt lögum Kælitæknifélags Íslands

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Önnur mál
- Fræðsluerindi

Stjórn Kælitæknifélags Íslands

BRU II VENTURE CAPITAL FUND, S.C.A., SICAR
(in voluntary liquidation)
An Investment Company in Risk Capital incorporated as a
Société en Commandite par Actions
Registered Office: 1, Côte d'Eich, L-1450 Luxembourg
Grand Duchy of Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 116 282
(the "Fund")

NOTICE TO SHAREHOLDERS: GENERAL MEETING

Dear Shareholder,

You are kindly requested to attend the shareholders' meeting of the Fund (the "**General Meeting**") which will be held at the premises of the Liquidator of the Fund at 20, boulevard de Kockelscheuer, L-1821 Luxembourg, on April 15, 2021 at 10.00 a.m.

Due to the current exceptional public health situation in Luxembourg and neighbouring countries and the associated travel restrictions within Europe, the General Meeting will be exceptionally held without physical presence, in accordance with the measures adopted by the Luxembourg government and pursuant to subsequent amendment of the Luxembourg law of June 20, 2020, September 23, 2020 and November 25, 2020 in light of the COVID-19 crisis, **by virtue of written voting forms**.

The abridged agenda of the General Meeting is the following:

AGENDA

1. Acknowledge the unaudited interim Liquidator's report;
2. Acknowledge the reasons having prevented the closure of the liquidation within the first, second, third and fourth year;
3. Give discharge to the Liquidator;
4. Resolution of shareholders having undrawn capital commitments to participate in a capital call;
5. Resolution of shareholders to participate in a cost financing loan agreement with limited recourse;
6. Resolutions of the shareholders favourable to resolution 5 to sign the cost financing loan agreement;
7. Acknowledge the conditions to file for bankruptcy according to Luxembourg law;
8. Acknowledge the Liquidator's legal responsibilities.

The complete agenda is indicated in (i) the Interim Report of the Liquidator dated 1 March 2021 and (ii) the Convening Notice including the voting form. The aforementioned documents have been sent to the shareholders by registered mail.

Resolutions on the Agenda will require no quorum and will be taken by a simple majority of votes validly cast at the General Meeting.

To exercise the voting rights in the General Meeting by means of a vote in writing, the shareholders must register with the Liquidator of the Fund (contact details hereafter), by returning the duly completed voting form, as well as an identification document of the voting form's signatory and proof of signatory power, no later than **8 April 2021**. The Liquidator kindly asks the shareholders to send the documents beforehand by email with the originals followed by post to the contact details specified hereafter.

Shareholders who for whatsoever reason did not receive their copy of the Interim Report of the Liquidator and their convening notice including the voting form are hereby invited to contact the Liquidator.

Any communication or request regardless of the matter needs to be communicated solely to the Liquidator of the Fund, at Deloitte Tax & Consulting S.à r.l., 20, Boulevard de Kockelscheuer, L-1821 Luxembourg or by email to lubruiiventure@deloitte.lu.

Best regards,

For BRU II Venture Capital Fund S.C.A., SICAR (in voluntary liquidation)
The Liquidator
Deloitte Tax & Consulting

FH-ingurinn Patrekur Andrés Axelsson bætti tíma sinn í 60 og 100 metra hlaupi um síðustu helgi. MYND/AÐSEND

Þægilegt að finna aftur taktinn í bætingunum

Patrekur Andrés Axelsson hefur tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið fyrir ári síðan og heldur áfram að bæta tíma sinn þegar hann fer á hlaupabrautina. Patrekur Andrés bætti persónulega tíma sína í tveimur greinum um helgina.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Íslandsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum innanhúss fór fram um síðustu helgi í Kaplakrika. Þar náði spretthlauparinn Patrekur Andrés Axelsson að bæta persónulegt met sitt í tveimur greinum.

Patrekur Andrés hljóp 60 metra á 7,94 sekúndum og 200 metra á 26,23 sekúndum. Í 60 metra hlaupinu hljóp aðstoðarmaðurinn á undan Patreki Andrési í mark og því fékkst sá tími ekki staðfestur og hlaupið var dæmt ógilt af þeim sökum.

„Það er mjög þægileg tilfinning að finna að ég sé á svipuðum stað og fyrir ári síðan og sé að bæta mig áfram þrátt fyrir að hafa misst heilt ár úr í þátttöku á mótum vegna COVID. Svo var gott að fyrsta keppnishlaupið með nýjum aðstoðarmanni, sem ég byrjaði að vinna með í janúar, í upphafi þessa árs, hafi gengið vel," segir Patrekur Andrés um hlaupin.

„Sömuleiðis er það gott að við höfum gert þessi mistök í 60 metra hlaupinu á þessum tímapunkti en ekki á einhverju stórmóti. Ég hljóp svo 200 metra hlaupið einn, þar sem aðstoðarmaðurinn meiddist á nára, þannig að það er rúm fyrir enn meiri bætingu þar.

Það er mikilvægara að fá aðstoð í 200 metra hlaupinu og svo sýnir þetta þörfina á því að hafa tvo aðstoðarmenn til taks eins og ég er kominn með núna. Ef annar þeirra forfallast getur hinn hlaupið í skarðið," segir hann enn fremur um stöðu mála.

> **Næst á dagskrá er Íslandsmótið utanhúss þar sem stefnan er að koma mér á lista fyrir komandi Ólympíuleika.**
>
> Patrekur Andrés Axelsson

Vonbrigði að missa út heilt ár á þessum tímapunkti á ferlinum

„Fyrir einu ári síðan var ég á góðum stað, var að bæta mig jafnt og þétt og setti stefnuna á Ólympíuleikana í Tókýó. Af þeim sökum voru það vissulega mikil vonbrigði að missa heilt ár út, sérstaklega þar sem ég er á þeim aldri að ég ætti að vera að ná hápunkti á spretthlaupsferlinum sem hófst árið 2014.

Nú er ég hins vegar að finna taktinn aftur og þessir tímar sýna mér það að ég á góða möguleika að komast til Tókýó í sumar. Svo er bara að vona að veiran hrifsi það ekki frá okkur aftur," segir þessi 26 ára gamli hlaupari.

Um áramótin ákvað Patrekur Andrés að söðla um frá Ármanni, sem hann hafði keppt fyrir allan sinn hlaupaferil, og skipta yfir í FH. Breiðhyltingurinn segir að aðstöðumál hafi skipt mestu þegar hann tók þá ákvörðun.

Flúði aðstöðuleysið í Reykjavík

„Mér leið mjög vel hjá Ármanni og þar var ég að bæta mig sem spretthlaupari. Eins og margoft hefur verið bent á hins vegar þá er aðstaðan fyrir frjálsar íþróttir óboðleg í Reykjavík og ég ákvað þess vegna að fara yfir í FH þar sem aðstaðan er mun betri. Þar eru aðrar áherslur hvað æfingar varðar og ég er til að mynda að lyfta minna og meira einblínt á hraða í æfingaplaninu.

Lyftingaæfingarnar eru færri en markmiðið er gæði frekar en magn. Þó svo að vigtin sé sú sama þá líður mér eins og ég sé léttari og það er að skila sér á hlaupabrautinni. Ég er svo sjálfur að ná betri tökum á fótavinnunni, tek kraftmeiri skref og sjálfsöryggið í hlaupunum er meira og meira með hverju hlaupinu sem ég hleyp.

Næst á dagskrá er Íslandsmótið utanhúss þar sem stefnan er að koma mér inn á lista fyrir komandi Ólympíuleika. Vonandi næ ég bara lágmarkinu þar en ég hef svo tíma fram í júní eða júlí til þess að tryggja mér farseðilinn til Tókýó.

Ég er vongóður um að það takist og ef ég held áfram að hlaupa eins og ég hef verið að gera ætti það að takast," segir Patrekur um ástæðu vistaskiptanna og framhaldið hjá sér. **hjorvaro@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 9. mars 2021

Öðruvísi sirkus

Sirkus Norðurskautsins er yfirskrift nýrrar sýningar sem opnuð hefur verið í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Á sýningunni eru verk eftir frændurna og ljósmyndarana Haakon og Gudmund Sand, sem fylgdu sirkuslistafólki í Sirkus Íslands eftir við líf og störf í rúmt ár.

Þeim var tekið opnum örmum af þessum samheldna og hæfileikaríka hópi sem hefur fjölbreyttan bakgrunn í sirkus- og sviðslistum. Haakon og Gudmund beittu aðferðafræði heimildaljósmyndunar til að fanga kjarna sirkuslífs á Íslandi og úr varð myndaserían Sirkus Norðurskautsins. Í gegnum tíðina hefur hinn hefðbundni sirkus haft orð á sér fyrir að vera vettvangur „öðruvísi“ og „framandi“ listforms.

Frændurnir Gudmund og Haakon Sand stofnuðu framleiðslufyrirtækið Sandbox í Osló, Noregi, árið 2016. Þeir vinna að persónulegum verkefnum á sviði kvikmynda og ljósmyndunar og hafa verk þeirra hlotið lof og verðlaun á kvikmyndahátíðum víða um heim.

Nánari upplýsingar um þá frændur má finna á sandbox.one.

Sýningin stendur til 30. maí 2021.

elin@frettabladid.is

Halldór og Lilian hafa búið víða í Evrópu undanfarin þrjú ár og bjargað flækingshundum. MYNDIR/AÐSENDAR

Bjarga hundum sem veiðimenn rækta og henda síðan á götuna

Halldór Heiðar Kristínarson og konan hans, Lilian Pine da De Ávila, seldu fyrirtækið sitt á Íslandi fyrir þremur árum og fluttu til Evrópu þar sem þau hafa unnið í hundaathvörfum. 2



Halldór segir miserfitt að finna heimili fyrir hundana en sumir líti á flækingshunda sem rottur.



Starfið getur verið átakanlegt en margir hundanna hafa upplifað mikið harðræði.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Undanfarið ár hafa þau Halldór og Lilian verið á Spáni þar sem þau vinna sjálfboðavinnu í stóru hundaathvarfi. Halldór segir að hugmyndin um að flytja út hafi kviknað þegar þau hjónin ráku ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi og kynntust í gegnum vinnu sína fólki alls staðar að úr heiminum.

„Í gegnum það og líka í gegnum ferðalög okkar um heiminn varð okkur það ljóst hversu mikil forréttindi við höfðum á Íslandi. Okkur langaði að nýta þessi forréttindi og flytja út og hjálpa til. Sérstaklega þar sem dýr upplifa mikið harðræði," segir Halldór.

„Við leituðum á netinu og fundum hundaathvörf og eignuðumst mikið af góðum vinum, í Búlgaríu, Rúmeníu og Grikklandi. Við höfum verið í útjaðri Evrópu því þar er meira vandamál. Við finnum svo oftar en ekki heimili fyrir þá í öðrum löndum."

Í hundaathvörfunum eru oft hvolpar sem fæðast á götunni en Halldór segir að það sé mismunandi eftir löndum hvernig hundarnir rata í athvörfin.

„Hér á Spáni eru tvær tegundir af hundum sem eru mikið notaðar til að veiða. Veiðimenn rækta miklu meira af þeim en þeir þurfa og henda svo meirihluta hundanna. Sérstaklega í lok veiðitímabilsins. En þeir henda líka hundum sem þeir telja að séu ekki nógu góðir í að veiða. Þessir hundar lenda þá á götunni og enda svo í athvarfi hjá okkur," segir Halldór.

„Stundum er hundunum bara hent út á götu en oft eru þeir hengdir upp í tré til að drepa þá. Sumir skjóta hundana, sumir eitra fyrir þeim. Þetta er alls konar. Þegar hundarnir koma í athvarfið er þeim stundum hent yfir girðinguna hjá okkur, en sumir koma með hunda í athvarfið sem þeir segjast ekki geta hugsað um. Svo fáum við stundum símtal um að einhver hundur sé í hættu eða við það að deyja úr vannæringu. Við höfum stundum farið út að bjarga hundum á nóttunni."

Líta á flækingshunda sem rottur

Halldór segir að það sé mjög erfitt að upplifa þessa meðferð á dýrunum en engu að síður sé magnað að hitta fólkið sem leggur sig allt fram við að bjarga þeim.

Á Spáni er mörgum hundum hent á götuna og þaðan enda þeir í athvarfi og þeim er fundið heimili.

„Þetta eru hetjur sem eru alltaf í skítnum að díla við þetta. Að díla við veiðimennina, að díla við stjórnvöld og díla við fólk sem lítur á flækingshunda sem rottur eða einhvers konar pest. Við höfum kynnst ótrúlegu fólki sem er alltaf að berjast fyrir réttindum þeirra sem hafa ekki neina rödd. Það er mjög hvetjandi og drífur okkur áfram. En auðvitað er þetta líka þreytandi. Allir sem vinna í þessu eru í sjálfboðavinnu. Stjórnvöld hjálpa aldrei til við neitt svona." segir hann.

„Á þessu ferðalagi okkar, sem og í gegnum vinnu okkar í hinum ýmsu dýraathvörfum um Evrópu, höfum við séð að það eru nánast eingöngu konur sem eru að sinna þessum störfum og allt í sjálfboðavinnu. Við höfum kynnst mörgum konum sem vinna alla daga, sinna heimili og fjölskyldu, og nýta svo allar frjálsar stundir til að hjálpa dýrum og reka hundaathvörf. Þessar konur eru mínar hetjur og hvatning."

Athvarfið þar sem Halldór og Lilian vinna er nokkuð stórt. Þau eru hluti af tuttugu til þrjátíu manna teymi sjálfboðaliða.

„Það fara alltaf tveir til þrír á morgnana og tveir til þrír seinnipartinn til þess að gefa hundunum að borða, þrífa allt og hugsa um þá. Í athvarfinu í Grikklandi var búið að safna nógu miklum peningum til að hægt var að hafa tvo til þrjá starfsmenn á lágmarkslaunum. Þá var alltaf einhver á staðnum. Það var mjög stórt athvarf þar sem voru í kringum 100 hundar. Hjá okkur eru um 30 hundar í athvarfinu og 50 á tímabundnum fósturheimilum. Við finnum stundum fósturheimili í nágrenninu fyrir hundana þar til við finnum varanlegt heimili," útskýrir Halldór.

Margir hafa upplifað harðræði

Hann segir það ganga misvel að finna varanlegt heimili fyrir hundana. Sumir þeirra eru mjög hræddir, hafa kannski upplifað harðræði og ofbeldi og treysta ekki mannfólki. Fyrir þá hunda getur verið erfitt að finna heimili.

„Við vinnum með sjálfseignarstofnunum og samtökum um alla Evrópu, þannig að oftar en ekki gengur vel að finna heimili, til dæmis í Þýskalandi, Belgíu, Hollandi eða Danmörku, fyrir þá hunda sem eru tilbúnir að fara á nýtt heimili. Það er erfiðara að finna heimili hér á Spáni eða í Grikklandi þar sem vandamálin eru meiri. Hér þarf að reyna að upplýsa fólk betur, byrja á unga fólkinu og kenna börnum að hugsa vel um dýrin," segir Halldór.

„Við vinnum með fólki sem hefur lært hundaþjálfun. Þeir hundar sem við teljum okkur trú um að þurfi á meiri hjálp að halda, þeir fara til hundaþjálfara, stundum í mánuð, stundum í tvo. Hundaþjálfarinn vinnur með þeim. Hann reynir að hjálpa þeim þannig að það verði líklegra að hundinum líði ágætlega á nýju heimili."

Halldór segir að þau Lilian séu ekki á leið heim á næstunni, þau vilja halda áfram að hjálpa hundum.

„Við förum kannski til Mexíkó að vinna í athvörfum þar næst. Það er svona hugmynd. Konan mín er þaðan og við höfum búið þar og þekkjum þar til. Það er mikil neyð þar hvað þetta varðar. Kannski förum við þangað, við munum alla vega halda áfram í þessu eins lengi og við getum."

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fermingar

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 9. mars 2021

Jarðlitir og rómantík með frönskum blæ

Mæðgurnar Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir og Hulda Sigurlaug Þorsteinsdóttir hafa síðustu vikur verið að undirbúa fermingardag Huldu en hún var löngu búin að ákveða hvernig dagurinn ætti að verða. 2

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Mæðgurnar Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir og Hulda Sigurlaug fermingarbarn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Borðið og skreytingarnar í kring setja glæsilegan svip á umhverfið. Veitingar verða síðan á öðru borði.

Fallegar servíettur fyrir gestina.

Sælgætismolar með nafni fermingarbarnsins er skemmtilegt skraut.

Hulda Sigurlaug er með ákveðið þema sem flæðir gegnum allt. „Undirbúningurinn er búinn að ganga mjög vel, ég var strax vel skipulögð, skrifaði allt niður í samráði við Huldu Sigurlaugu og við mæðgurnar fórum saman í þankahríð þegar við púsluðum deginum saman. Í framhaldinu fór ég síðan í undirbúninginn og framkvæmdina, því það er að mörgu að hyggja, gera og græja. Við byrjuðum frekar seint út af allri þessari óvissu með COVID-19 og tilslakanir, en þegar ljóst var að við gætum haldið smá veislu fórum við á fullt.“ Mæðgurnar eru mjög samrýndar og samstarfið eftir því. „Undirbúningurinn er búinn að ganga glimrandi vel og tíminn okkar saman er búinn að vera yndislegur, við erum svo samstiga í öllu. Þetta er búinn að vera góður tími sem við báðar eigum eftir að eiga minningar um. Við vorum sammála um allt, dóttirin svo glöð og sátt við allt.“

Rómantískt og franskt þema

Þema veislunnar er í anda fermingarstúlkunnar sem vildi náttúrulega jarðliti og sleppa öllum skærum og sterkum litum. „Þema veislunnar er smá í bland hjá okkur, við vildum hafa náttúrulega liti og grænar plöntur í forgrunni. Það má segja að þetta sé smá retró, bóhó þema þar sem rómantíkin með frönskum blæ svífur yfir. Svo fengum við svo fallegar skreytingar frá Partýbúðinni og poppuðum þetta aðeins upp með „rose gold“ blöðrulengju, blöðrum og skrauti á veisluborðið.“

Meira að segja gosflöskurnar eru merktar nafni fermingarbarnsins.

Fallegt skraut á fermingarborði frá því fermingarstúlkan var barn.

Sérstakur kassi til notkunar ef fólk gefur kort og peningaupphæð.

Þurrkuð blóm og strá koma sterkt inn á móti grænu blómunum í skreytingunum. Ljósir sand- og beige-litir spila aðalhlutverkið í skreytingunum og Ingibjörg gerði allar skreytingarnar sjálf í samráði við dótturina. Hún sækir innblástur sinn mikið út í náttúruna og umhverfið.

Persónulegir hlutir úr bernsku

Ingibjörg lét prenta slatta af myndum af dótturinni á ýmsum aldri hjá Prentgram sem hún hefur sett í lítið albúm fyrir veislugesti að njóta. „Við verðum með sérskreytt borð þar sem gestabók og kortakassi, ásamt skreytingum frá Huldu Sigurlaugu þegar hún var lítil, munu vera í forgrunni. Þar verða til að mynda fyrstu jólaskórnir hennar sem eru pínupons og krúttlegir.“

Fermingarkjóllinn er fallegur hvítur blúndukjóll

Leitin að draumafermingarkjólnum gekk vel. „Hulda Sigurlaug var svolítið óákveðin með fermingarfatnaðinn, en svo skelltum við okkur í Gallerí 17 í Smáralind og þar kolféll hún fyrir fallegum hvítum blúndukjól sem er virkilega fallegur á henni og klæðir hana vel.“ Blúndukjóllinn passar vel í þemað og er sveipaður franskri rómantík.

Smáréttahlaðborð og sætir bitar

Mæðgurnar ákváðu að bjóða upp á blandað smáréttahlaðborð þar sem fjölbreytnin ræður ríkjum og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Má þar nefna kjúklingaspjót með satay-sósu, litlar kjötbollur með sósu, beikonvafðar döðlur, tortillastykki með fyllingu og tortillasósu, tapassnittur og venjulegar snittur, svo fátt sé nefnt. Síðan verður boðið upp á glæsilegt eftirréttahlaðborð þar sem franskar makkarónur og skrautlegir litlir kleinuhringir munu gleðja augu og munn. Það verður síðan toppað með stórglæsilegri fermingartertu.

„Fermingartertuna ætlum við að panta frá Sætum syndum og við treystum á frumlegheit þeirra í bakstrinum. Margt af veitingunum munum við sjálfar gera en eitthvað verður pantað frá veisluþjónustu.“ Einnig verður boðið upp á hina dýrlegu Hersey-kossa sem merktir eru fermingarstúlkunni og kókflöskurnar verða prýddar nafni hennar líka.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Við stækkum fermingar-gjöfina þína

Við leggjum til allt að **12.000** króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja inn á Framtíðargrunn og í verðbréfasjóð. Það borgar sig að spara til framtíðar. Velkomin í Landsbankann.

Vonast eftir vorveislu

Hildur Eva Einarsdóttir átti upphaflega að fermast í mars í fyrra en fermingunni var frestað fram í ágúst. Hún vonast til að halda fermingarveislu í vor en búið er að fresta veislunni nokkrum sinnum vegna sóttvarnalaga.

sigriduringa@frettabladid.is

Undanfarin misseri hefur Hildur Eva haft í nógu að snúast. Hún lék aðalhlutverkið í stuttmyndinni Adela, sem fjallar um stelpu sem verður fyrir einelti og hvernig það breytir líðan hennar að eignast hund. Í fyrravetur stóð fermingarundirbúningurinn sem hæst þegar Hildur Eva fékk þær fréttir að fermingunni yrði frestað um nokkrar vikur vegna kórónaveirufaraldursins. „Ég átti að fermast þann 29. mars 2020 en mánuði fyrr greindist fyrsta kórónuveirusmitið hérlendis, sem setti strik í reikninginn. Vegna samkomubanns var fermingunni frestað fram í ágúst. Ég varð dálítið svekkt því ég hlakkaði mjög mikið til þess að fermast," segir Hildur Eva, sem var þá þegar byrjuð að undirbúa fermingarveisluna sína.

„Ég ætlaði t.d. að föndra og búa til alls konar skraut. Það var búið að kaupa fullt af servíettum og ég hafði búið til fimmtíu servíettudúllur. Svo ætlaði ég að skera út stafina í nafninu mínu, mála þá í fallegum lit og hengja upp á vegg en sem betur fer var ég ekki komin langt með það verkefni," segir Hildur Eva, sem er að læra á þverflautu og stundar nám í ballett við Listdansskóla Íslands.

Hildur Eva segist vera þakklát fyrir að hafa fermst í ágúst en veislunni var frestað. MYND/ KRISTJÁN MAACK

> Þegar ég verð orðin gömul kona get ég sagt börnunum mínum og barnabörnum frá því hvernig það var að lifa á þessum tímum og sagt þeim hvaða áhrif það hafði á fermingguna mína.

Hildur Eva segir að hún sé vissulega orðin þreytt á því að fresta fermingarveislunni hvað eftir annað en hún er bjartsýn á að geta haldið veislu í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Passaði í fermingarkjólinn

„Ég var búin að fá fermingarkjólinn en sem betur fer stækkaði ég ekki mikið á þessum tíma þannig að ég passaði í hann þegar ég var fermd þann 30. ágúst. Fermingardagurinn var mjög góður. Ég byrjaði daginn á að fara í hárgreiðslu, síðan fór ég í Háteigskirkju og fermdist. Eftir það fórum við fjölskyldan og fengum okkur að borða og síðan héldum við í myndatöku. Eftir þetta allt saman fór ég heim og við byrjuðum strax að undirbúa matarboð. Ég bauð afa og ömmu og guðmæðrum mínum og eiginmönnum þeirra í mat. Við vorum tíu talsins og áttum saman mjög góða stund," segir Hildur Eva og brosir.

Ætlunin var að bjóða ættingjum og vinum til veislu í október en þá var sett á tuttugu manna samkomubann. Því var ákveðið að fresta veislunni fram í nóvember en það gekk ekki heldur upp. Næst stóð til að slá upp veislu í desember en ekkert varð úr því. Hildur Eva vonaðist til að geta haldið veislu í janúar eða febrúar en það gekk ekki heldur. Núna stendur til að halda fermingarveislu með vorinu. „Ég er auðvitað orðin þreytt á þessu en samt er ég þakklát fyrir að hafa fengið þennan fermingardag í ágúst. Hann var skemmtilegur þótt hann hafi verið öðruvísi en ég átti von á. Ég horfi á björtu hliðarnar og núna vonast ég til að geta haft vorveislu í maí. Veislan verður haldin í sal í Gufunesi og þar er klifurturn og útileiksvæði svo krakkarnir geta vonandi leikið sér úti," segir Hildur Eva bjartsýn.

Hún segir að vissulega sé sérstakt að upplifa heimsfaraldur. „Þegar ég verð orðin gömul kona get ég sagt börnunum mínum og barnabörnum frá því hvernig það var að lifa á þessum tímum og hvaða áhrif það hafði á fermingguna mína," segir Hildur Eva.

© Inter IKEA Systems B.V. 2021

Gjöf sem hljómar vel

SYMFONISK borðlampinn er samstarfsverkefni IKEA og Sonos og því tengist hann auðveldlega öðrum Sonos-vörum. SYMFONISK fyllir rýmið af sterkum og góðum hljómi og er því tilvalin gjöf fyrir tónlistarunnendur! Skoðaðu fleiri gjafahugmyndir og sæktu þér innblástur fyrir táningaherbergið í nýjasta bæklingnum okkar – skannaðu QR-merkið eða kíktu á IKEA.is

Skannaðu

SYMFONISK borðlampi með WiFi-hátalara

34.950,-

Verslun opin 11-20 alla daga - IKEA.is

Subway kallar fram Sub-Veiiii í fermingarveislunni

Subway er uppáhaldsbiti margra fermingarbarna og slær sannarlega í gegn hjá veislugestum á öllum aldri. Nú er hægt að gera fermingarveisluna enn hagstæðari með nýtilkomnum afsláttarkóða fyrir ferminguna.

„Subway slær alltaf í gegn hjá fermingarbörnum og er líklega einn uppáhaldsbiti þeirra flestra. Veisluhaldarar sem og veislugestir verða svo sannarlega ekki sviknir af glæsilegum og girnilegum Subway-veisluplöttum í fermingarveislunni og ég hef ekki enn hitt þá manneskju sem elskar ekki kökurnar okkar," segir Jónatan Jónatansson, markaðsstjóri Subway.

Hann segir veisluplattana „Kjötveislu" og „Heilsuplatta" vera vinsælustu plattana í fermingarveislurnar og að sjálfsögðu sé Subway með ómótstæðilega kökuplatta og platta sem er sérvalinn fyrir grænkera.

„Subway skalar sig fullkomlega eftir þörfum veislunnar og gestanna. Veitingarnar eru frábærar í jafnt litlar veislur heima sem og stórar veislur í sal og oft eru plattarnir einmitt hafðir svolítið fjölbreyttir þannig að allir gestir finni bát eða köku við sitt hæfi. Við erum jú eins mismunandi og við erum mörg!" segir Jónatan kátur.

Veislukostur sem slær í gegn

Það er öllum ljóst að hægt er að halda heila fermingarveislu með dýrindis veitingum frá Subway.

„Já, það er nefnilega málið!" segir Jónatan. „Veislukosturinn getur verið eins fjölbreyttur og fólk vill, og ef til þess kæmi gæti Subway veitt bæði ljúffengan mat í formi veisluplatta og kökuplatta, sem eru mun sætari. Þetta samtvinnað myndi klárlega slá í gegn sem veislumatur í heild sinni."

Eðlilega ætti að leyfa fermingarbörnunum að setja sinn brag á veisluborðið.

„Að sjálfsögðu! Ef barnið sjálft hefur skoðun á því hvernig það vill hátta veislunni er ekkert sjálfsagðara en að leyfa því að hafa sinn brag á. Það væri ekkert einsdæmi því oft eru veislurnar skreyttar með aðaláhugamáli barnsins og af hverju ættu veitingarnar ekki einnig að vera að einhverju eða öllu leyti eftir smekk barnsins?" segir Jónatan og telur fermingarveislur vera að breytast hvað þetta varðar.

„Fermingarbarnið hefur orðið meiri áhuga á að setja sinn brag á veisluna og ekki bara láta mömmu og pabba sjá um allt. Oft getur verið mikill hausverkur að útvega allar réttu veitingarnar og sjá fyrir öllu, en vegna þess er líka þægilegt að bjóða upp á eitthvað sem allir þekkja og hafa smakkað."

Jónatan Jónatansson er markaðsstjóri Subway. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Afsláttarkóði fyrir fermingar

Það léttir svo sannarlega undirbúning fyrir fermingardaginn að panta Subway-veisluplatta í veisluna, ferskt, nýsmurt og nýbakað.

„Undirbúningurinn er gerður léttari svo um munar og hægt að panta veislubakkana á vefnum með góðum fyrirvara og svo sjáum við um rest. Við bökum brauðin samdægurs að sjálfsögðu og skilum þeim frá okkur brakandi ferskum á veislustað, sé þess óskað," segir Jónatan, fullviss um að Subway kóróni veisluhöldin svo um munar á fermingardaginn.

„Heyrist kannski Vei! hjá veislugestunum þegar þeir sjá Subway-veisluborðið? Því gæti ég vel trúað, að minnsta kosti Sub-Veiiii!," segir Jónatan hress. „Það skemmtilega við Subway er að það er matur sem allir þekkja og fellur í kramið hjá flestum og því ættu gestir að brosa og fá vatn í munninn þegar þeim verður litið yfir Subway-hlaðið veisluborð," segir Jónatan.

Þegar öllu er á botninn hvolft sé Subway með hentuga, ferska, bragðgóða og ekki síst ódýra veisluplattaþjónustu.

„Við stillum verðið okkar alltaf þannig að það sé mjög sanngjarnt og það á vel við um veisluplattana okkar. Því til viðbótar höfum við ákveðið að veita fermingarviðskiptavinum okkar 10 prósent afsláttarkóða sem hægt er að nota á netinu og gerir veisluna enn ódýrari. Afsláttarkóðinn er SUBWAYFERMING2021 og er sleginn inn í pöntunarferlinu!"

Allar nánari upplýsingar um veisluplatta Subway er finna á subway.is og á netfanginu subway@subway.is.

Sóma Veislubakkar

★FERSKAR HUGMYNDIR★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

KJÚKLINGAVÆNGIR

31 bitar
fyrir 5 manns

Spicy hunangs-kjúklingavængir

KJÚKLINGA-BORGARAR

15 bitar
fyrir 5 manns

15 Mini kjúklingaborgarar með tacosósu, spínati & sultuðum rauðlauk

KJÚKLINGA-TVENNA

40 bitar
fyrir 5 manns

Mini kjúklingaborgarar með tacosósu, spínati & sultuðum rauðlauk

Spicy hunangs-kjúklingavængir

GAMLI GÓÐI

20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur, súrar gúrkur.

Rækjusalat.

EÐALBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Silkiskorin skinka, egg, ostur, íssalat, sinnepssósa.

LÚXUSBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

Reyktur lax, íssalat, lauksósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

PÍTUBAKKI

24 bitar
fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.

Reykt skinka.

Eggja- og íssalat.

PARTÝBAKKI

20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauðlaukur, spínat.

Reyktur lax, klettasalat, spínat, lauksósa.

VEISLUBAKKI

30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

ÁVAXTABAKKI

40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Ananas, melónur, vínber.

DESERTBAKKI

50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

KÖKUBAKKI

24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.

Gulrótarkaka með rjómaostakremi.

Eplakaka með kanilkeim.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15 síðasta virka dag fyrir afhendingu.

somi.is / 565 6000

Súpa sem allir falla fyrir

Elín Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is



Meðal hráefna í súpuna er engifer, límóna og chilli.

Margrét, sem er lærður matreiðslumaður, hefur nýtt barneignarorlof til að stunda laganám. Hún telur að fögin muni bæði nýtast í framtíðinni. Hér hefur hún eldað súpuna góðu en hún notar kjúkling í hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét Bjarnadóttir matreiðslumaður hefur mikið dálæti á asískum mat. Hún hefur heimsótt Taíland og Víetnam til að kynnast matarhefðum. Hér gefur hún uppskrift að sannkallaðri veislusúpu fyrir fermingarnar.

Margrét segist alla tíð hafa haft mikla ástríðu fyrir matargerð. Hún var aðeins sextán ára þegar hún byrjaði að vinna í eldhúsi. Hún var hjá Happ í sjö ár en meðan á náminu stóð starfaði hún hjá Geira Smart og Vox Hilton. Margrét, sem er dóttir Bjarna Benediktssonar og Margrétar Þóru Baldvinsdóttur, segir að hún hafi erft matarástríðuna beint í kvenlegg en móðir hennar er þekktur matgæðingur.

Margrét á ellefu mánaða gamlan son og er í barneignarfríi frá eldhúsinu. Hún hefur þó látið hendur standa fram úr ermum og er að klára aðra önn í lögfræði. „Mig langar í framtíðinni að nýta mér þekkinguna og starfa við bæði þess fög enda tel ég þau alveg geta farið saman," segir hún. „Það var eiginlega kærastinn sem átti hugmyndina af því að ég færi í lögfræði. Honum fannst mjög góð hugmynd að ég skellti mér í frekara nám og eftir að ég kynnti mér lögfræðina var ég bara sammála. En maður þarf að skipuleggja sig vel svo þetta takist allt," segir hún. „Ég vonast þó til að fara aftur að vinna í eldhúsi í sumar þegar sá litli kemst í leikskóla."

Þegar hún er spurð um súpuuppskriftina sem hún gefur lesendum, segist hún alltaf hafa verið hrifin af asískum mat og þessi súpa sé í miklu uppáhaldi. „Þetta er taílensk súpa sem rífur aðeins í. Ég hef eldað hana í meira en tíu ár, oft boðið upp á hana í matarboðum og alltaf slegið í gegn," segir hún. „Hún er bragðmikil og ég nota kjúkling í hana og hrísgrjónanúðlur. Ég hef líka prófað að setja rækjur og fisk með góðum árangri. Systir mín, sem er níu ára, biður mig oft um þessa súpu en til að deyfa hana set ég auka skammt af kókósrjóma í hennar súpu. Ég myndi segja að hún henti vel í fermingarveislu, sérstaklega ef þemað er tengt Asíu. Súpan er mjög saðsöm og óþarfi að hafa brauð með. Frekar myndi ég hafa góðan desert með mangó eða pavlóvur, jafnvel marensrúllu."

Þegar Margrét fermdist var smáréttaveisla, eins konar tapasstemning, útskýrir hún. „Það var kokkur sem útbjó snittur og smárétti sem var mjög fínt. Ég á ekki von á að fara í fermingu á þessu ári. Önnur systir mín fermdist fyrir tveimur árum og hin er enn svo ung.

Hér er súpan hennar Margrétar. Uppskriftin er miðuð við fjóra en hægt að stækka hana eftir þörfum.

Taílenska súpan hennar Margrétar lítur girnilega út og er bragðmikil.

Taílensk kjúklinga- og núðlusúpa

- 3 kjúklingabringur, skornar í grófa bita
- Vermicelli núðlur
- 1/2 rauð paprika, skorin í grófa bita
- 1/2 græn paprika, skorin í grófa bita
- Handfylli af sykurbaunum
- Handfylli af brokkólí, skorið í bita
- 1/2 laukur, skorinn í grófa bita
- 1/2 rauður chilli, saxa
- 10 cm engifer, rifið í rifjárni
- 2 fernur kókosrjómi (bestur í fjólubláu fernunum frá Santa Maria)
- 1 dós kókosmjólk
- 2 msk. fiskisósa
- 1 tsk. rautt karrí paste
- 1-2 msk. penang karrí paste
- 1 tsk. sambal oelek
- 2 lárviðarlauf
- 1 kjúklingakraftsteningur
- 1/2 lime kóríander

1. Byrjið á því að skera niður grænmetið og kjúklinginn.
2. Setjið í pott kókosmjólk, kókosrjóma, kjúklingakraft, lárviðarlauf, chilli og engifer. Hitið á meðalháum hita.
3. Bætið næst við fiskisósu, penang karrímauki og rauðu karrímauki
4. Á meðan súpan mallar steikið þá kjúkling á pönnu með olíu og saltið. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn bætið honum þá út í súpuna
5. Þegar kjúklingurinn er kominn út í súpuna skal steikja paprikurnar og lauk á pönnu í um það bil 1 mínútu, bætið þá brokkólíinu og sykurbaununum við og steikið í 2 mínútur til viðbótar.
6. Bætið grænmetinu út í súpuna og kreistið 1/2 lime yfir og látið malla á meðan þið undirbúið núðlurnar.
7. Hitið vatn í potti og setjið vermicelli núðlurnar í pottinn í 2 mínútur þegar vatnið hefur náð suðu.
8. Sigtið vatnið frá og skammtið núðlum í skálar.
9. Að lokum, hellið súpunni yfir núðlurnar og setjið kóríander eftir smekk.

LÍFRÆNAR
SNYRTIVÖRUR
FYRIR
FERMINGARDAGINN
Í Lyfju fást lífrænar snyrtivörur án aukaefna,
sem henta fullkomlega fyrir fermingardaginn.
TAX FREE AFSLÁTTUR (19,35%)
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM TIL 18. APRÍL
Kynningar á vörumerkjunum Benecos,
Alessandro og Mádara verða í Lyfju Smáratorgi:
• Föstudaginn 12. mars kl. 14-17
• Miðvikudaginn 17. mars kl. 14-17
• Miðvikudaginn 24. mars kl. 14-17
LYFJA

MAVIC AIR 2

Mavic Air 2 er ótrúlega meðfærilegur en um leið afkastamikill dróni fullur af möguleikum

- 48 MP myndataka
- 60 ramma á sek upptaka í 4K, 240 ramma á sek í 1080p
- HDR upptaka
- Umhverfissskynjun
- Fullkomnir eltieiginleikar
- allt að 34 mínútna flugtími

Verð 139.990*

Flymore combo verð 169.990*

*Taska, 2x aukarafhlöður, hleðslustöð, ND filterar, auka spaðasett

TELLO BOOST COMBO

Tello er mjög smár en fullkominn dróni fyrir ungt fólk sem langar að læra að fljúga dróna
Hægt er að forrita Tello í Scratch-umhverfinu.
Hentar fyrir flug innandyra.

Tilboð 21.990
Verð áður 24.990

DJI RSC 2

Fagleg myndataka er ekkert mál með DJI RSC 2. Þessi smáa hristivörn fyrir DSLR- og spegillausar myndavélar er samanbrjótanlegur og styrkir kvikmyndatökufólk og efnisframleiðendur af öllum stærðum og gerðum.

1,2 kg þyngd / 3 kg farmur
1“ OLED-skjár
Hraðhleðslurafhlöður, hámarksending 14 klst.
Fljótlegt að skipta í lóðrétta tökustillingu
Titan hristivarnarreiknirit
Samanbrjótanlegt

Tilboð 69.990
verð áður 89.990

PRO COMBO Tilboð 104.990
verð áður 114.990

OSMO ACTION

Með tveimur skjám og RockSteady hristivörn gerir Osmo Action þér kleift að taka hvað sem er upp.
2 skjáir
- 4K HDR upptaka
- Rockstady hristivörn
- Hægt að spila 8x hægar
- Raddstýring
- Vatnsheld niður á 11m dýpi

Tilboð 42.990

DJI MINI 2

DJI Mini 2 er byrjendavænn, öflugur og lítill dróni. Hann er afkastamikill, með ótrúleg myndgæði og auðveldar þér að búa til efni. DJI Mini 2 gerir þér kleift að festa augnablikin sem gera líf þitt að þínu eigin á filmu.

- **Flugtími: allt að 31 mínúta.**
- **Panorama og 360° myndataka**
- **4K hágæða videoupptaka, 12 MP ljosmyndir í RAW og JPEG**
- **Drægni: allt að 6 km**
- **Þyngd: Aðeins 249gr Vindþol allt að 10 m/sek.**
  Quickshots Intelligent Modes

DJI Mini 77.990

DJI Mini 2 Flymore combo 99.990*

*2 aukabatterí, taska, hleðsludokka, auka spaðasett.

VIÐURKENNDUR SÖLUAÐILI
DJI Reykjavik er viðurkenndur sölu- og dreifingaraðili DJI vara á Íslandi.
Við bjóðum DJI vörur á svipuðu verði og erlendis.

UM DJI
DJI er stærsti drónaframleiðandi heimsins í dag með um 70% markaðshlutdeild.
DJI er þekkt fyrir gæði og góða þjónustu.

KÍKTU VIÐ
Við þekkjum DJI vörur eins og handarbökin á okkur. Kíktu í heimsókn til okkar ef þig vantar aðstoð eða ráðgjöf.

Birt með fyrirvara um villur

MAVIC 2 PRO

Mavic 2 Pro notast við Hasselblad-myndavélartækni til að tryggja hámarks myndgæði.

- Hasselblad-myndavél
- 1” CMOS myndflaga
- Stillanlegt ljósop
- 10-bita Dlog-M 4K videoupptaka
- 10-bita HDR 4K videoupptaka
- Hyperlapse
- Flugtími 31 mín

HASSELBLAD

Tiboð 224.990
Verð áður 239.990

Með Smart Controller 304.990
Verð áður 319.990

Gjafir sem gefa hugmyndafluginu lausan taum!

DJI FPV COMBO

Fljúgðu gegn um skýin með hraða, krafti og fullkominni stjórn.
Myndavél 4K/60 FPS
Ofurvítt 150° sjónsvið
Allt að 6km drægni
DJI Flight simulator

Verð 229.990

DJI POCKET 2

DJI Pocket 2 er afar handhæg myndavél í vasastærð sem gerir þér kleift að festa minningar á filmu með annarri hendi. Hristivörn mýkir hreyfingar og skerpir myndir og myndbönd.

- Active Track 3.0 eltitækni
- 4K 60fps myndbandsupptaka
- 2x Optical Zoom
- DJI Matrix Stereo hágæða hljóðupptaka
- 140 mínútna rafhlöðuending

Standard verð 61.990
Verð áður 66.990

Creator combo verð 82.990
Verð áður 89.990

DJI OM 4

Merkilegustu augnablik lífsins eiga skilið að líta vel út. DJI OM 4 er samanbrjótanlegur hristivari fyrir snjallsíma. Festist með segli, er afar meðfærilegt og auðvelt í notkun. OM 4 er hin fullkomna leið til að deila þínum heimi.

Tilboð 25.990
Verð áður 28.990

dji | REYKJAVÍK
AUTHORIZED RETAIL STORE

Lækjargata 2a, 101 Reykjavík djireykjavik.is sími 519 4747

Einfalt og gott fyrir ferminguna

Gott í matinn veitir þér innblástur fyrir fermingarveisluna með einföldum og góðum uppskriftum.

Uppskriftasíðan gottimatinn.is er góður staður til að byrja á þegar kemur að fermingarundirbúningi. Á síðunni er til að mynda sérstakur flokkur tileinkaður fermingum þar sem finna má margs konar uppskriftir sem henta fullkomlega fyrir þetta stóra tilefni. Hvort sem fermingarbarnið og fjölskyldu þess langar að bjóða upp á smárétti og ljúffenga osta, súpu og snittur, heitt matarhlaðborð eða dýrindis kökuveislu. Síðan gottimatinn.is getur hjálpað til við undirbúning og veitt fólki innblástur fyrir veisluna. Við getum ekki annað en mælt með heimsókn á gottimatinn.is.

Klassískur brauðréttur með skinku og aspas

- ½ samlokubrauð, rifið niður
- 250 g skinka, smátt skorin
- 1 dós aspas
- 1 askja skinkumyrja frá MS
- 2 dl rjómi frá Gott í matinn
- 2 tsk. dijon sinnep
- ½ teningur grænmetiskraftur
- Rifinn gratínostur frá Gott í matinn

Hitið ofn í 180 gráður. Rífið brauðið í eldfast mót. Hellið vökvanum úr aspasdósinni í pott ásamt skinkumyrjunni, rjómanum, dijon sinnepi og grænmetiskrafti.

Klassískur brauðréttur með skinku og aspas sem er alltaf vinsæll.

Látið hitna og bráðna saman við vægan hita. Dreifið skinkunni og aspasinum yfir og saman við brauðið í eldfasta mótinu. Hellið svo ostasósunni yfir allt saman. Toppið með rifnum osti eftir smekk og bakið í 20 mínútur eða þar til osturinn er gullinbrúnn og rétturinn heitur í gegn.

Snittur með Dala-Auði

- 1 stk. snittubrauð
- 1 krukka rautt pestó (um 190 g)
- Klettasalat (rúmlega hálfur poki)
- 1 ½-2 stk. Dala-Auður ostur
- 8-9 sneiðar af hráskinku
- Fersk basilíka
- Ólífuolía til penslunar
- Gróft salt

Gómsætar snittur með Dala-Auði, klettasalati og parmaskinku sóma sér vel á fermingarveisluborðinu.

Hitið ofninn í 200 °C. Skerið brauðið skáhallt í sneiðar, penslið vel með ólífuolíu og stráið smá grófu salti yfir, bakið í 3-4 mínútur í ofninum og geymið síðan til hliðar á meðan annað er undirbúið. Skerið Dala-Auði í sneiðar (það nást um 10 sneiðar úr hverjum osti) og takið hverja hráskinkusneið í tvennt. Smyrjið góðri teskeið af pestó á hverja brauðsneið, setjið þá klettasalat, því næst Dala-Auði, hráskinku og skreytið að lokum með ferskri basilíku.

Glæsilegar og girnilegar rjómaostakúlur á priki.

Rjómaostakúlur á priki

- 2 öskjur rjómaostur með graslauk og lauk frá Gott í matinn (2x200 g)
- 400 g beikon
- 150 g pekanhnetur
- 4 stk. vorlaukur
- 100 g rifinn cheddar ostur frá Gott í matinn
- Saltstangir

Steikið beikonið þar til það er vel stökkt og saxið smátt niður. Setjið um 1/3 í skál með rjómaostinum og geymið restina. Saxið pekanhnetur og lauk mjög smátt og setjið einnig um 1/3 í skálina með rjómaostinum og geymið restina. Setjið cheddar ostinn saman við rjómaostablönduna og hrærið vel saman.

Blandið restinni af beikoni, hnetum og vorlauk saman í skál, útbúið litlar kúlur (munnbita) úr rjómaostablöndunni og veltið upp úr beikonblöndunni, en þessi uppskrift dugar í um 40 kúlur. Stingið svo saltstöng í hverja kúlu (má sleppa) og kælið í að minnsta kosti klukkustund.

Heimabakað af ást og umhyggju er best

Kökuskreytingameistarinn Brynja Bjarnadóttir óskaði sér einskis heitar en Rice Krispies-turns í eigin fermingarveislu. Hún segir alla geta bakað og skreytt fallega og ljúffenga heimabakaða fermingartertu.

thordisg@frettabladid.is

„Ég hef alltaf elskað að baka og þá sérstaklega að smakka deigið," segir kökuskreytingameistarinn Brynja Bjarnadóttir glettin.

Hún byrjaði mjög snemma að baka alls konar Betty Crocker-kökur og múffur í litadýrð.

„Í raun er það dúlleríið við að skreyta kökuna sem gefur mér langmest. Ég elska að dunda mér við að föndra og búa til hluti, og kökuskreytingar eru fullkomnar í það. Ég baka oftar en ekki fyrir skemmtileg tilefni, eins og afmæli, fermingar og brúðkaup, og þegar ég er búin að eyða löngum tíma í að vanda mig við að skreyta er komin kaka sem hægt er að njóta og borða í mómentinu. Ég sit þá ekki uppi með eitthvert drasl sem ég hef föndrað en tími ekki að henda," segir Brynja og hlær.

Æfingin skapar meistarann

Gulrótarkaka er í dálæti hjá Brynju en þannig var það ekki á fermingardaginn.

„Eina óskin sem ég hafði fyrir fermingarveisluna mína var Rice Krispies-turn og hún er það eina sem ég man af veitingunum í veislunni. Óskin mín rættist og ég fékk minn Rice Krispies-turn og það þar af leiðandi ekki um hefðbundna fermingartertu. Ég myndi því hiklaust mæla með Rice Krispies-köku í fermingarveislur, fyrir börn í gestahópnum og sjálft fermingarbarnið. Hún slær alltaf í gegn," segir Brynja sem bakar meira fyrir aðra en til heimilisins í dag.

„Galdurinn við góða köku er heimabakstur, ást og umhyggja. Svo lengi sem maður man eftir öllum hráefnunum og gleymir ekki kökunni í ofninum er svo voðalega erfitt að klúðra bakstrinum," segir Brynja sem ráðleggur að baka kökubotnana tveimur til fjórum dögum fyrr til að spara stress og tíma, og skreyta svo kökuna daginn áður en hún er borin á borð.

„Allir geta skreytt köku svo fallegt sé, og sérstaklega með réttu áhöldunum. Þau auðvelda vinnuna töluvert. Góð spatúla, gel-matarlitir, réttu sprautustútarnir og nægur tími er allt sem þarf; svo er bara að prufa sig áfram og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín. Eins og í öllu öðru, þá skapar æfingin meistarann," segir Brynja og gefur lesendum uppskrift að einfaldri en gómsætri tertu sem hittir í mark í fermingarveislunni.

Fylgist með Brynju á Instagram @brynjabjarna.

Brynja Bjarnadóttir elskar að smakka deigið þegar hún bakar en mest fær hún þó út úr því að dúlla við skreytingar sem fullkomna gómsætan bakstur-inn. Hér er hún með glæsilega svuntu sem svipar til fegursta skautbúnings. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kakóterta

Mjög einföld og þægileg kaka til að skreyta og sem ekki er hægt að klúðra.

- Royal-búðingur (hvaða bragð sem er)
- 250 g hveiti
- 1 tsk. lyftiduft
- ½ tsk. natron
- 1 tsk. salt
- 300 g sykur
- 4 msk. kakó
- 125 g smjör
- 2 ½ dl mjólk
- 2 egg

Blandið þurrefnum saman. Látið smjörið linast og myljið út í þurrefnin. Bætið við mjólk og eggi. Skiptið deiginu í tvö hringlaga form. Bakið í ofni við 180 °C, í annarri hillu að neðan, í sirka 15 mínútur. (Án blásturs í 200 °C í sirka 18 mínútur.)

Þvílík fegurð á einni bleikri köku.

Smjörkrem

- 250 g smjör
- 250 g flórsykur
- 3 tsk. vanillusykur
- Gel-matarlitur að eigin vali

Þeytið smjörið vel og lengi þar til það verður ljóst og „flöffí". Bætið sykrinum varlega við og hrærið saman við smjörið. Bætið að lokum gel-matarlit út í kremið, að vild.

Tveggja hæða terta með rósum.

Brynja segir æfingu skapa meistara.

Glæsileg og blómum skreytt terta sem er prýði á fermingarborðið.

Ennþá meira úrval af listavörum

Listverslun.is

AMSTERDAM dream • create

van Gogh The Quality Brand

REMBRANDT The Professional Choice

Liquitex

Conté à Paris

LEFRANC BOURGEOIS PARIS

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Tálgar út fermingarstyttur

Elín Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Berglind Mjöll Jónsdóttir, eða Bella tálgari, býr til fallegar fermingarstyttur sem notið hafa mikilla vinsælda. Stytturnar eru gerðar eftir óskum fermingarbarna.

Berglind Mjöll er deildarstjóri leikskólans Norðurbergs í Hafnarfirði. Þar er mikið föndrað og hún skemmtir sér jafn vel við það og börnin. Áhugamál Berglindar, að tálga út styttur, hófst á óvæntan hátt. „Eiginmaður minn og sonur ákváðu að fara saman á námskeið og læra að tálga. Þar með gætu þeir átt sameiginlegt áhugamál. Þeir kenndu mér síðan handtökin og ég féll fyrir þessu. Fór á fullt að tálga á meðan þeir misstu nánast áhugann. Ég fann mig betur í þessu en þeir," segir hún.

„Upphaflega byrjaði ég að tálga út litla hnífa sem ég síðan lánaði börnunum á leikskólanum. Einnig fór ég að kenna þeim að tálga og við fórum út í skóg til að sækja efnivið sem þeim þótti spennandi," segir Berglind en hún starfar á deild með elstu leikskólabörnunum. „Fyrsta fermingarstyttan sem ég gerði var fyrir fermingu sonar míns árið 2011. Hún var allt öðruvísi en þessar sem ég geri núna enda hef ég þroskast og þróast á þessum árum. Fyrsta styttan var úr ösp en nú kaupi ég linditré sem er mun auðveldara að nota við þessa iðju. Stytturnar eru gerðar eftir óskum fermingarbarnanna en ég er mikið beðin um að búa til íþróttastyttur, jafnt knattspyrnu,

Berglind Mjöll, eða Bella tálgari, situr ekki auðum höndum á kvöldin þótt hún sé með börnum allan daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjólar fyrir öll tilefni

Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 12-16

Flottur fermingarstrákur í íþróttafötum. Heppinn sá sem fær hana.

Misjafnt er hvað fermingarbörnin biðja um þegar kemur að styttum.

Það er greinilegt að einhver fermingarstúlkan er í ballett.

> **Ég reyni eftir fremsta megni að verða við þeim óskum sem koma til mín. Ég mála síðan stytturnar í þeim litum sem henta hverju íþróttafélagi.**
>
> Berglind Mjöll Jónsdóttir

hand- og körfubolta. Einnig hef ég gert nokkrar styttur fyrir golfara og sundiðkendur. Ég reyni eftir fremsta megni að verða við þeim óskum sem koma til mín. Ég mála síðan stytturnar í þeim litum sem henta hverju íþróttafélagi. Sömuleiðis hef ég verið beðin að gera styttu sem er í stíl við veisluborðið í fermingunni eða jafnvel fermingarkjól stúlkunnar sem er að fermast," segir hún. „Það er allur gangur á hugmyndum og óskum jafnt hjá stelpum og strákum."

Stytturnar eru 18 cm og ætlaðar sem borðskraut. Berglind segir að hún viti dæmi þess að stytta hafi verið sett upp á köku en þá hafi verið notað glas undir þannig að hún snerti ekki tertuna. „Ég hef líka gert nokkrar styttur fyrir útskriftir og brúðkaup. Ég er þó ekki að gera neitt svakalegt magn af styttum því ég er að gera þetta meðfram hundrað prósent vinnu sem leikskólakennari. Þetta er fyrst og fremst áhugamál hjá mér, enda hef ég takmarkaðan tíma til að sinna þessu."

Berglind hefur starfað á leikskóla frá árinu 2003 og útskrifaðist sem leikskólakennari árið 2011. Hún er því næstum því farin að passa börn þeirra fyrstu sem hún gætti á sínum tíma. Það má að minnsta kosti segja að hún hafi lengi verið umvafin börnum og kynnst nokkrum kynslóðum. Ég hef mjög gaman af föndri og starfið hentar mér því vel. Ég sit yfirleitt ekki auðum höndum, er svolítil dellukona og tek tarnir. Um tíma var ég mikið í handavinnu, saumaði út og prjónaði lopapeysur. Eitt sinn var vinsælt að smíða og skera út kántrí-dót og þá var ég á kafi í því. Auk þessa er ég mikil útivistarkona, fer gjarnan í göngu, til dæmis á Helgafellið eða við Hvaleyrarvatn þar sem ég geng um náttúruna. Mér finnst líka notalegt að sitja í stofunni heima með kveikt á sjónvarpinu og tálga um leið. Það er gott að dreifa huganum eftir amstur dagsins."

Berglind segist hafa fengið nokkrar pantanir núna fyrir fermingarnar. Fyrst hafi hún verið að þessu fyrir vini og ættingja en eftir styttunum var tekið og fleiri hafa haft samband. Þá er hún með Facebook-síðuna Bella tálgar og margir sjá stytturnar sem hún birtir þar. „Fólk er að halda veislur þrátt fyrir takmarkanir á gestafjölda. Ég fékk margar beiðnir í fyrra þrátt fyrir samkomubann. Mér finnst mjög skemmtilegt að tálga stytturnar og ætla að halda því áfram og ég finn mér alltaf eitthvað til að dunda við."

Enn ein útgáfan af borðstyttu. Þessi setur skemmtilegan svip á borðið.

BARNIÐ VEX OG BÓKIN MEÐ



Bækur eru gott veganesti inn í lífið.

Skoðaðu úrvalið á **forlagid.is**
og í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16

Einfaldar og fljótlegar uppskriftir

Lára Lind Jakobsdóttir heldur úti vegan matarblogginu Vegan hjá Láru. Hér gefur hún þrjár einfaldar vegan uppskriftir sem henta vel fyrir fermingarhlaðborðið.

Hugmyndin að matarblogginu Vegan hjá Láru kviknaði þegar Láru Lind Jakobsdóttur fannst vanta fleiri uppskriftir af klassískum heimilismat fyrir grænkera. „Ég tók saman allar uppskriftirnar sem ég hafði verið að veganvæða fyrir sjálfa mig, t.d. ýmsa klassíska rétti og bakstur, og úr varð vegan bloggið mitt. Ég legg mikið upp úr einföldum og fljótlegum uppskriftum sem henta sem flestum. Bloggið hefur þróast mjög vel og eru þar núna um 70 uppskriftir sem tengjast flestu frá morgunmat til kvöldmatar og baksturs."

Um þessar mundir er hún að færa sig út í að hafa uppskriftirnar líka glúteinlausar fyrir þá sem kjósa. „Það var alltaf markmiðið mitt í byrjun að stefna á 150 uppskriftir og taka það svo lengra, t.d. með því að gefa út matreiðslubók. Það væri allavega algjör draumur."

Lára Lind gefur hér þrjár einfaldar og bragðgóðar vegan uppskriftir fyrir fermingarhlaðborðið.

Uppskriftir Láru Lindar má finna á veganhjalaru.com auk þess sem hún er á Instagram (@veganhjalaru).

Meiri háttar Döðlugott sem Lára gerir með lakkrískurli og fleiru.

Döðlugott

500 g döðlur
250 g smjörlíki
150 g púðursykur
150 g lakkrískurl
150 kínóa puffs/kornflex
1 msk. sjávarsalt
300 g suðusúkkulaði
50 g vegan hvítt súkkulaði (til að skreyta, t.d. frá Ichoc sem fæst í Nettó)

Saxið döðlurnar smátt og setjið í pott með smjörlíkinu. Bætið púðursykrinum við og hrærið vel saman á meðalháum hita þangað til döðlurnar eru orðnar mjúkar.

Næst er lakkrískurlinu og sjávarsaltinu bætt saman við. Blandið kínóa puffs/kornflexi saman við í þremur skömmtum og hrærið vel saman inn á milli. Sækið bökunarplötu/form með bökunarpappír og fletjið döðlugottið út á pappírnum. Passið að halda góðri þykkt á gottinu. Setjið í frysti í 10 mínútur. Á meðan er suðusúkkulaðið brætt yfir vatnsbaði. Eftir 10 mínútur er súkkulaðinu smurt ofan á og sett aftur inn í frysti í 30 mínútur. Á meðan er hvíta súkkulaðið brætt. Að 30 mínútum loknum er það skreytt með hvíta súkkulaðinu og svo sett aftur í frysti í 10 mínútur, til að leyfa hvíta súkkulaðinu að harðna vel. Eftir þessar 10 mínútur er gottið tekið úr frysti og skorið í teninga. Best er að geyma döðlugottið í frysti eða kæli.

Lára Lind Jakobsdóttir heldur úti vegan matarblogginu Vegan hjá Láru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heitt vegan rúllubrauð með aspas.

Heitt rúllubrauð

1 rúllutertubrauð (gróft eða fínt)
2 dl + 2 msk. vegan majónes
3 msk. af Oatly rjómaosti (hreinum, blá dós)
1 sveppateningur frá Knorr
6 sveppir
1/2 rauð paprika
1 dl af söxuðum púrrulauk
Hálf dós (ca 210 g) af niðursoðnum aspas
Paprikuduft
Hvítlauksduft
Season All krydd
Olía

Hitið ofninn í 200 gráður og takið rúllutertubrauðið úr frystinum. Skerið sveppina smátt og saxið paprikuna og púrrulaukinn smátt. Steikið saman á pönnu með smá olíu. Kryddið með papriku- og hvítlauksdufti. Þegar grænmetið er orðið mjúkt er sett í pott majónesið, rjómaostur, sveppakraftur (saxaður) og 1 msk. af olíu. Hrærið saman í pottinum á meðalháum hita þangað til sveppakrafturinn hefur bráðnað ásamt rjómaostinum. Þegar engir kekkir eru lengur í sósunni er grænmetinu bætt í pottinn. Næst er aspasinn settur út í ásamt 1 msk. af safanum úr dósinni. Kryddið aðeins með Season All og paprikudufti. Hrærið vel saman og leyfið að malla í 2-3 mínútur á lágum hita.

Smyrjið fyllingunni vel á rúllubrauðið og passið að smyrja yfir allt brauðið, líka út í enda. Gott er að nota plastið sem fylgir með brauðinu til að rúlla því saman aftur, annars getur það rifnað. Setjið brauðið á bökunarplötu og smyrjið 2 msk. af majónesi ofan á rúllubrauðið ásamt því að krydda með smá paprikukryddi. Bakið í 15-20 mínútur eða þar til það verður gyllt og fallegt.

Sítrónukaka

Innihald kaka:
400 g hveiti
250 g sykur
1 og 1/2 tsk. matarsódi
1 tsk. salt
300 ml plöntumjólk (mæli með soja- eða haframjólk)
100 ml ólífuolía
1 msk. eplaedik
1 tsk. vanilludropar
3 tsk. sítrónudropar
2 msk. rifinn sítrónubörkur (um 1 og 1/2 sítróna)
Smjörlíki til að smyrja formin

Innihald krem:
500 g flórsykur
100 g smjörlíki
2 tsk. sítrónudropar
3 og 1/2 msk. sítrónusafi (úr ferskri sítrónu)

Skraut:
Rifinn sítrónubörkur

Hitið ofninn á 180 gráðu blástur. Smyrjið smjörlíki á tvö 20x20 cm hringform og setjið bökunarpappír yfir. Finnið stóra skál og sigtið hveitið ofan í hana (mikilvægt). Bætið við sykri, matarsóda og salti og hrærið saman.

Rífið börkinn af sítrónunni (best er að nota lítið rifjárn). Blandið næst saman plöntumjólkinni, ólífuolíunni, eplaedikinu, vanillu- og sítrónudropunum og sítrónuberkinum í skálina og hrærið vel saman með sleif.

Hrærið þangað til deigið er kekkjalaust en passið að hræra ekki of mikið (og alls ekki í hrærivél). Hellið deiginu jafnt í formin og setjið inn í ofn í 30 mínútur.

Á meðan er kremið útbúið. Blandið flórsykri, smjörlíki (verður að vera mjúkt við stofuhita), sítrónudropunum og sítrónusafanum saman í skál. Sítrónusafinn verður að vera kreistur úr ferskri sítrónu, t.d. úr þeirri sem var notuð fyrir börkinn.

Blandið öllu vel saman með handþeytara, fyrst á lágum hraða og svo má auka hann. Hrærið þar til kremið er orðið þykkt og án kekkja.

Eftir 30 mínútur má stinga með prjón í kökurnar. Ef prjónninn kemur hreinn úr deiginu er kakan tilbúin. Annars má hún vera inni í nokkrar mínútur.

Kæla þarf kökurnar vel áður en kremið er sett á. Setjið kremið á milli, ofan á og meðfram. Skreytið toppinn með rifnum sítrónuberki.

Sítrónukaka sem einfalt er að gera, að því er Lára Lind upplýsir.



Íslensk ullarsæng

Tilvalin til fermingargjafa



LOPI

lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands

Íslensk ull
Gæðamerki

Fljúgandi biblía og óvæntar gjafir

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Vilhelm Neto fermdist til að stimpla sig inn sem trúaður maður og fermingargjafirnar voru bara óvæntur bónus. Hann á góðar minningar af fermingunni og lét biblíu fljúga í myndatökunni.

Skemmtikrafturinn, leikarinn og grínistinn Vilhelm Neto, eða Villi, segir að fermingargjafirnar hafi verið óvæntur bónus þegar hann fermdist og að það sé mikilvægt að njóta fermingardagsins án þess að stressa sig.

Fréttablaðið hitti á Villa í fríi í Kaupmannahöfn, en hann er að hvíla sig eftir törnina við að klára þættina Hver drap Friðrik Dór? og heimsækja unnustu sína, Katrine Gregersen Vedel, sem var að hefja margmiðlunarhönnunarnám.

„Ég er í smá heimsókn og er bara að nota tímann til að vera í fríi og lesa einhverja vitleysu. Ég er líka að undirbúa þátt fyrir Já OK! hlaðvarpið og þess vegna er ég að lesa um Ljón norðursins, hann Leó Árnason, sem var mögnuð persóna," segir Villi.

Hann segir að þættirnir Hver drap Friðrik Dór?, sem Villi leikur aðalhlutverkið í og komu út á Sjónvarpi Símans fyrir skömmu, hafi fengið mjög góðar viðtökur.

„Ég var að tala við afa minn í morgun. Hann les alltaf Morgunblaðið og í morgun las hann dóminn þeirra um þættina fyrir mig í símann. Ég bara táraðist við að heyra hvað þau sögðu fallega hluti," segir Villi. „Þetta er alveg geggjað. Þetta er fyrsta svona stóra verkefnið mitt og það er ótrúlega gaman að fá svona góð viðbrögð."

Stimplaði sig inn

Villi ólst upp í Portúgal til 14 ára aldurs en fermdist svo árið 2008 í Hallgrímskirkju og segir að það hafi verið mjög hefðbundin íslensk ferming.

„Ég fermdist reyndar einu ári seinna en venjulega, en ég vildi fermast til að staðfesta tengsl mín við guð," segir hann. „Ég var mjög trúaður á þessum tíma og fannst þetta góð leið til að stimpla mig inn sem trúaðan mann."

En Villi segir að lífsskoðanirnar hafi aðeins þróast með tímanum og hann sé ekki jafn trúaður í dag.

„Ég myndi segja að lífið hafi gerst og það hafi breytt viðhorfinu. Ég hef svo oft séð ótrúlega fallegt og gott fólk falla frá að ástæðulausu og það fær mann til að hugsa, „heyrðu, þetta er ekkert mjög sanngjarnt"," segir Villi. „En þetta er mjög flæðandi. Eins og Ljón norðursins sagði, ég held að sérhver lífvera sé lítill guð, því við höfum öll neistann af guði í okkur. Maður þarf að finna hinn gullna meðalveg í þessu, ég er enn að móta mínar skoðanir og þær eru ekki ritaðar í stein."



Villi vildi endilega fá mynd af sér þar sem það leit út fyrir að hann héldi á fljótandi biblíu. Það tók nokkrar tilraunir. MYND/VILHELMNETO

> **Ég var alltaf að kasta biblíunni upp í loft og reyna svo að gera einhvern svona „eruði að sjá þetta?! Holy smokes!" svip.**

Fermingarfræðsla með Black Eyed Peas

„Á þessum tíma fannst mér fermingin gefa mér staðfestingu á að ég væri trúaður. Ég var mikið að lesa um guð og tengdi mikið við það. Svo kom í ljós stuttu eftir að ég byrjaði þetta fermingarferli að það fylgja þessu heljarinnar gjafir!" segir Villi. „Ég skildi ekkert í því, fólk var að gefa mér risabækur og peninga í umslagi. Þetta var bara bónus fyrir mig og hafði engin áhrif á ákvörðunina.

Fermingarfræðslan var rosalega fín," segir Villi. „Ég held að það sé samt mjög erfitt að fá unglinga til að tengja við svona trúmál. Ég man að við vorum látin rýna í Black Eyed Peas-texta og svara því hvað við læsum úr honum og ég man bara eftir að hugsa „oh plís, ekki gera þetta". Þetta var mjög vandræðalegt, en manni fannst líka allt bjánalegt á þessum tíma."

Alltaf góður matur

„Fermingarathöfnin sjálf var líka fín en þetta var rosastór helgiathöfn. Mér fannst þetta skemmtilegt en líka stressandi," segir Villi. „Maður er svo ungur og þetta er svo stórt og rosalega kristilegt og fór fram í Hallgrímskirkju og ég þurfti að fara með minn uppáhaldskafla úr biblíunni. Þetta var dálítið stressandi allt saman.

Fermingarveislan var geggjuð. Mig minnir að hún hafi farið fram hjá ömmu og það var mikil stemning og mjög gaman," segir Villi. „Hún bjó í húsi sem var með stóran garð og það var gott veður og það er alltaf góður matur í fermingum. Ég er svo mikill matarkarl, mér finnst alltaf gaman að fá þessa gömlu klassík, brauðtertur og allt þetta.

Svo er líka gaman að hitta svona marga fjölskyldumeðlimi, ættingja og kunningja sem maður talar oft lítið við. Það eru líka allir í góðu skapi og allir ná að hittast í rólegheitum á þessum tíma árs."



Hér sést fermingarbarnið á boðskortinu í ferminguna. Fermingin fór fram heima hjá ömmu. MYND/VILHELMNETO

Villi er staddur í Kaupmannahöfn þar sem hann er að heimsækja unnustu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Eruði að sjá þetta?!

Villi fór í myndatöku eins og tíðkast en fékk frekar óvenjulegar myndir.

„Maður þurfti náttúrlega að vera upp á sitt besta og ég var með þetta langa Bieber-hár. Þetta er mjög gott lúkk sem ég reyndi einmitt að rifja upp um daginn. Svo var ég í fermingarkufli. Myndatakan var síðan smá vandræðaleg. Aðallega vegna þess að ég vildi taka eina mynd þar sem það væri eins og ég væri að halda á fljótandi biblíu," segir Villi og hlær. „Þannig að ég var alltaf að kasta biblíunni upp í loft og reyna svo að gera einhvern svona „eruði að sjá þetta?! Holy smokes!" svip þannig að það liti út eins og hún væri fljótandi fyrir ofan höndina á mér. Þetta var mjög vandræðalegt fyrir mig en ég tárast af hlátri yfir þessum myndum í dag."

Að lokum vill Villi minna fermingarbörn á að vera róleg yfir öllu þessu ferli.

„Njótið dagsins og slakið á. Þetta er ekki mikið mál og þetta er dagurinn ykkar og guðs, það er gott að muna það," segir Villi. „Þannig að þau ættu bara að vera róleg og sátt þegar þau fara upp í pontu til að fara með sitt ritningarvers."

Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.
Íslenskt handverk. Fæst um land allt.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Stuðningur til sjálfstæðis

Villi var búinn að læra á Photoshop, eins og sést á textanum á þessari mynd. MYND/VILHELMNETO

DORMA

Láttu drauminn rætast

ER FERMING?

ÆTLAR ÞÚ AÐ KOMA FERMINGARBARNI Á ÓVART?

ALLAR SÆNGUR, ALLIR KODDAR OG ÖLL RÚMFÖT MEÐ

20%

FERMINGAR **AFSLÆTTI**

GLÆSILEG VIÐBÓTARGJÖF TIL FERMINGARBARNSINS

Nú er 20% afsláttur af heilsurúmum frá Sealy. Auk þess fylgir nú veglegur kaupauki – Aspen fjallahjól – að verðmæti 59.000 krónur* þegar keypt er rúm (dýna og Classic botn) í stærðunum 120 eða 140 cm.

Sealy **PORTLAND**

FERMINGARTILBOÐ

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 155.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **124.720 kr.** með Aspen fjallahjóli

140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 169.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **135.920 kr.** með Aspen fjallahjóli

Fylgir
Sealy Portland og Seattle í stærðunum 120 og 140 x 200 cm á meðan birgðir endast

Aspen fjallahjól

- 26"
- 21 gír
- demparar á framöxli
- diskabremsur að framan og aftan
- standari
- glitaugu

Sealy **SEATTLE**

FERMINGARTILBOÐ

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 145.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **116.720 kr.** með Aspen fjallahjóli

140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 159.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **127.920 kr.** með Aspen fjallahjóli

* á meðan birgðir endast - athugið skilaskilmála.

Svefn 13-18 ára (af vef Heilsuveru)

„Góður svefn hefur jákvæð áhrif á námsgetu, einbeitingu og minni, hjálpar til við upprifjun og úrvinnslu úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið yfir daginn og þær upplýsingar festast í minninu, eflir ónæmiskerfið og eykur mótstöðu gegn veikindum. Hann er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska unglingsins. Á unglingsárunum eiga sér stað miklar hormónabreytingar í líkamanum. Mikill hluti þeirra hormóna framleiðist á nóttunni og er sú framleiðsla háð góðum nætursvefni.“ (sótt á www.heilsuvera.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Gætum að sóttvörnum í fermingarveislum

Trú- og lífsskoðunarfélög geta haft athafnir fyrir allt að 200 manns í fermingunum sjálfum en um veislur gilda aðrar reglur. Núverandi takmarkanir á samkomum leyfa 50 einstaklingum að koma saman.

elin@frettabladid.is

Fimmtíu manna reglan í veislum gildir til og með 17. mars. Börn fædd eftir 2005 eru undanskilin og einnig ættingjar og vinir sem vitað er að hafi fengið COVID-19. Fermingarveislur verða því mögulega að vera skipulagðar með öðrum hætti en tíðkast hefur, segir á síðunni covid.is.

Hér eru nokkrar ráðleggingar fyrir fermingarveislur sem finna má á síðunni covid.is. Halda skal veislu með sóttvarnir í fyrirrúmi.

- Skiptum veislugestum í hópa sem eru innan fjöldatakmarkana og höldum aðskildar veislur fyrir hópana.
- Látum gesti vita um boðið með góðum fyrirvara svo þeir hafi tækifæri til að fara varlega dagana fyrir boðið.
- Verndum viðkvæma einstaklinga.
- Ef við finnum fyrir einkennum sem bent geta til COVID-19 þá er mikilvægt að vera heima, fara í próf og vera í einangrun þar til niðurstaða liggur fyrir.
- Fylgjumst með þróun faraldursins og takmörkunum og bregðumst við ef þörf krefur.

> Látum gesti vita um boðið með góðum fyrirvara svo þeir hafi tækifæri til að fara varlega dagana fyrir boðið.

- Sýnum varúð í ferðalögum milli landshluta.
- Tryggjum nándarmörk og einstaklingsbundnar smitvarnir.

Veislan sjálf

- Gætum vel að sóttvörnum og höfum handspritt á hlaðborðinu.
- Geymum handabönd, faðmlög og kossa til betri tíma. Hugum að loftræstingu og loftum út meðan á boðinu stendur.
- Bjóðum upp á grímur ef gestir kjósa, þvoum hendur og sprittum okkur reglulega.
- Takmörkum sameiginlega snertifleti og þrífum þá oft og reglulega.
- Notum grímu og þvoum okkur reglulega um hendur á meðan við útbúum matinn, berum hann fram og göngum frá.
- Takmörkum fjölda fólks þar sem maturinn er útbúinn og gengið er frá eftir matinn.
- Takmörkum notkun á sameiginlegum áhöldum, svo sem tertuhnífum, kaffikönnum, mjólkurkönnum og svo framvegis.
- Þvoum allt tau eftir hvert boð, svo sem dúka og tauservíettur.

Súkkulaðifondue er skemmtileg leið til að bjóða upp á eitthvað gott. Sérstakir einnota pinnar eru notaðir til að stinga í ávexti eða sykurpúða eða það sem notað er.

Sælgætisbarir gætu verið óheppilegir á tímum COVID. Best er að hafa innpakkað sælgæti en ef notast er við skeiðar þarf að gæta vel að sóttvörnum.

Sniðugt er að bjóða upp á bollakökur með pinna. Þær er hægt að gera í margs konar búningi.

Önnur gerð af pinnakökum.

Betri framtíð fyrir fermingarpeninginn

Það sem hljómar eins og ótrúlega góð hugmynd í dag getur orðið vandræðaleg saga í framtíðinni. Þess vegna borgar sig að hugsa sig vel um og láta fermingarpeningana vaxa á Framtíðarreikningi eða í sjóði á meðan.

Ef þú leggur 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarreikning bætum við 6.000 kr. við, enda eiga öll fermingarbörn að fá gjöf. Það sama gerum við ef þú fjárfestir fyrir 30.000 kr. eða meira í sjóðum Stefnis. Þannig getur okkar framlag orðið allt að 12.000 kr.

Kynntu þér framtíðarheimili fermingarpeninganna.

arionbanki.is/ferming

Framtíðarreikningur **Arion banka**

Fasteignablaðið

10. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 9. mars 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stilisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki 2019 2020

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Falleg tveggja herbergja íbúð við Sólvallagötu er nú til sölu hjá Heimili, fasteignasölu.

Íbúð á Sólvallagötu

Heimili fasteignasala kynnir í einkasölu bjarta og fallega 2 herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Sólvallagötu í Reykjavík. Stæði í bílageymslu fylgir. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. Eignin skiptist í opið miðrými, eldhús og stofu, svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Sér geymsla og hlutdeild í sameign, sameiginlegri hjólageymslu.

Nánari lýsing: Forrými, flísalagt með fataskáp. Baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf með eikarinnréttingu, upphengdu salerni og baðkari.

Þvottahús, flísar á gólfi og innrétting fyrir tækin. Eldhús, parketlagt með fallegri ljósri innréttingu, gott skápapláss og tengi fyrir uppþvottavél. Nýtt helluborð, ofn og háfur. Stofa/borðstofa, parketlögð með stórum gluggum, útgengi út á rúmgóðar svalir með sjávarútsýni. Svefnherbergi, parketlagt með góðum fataskápum.

Eldhúsinnréttingin er nýlega endurnýjuð og var skipt um tæki og um leið sett nýtt parket á alla íbúðina. Á bílastæðum fyrir utan húsið eru tvær sameiginlegar hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla. Einnig eru lagnir að stæðum í bílageymslu.

Eignin verður sýnd í opnu húsi á morgun, miðvikudaginn 10. mars, frá kl. 17–17.30. Áhugasamir þurfa að bóka sig í opna húsið, en eignin verður ekki sýnd fyrr en þá. Vinsamlegast sendið á brynjolfur@heimili.is eða finnbogi@heimili.is.

Allar frekari upplýsingar veita Finnbogi Hilmarsson & Brynjólfur Snorrason, löggiltir fasteignasalar.

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

intellecta.is
RÁÐNINGAR
RÍKISKAUP AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI
intellecta

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

20 ára reynsla í sölu sumarhúsa
• Fagleg ljósmyndataka • Árangursrík vinnubrögð • Skoða og verðmet

MIKLABORG

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali
Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Einbýlishús óskast í Garðabæ fyrir trausta kaupendur

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Byggingaraðili er ÍAV hf. sem er eitt stærsta, elsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins.
- Nánari upplýsingar um bygg. á www.105midborg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Sumarhús – Valhallarstígur - Þingvöllum

- Reisulegt sumarhús við Valhallarstíg Nyrðri, Þingvöllum, Bláskógabyggð. Gróin lóð með hávöxnum trjám við opið svæði nærri Þingvallavatni með víðáttumiklu útsýni yfir vatnið og fjallasýn.
- Húsið er afar vel byggt hús frá fyrstu gerð, reisulegt og stílhreint, en þarfnast talsverðrar endurnýjunar. Timburhús á steyptum grunni, ein hæð og ris, byggt á árunum 1929-1930 að raunstærð um 125,0 fm.
- Lóðin er leigulóð 5.600,0 fm. að stærð og er í eigu Ríkissjóðs Íslands. Aðgengi að húsinu er mjög gott frá bílaplani framan við húsið.

Laxatunga – Mosfellsbæ

- Fallegt og vel skipulagt 236,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum flísalögðum bílskúr við Laxatungu í Mosfellsbæ.
- Þrjú stór barnaherbergi. Bjartar stofur með gólfsíðum gluggum til vesturs. Hjónasvíta með fataherbergi innaf. Tvö baðherbergi.
- Stór viðarverönd með heitum potti. Innangengt er í stóran bílskúr með gluggum.
- Húsið að utan er klætt með flísum og því viðhaldslítið.

Verð 104,9 millj.

Laufásvegur. 3ja herbergja íbúð - sérinngangur.

- Mikið endurnýjuð 3ja herbergja 108,3 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu steinsteyptu húsi við Laufásveg í Reykjavík.
- Íbúðin var öll innréttuð árið 2017 m.a. gólfefni, innihurðir, eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi og raflagnir. Loft voru tekin niður að hluta og sett innfelld lýsing.
- Lofthæð í íbúðinni er um 2,75 metrar. Rúmgóð og björt stofa með gluggum í tvær áttir. Þvottaherbergi innan íbúðar.
- Íbúðin er með sérinngangi, en einnig er hægt að ganga inn í hana úr sameiginlegu stigahúsi hússins.

Verð 59,7 millj.

Vatnsstígur 16. 2ja herbergja íbúð.

- Virkilega vönduð 112,5 fm. íbúð á 1. hæð við Vatnsstíg nr. 16 í Reykjavík auk sér bílastæðis í bílageymslu.
- Stór og björt stofa með tveimur gólfsíðum gluggum og útgengt á yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs sem eru með svalalokun.
- Allar innréttingar, innihurðir og parket í íbúðinni eru úr eik.
- Sameign hússins er öll til fyrirmyndar og umgengni einstaklega góð.

Verð 66,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja herbergja íbúð.

Falleg 83,1 fermetra 2ja herbergja íbúð með svölum til suðurs á 2. hæð í fjölbýlishúsi við Laugaveg.
Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími. Stofa með stórum gluggum til suðurs.
Búið er að skipta stóru svefnherbergi niður í tvö svefnherbergi. Minna herbergið er gluggalaust.

Íbúðin er í leigu og yfirtekur kaupandi réttindi og skyldur samkvæmt honum.

Verð 57,9 millj.

Bræðraborgarstígur. 3ja herbergja íbúð.

- Virkilega góð 119,3 fm. íbúð á tveimur hæðum, jarðhæð og kjallara, í nýlega viðgerðu og steinuðu fjölbýlishúsi við Bræðraborgarstíg.
- Bæði er sérinngangur í íbúðina og sameiginlegur um stigahús.
- Jarðhæðin er mjög björt með aukinni lofthæð og stórum gluggum. Góður stigi er á milli hæða og kjallarinn er með gluggum til suðurs.
- Stór og björt stofa með frönskum gluggum til suðurs og vestur og útgengi á verönd. 2 svefnherbergi.
- Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 54,9 millj.

Lundur 22 – Kópavogi. Ein íbúð eftir !

- **Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Lund 22 í Kópavogi.**
- Íbúðin verður afhent án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar.
- Innréttingar eru frá Brúnás ehf.
- Arkitektar: Guðmundur Gunnlaugsson (Archus) og Gunnar Páll Kristinsson (Rýma arkitektar). Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is
- Íbúðin er tilbúin til afhendingar.

Grettisgata 3. Verslunarhúsnæði

- 37,7 fm. verslunarhúsnæði neðst á Grettisgötu fyrir aftan Eymundsson. Frábær staðsetning á svæði sem er í mikilli uppbyggingu.
- Húsnæðið, sem er eitt opið rými með salerni og eldhúskrók innaf, er með ca. 3,5 metra lofthæð og góðum verslunargluggum.
- Húsnæðið var allt endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan.

Verð 27,5 millj.

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Dimmuhvarf 27
203 Kópavogur

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**

Glæsilegt 356 fm einbýlishús með 3 aukaíbúðum

- Eignin skiptist í aðalhús (4ra herbergja og bílskúr) - 3ja herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi
- Bakhús sem er útfært sem 2 íbúðir
- Önnur er stærri og er 3ja herbergja
- Minni íbúðin er stúdíóíbúð
- Stór geymsla í gestahúsinu og önnur minni við hliðina á studio íbúðinni
- Hellulagt bílaplan

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **192 millj.**

NÝTT
Í SÖLU

Unufell 9
111 Reykjavík

OPIÐ HÚS
fimmtudag 11. mars
milli kl. 17:00 - 17:30

Gott raðhús skráð 199 fm með bílskúr

- 4-5 svefnherbergi
- Þakjárn, rennur, niðurföll og nokkrir gluggar endurnýjaðir
- Hús nýlega málað og viðgert
- Fallegur bakgarður
- Kjallari með mikla möguleika
- Bílskúr með vatni og rafmagni

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **69,9 millj.**

Mánatún
105 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**

Glæsileg 135,3 fm íbúð á efstu hæð í 6 hæða

- Eldhús, stofa, borðstofa, baðherbergi, þvottahús, svefnherbergi og rúmgott hjónaherbergi.
- 2 stæði í bílageymslu
- Tvennar svalir

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **97 millj.**

Grandavegur 42 F
107 Reykjavík

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Gunnari í síma **899 5856**

Vel skipulögð 3ja herbergja 118,1 fm íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu

- Stofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og gestasalerni.
- Yfirbyggðar 21,3 fm svalir sem snúa í suður
- 13,1 fm geymsla í kjallara

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **76 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Dalhús 21 (201)

112 Reykjavík

Glæsileg 126,3 fm efri hæð og ris í litlu fjölbýli á góðum stað í Grafarvogi

- Mjög vel skipulögð íbúð
- Hæðin skipar forstofu, snyrtingu, eldhús, þvottahús og glæsilegar stofur með útgengt út á suðursvalir
- Efri hæð 3 svefnherbergi, hol og baðherbergi
- Hjólageymsla á fyrstu hæð

Verð: **57,9 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Nesjar

805 Grafningur

115 fm sumarhús við Bæjarvík í landi Nesja á Þingvöllum.

- Eldri hluti húss er 56 fm
- Nýleg sólstofa með gólfhita og rennuhurð út á suðurverönd er 27,6 fm
- 31 fm kjallari með stórri innkeyrsluhurð og 220 cm lofth.
- Fallegt útsyni til norðurs á Þingvallavatn og fjallahringinn norðan við vatnið

Verð: **49,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Snæland 4 (202)

108 Reykjavík

Falleg 113 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð til vinstri

- Stórar bjartar stofur
- Svalir eftir endilangri íbúðinni
- Stór herbergi á jarðhæð (möguleiki á útleigu)
- Geymsla á jarðhæð
- Afhending við kaupsamning

Verð: **58,5 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Brekkulækur 6

105 Reykjavík

Björt og vel skipulögð 114 fm 4 herbergja hæð

- Tvær stofur
- Þrjú svefnherbergi
- Eldhús
- Þvottaherbergi
- Nýtt baðherbergi
- Vestursvalir
- Sameiginlegur inngangur
- Sérgeymsla

Verð: **64,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Hallgerðargata 9 (111)

105 Reykjavík

Glæsileg ný 2-3 herbergja, 101 fm íbúð með sjávarútsýni

- Stofa og eldhús eru í opnu rými
- Snyrting og baðherbergi með þvottaaðstöðu
- Sérafnotaflötur til suðurs
- Útsýnissvalir til norðvesturs
- Gólfhiti og glæsilegar innréttingar og hurðir

Verð: **62,9 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Kuggavogur 11

104 Reykjavík

Sérlega vel skipulögð og björt 131,3 fm, 5 herbergja íbúð á 5. og efstu hæð

- Ný fullbúin íbúð með gólfefnum og lokuðum svölum
- Stæði í bílageymslu
- Byggingaraðili er Sérverk ehf
- Afhending við kaupsamning

Verð: **77,9 millj.**



Glæsilegar nýjar 2ja – 4ra herbergja fullbúnar íbúðir til afhendingar strax

- Íbúðirnar afhentar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél
- Bílastæði í bílageymslu – Sérinngangur með mörgum íbúðum
- Sérafnotaréttir eða svalir með öllum íbúðum
- Stærðir frá 70 – 128 fm

Verð frá: **51,9 millj.**

Komið, skoðið og ráðfærið ykkur við **sölumenn okkar!**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Skógarvegur 6

103 Reykjavík

Glæsileg ný 119 fm íbúð á 2. hæð með 12,8 fm vestursvölum (214)

- Hjónasvíta með fataherbergi og tvö herbergi, baðherbergi og sér þvottahús.
- Eldhús með eyju og stofurnar rúmgóðar og bjartar með útgengi á sérafnotaflötinn
- 13 fm geymsla
- Stæði í bílageymslu

Verð: **71,9 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Skógarvegur 8

103 Reykjavík

Glæsileg ný 106 fm enda-íbúð á 2. hæð (208)

- Hjónasvíta með fataherb. og annað minna svefnherbergi með fataskáp, baðherbergi, sér þvottahús innaf eldhúsi.
- Eldhús með eyju sem er opin inn í stofu.
- Rúmgóðar og bjartar stofur með útgengt á suðursvalir.
- Stæði í bílageymslu

Verð: **66,9 millj.**

MIKLABORG | – Með þér alla leið

NÝTT Í SÖLU

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Furugrund 30

200 Kópavogur

Mjög falleg 66 fm 3ja herb. íbúð á efstu hæð með svölum

- Stofa, eldhúskrókur með mjög goðri innréttingu
- Tvö svefnherbergi, baðherbergi og svalir.
- Afar vel nýtt eign sem vert er að skoða.
- Í kjallara er aukaherbergi og geymsla og sameiginlegt þvottahús

Verð: **44,5 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
fimmtudag 11. mars kl. 17:00 - 18:00

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Sogavegur 148

108 Reykjavík

3ja herbergja 60 fm íbúð á fyrstu hæð (ekki kjallari) í mjög snyrtilegu þríbýlishúsi

- Sér inngangur
- Gott innra skipulag
- Ágætt alrými
- Tvö svefnherbergi
- Sér eldhús og baðherbergi

Verð: **36,9 millj.**

Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Kársnesbraut 51

200 Kópavogur

Björt og vel skipulögð 124 fm fjögurra herbergja íbúð á efstu hæð með bílskúr

- Þrjú góð svefnherbergi
- Samliggjandi stofa og borðstofa
- Sér geymslu í sameign
- Fallegt útsýni til norðurs og vesturs

Verð: **55,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Berjavellir 3

220 Hafnarfjörður

Vel skipulögð 89 fm íbúð á 4. hæð í góðu húsi

- 3ja herbergja
- Stórar svalir
- Þvottahús innan íbúðar.
- Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu

Verð: **44,9 millj.**

Drómundarvogur 8

104 Reykjavík

Vel skipulögð 106 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu húsi við Voginn

Verð: **61,9 millj.**

- Hiti í gólfum. Íbúðin afhendist með gólfefnum.
- Stæði í bílageymslu
- Afhending við kaupsamning
- Byggingaraðili er Sérverk ehf

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali s. 896 8232

Vogur - Fellsströnd

371 Dalabyggð

Frábærlega staðsett um 250 ha jörð með miklum og góðum húsakosti

Verð: **Tilboð**

- Endurbyggð hús sem er hótel- og gistiaðstaða með stórum matsal og veislueldhúsi.
- Hótel um 765 fm á 2 hæðum. Gamla fjósið er 296 fm og Kálfahúsið er rúmlega 130 fm.
- 165 fm uppgert einbýlishús. 45 hektara ræktuð tún

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

Illagil 21 - Grafningi

801 Þingvöllum

Glæsilegt 211 fm heilsárshús Skipti á íbúð(um) á höfuðborgarsvæði möguleg

Verð: **Tilboð**

- 3 svefnherbergi og svefnloft. Hiti í gólfum
- Hert gler á palli 90 fm - Mikið útsýni
- Steypt neðri hæð með mikili lofthæð og stórum innkeyrsludyrum
- Eignarland

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307



Skógarvegur 8 (405)

103 Reykjavík

Glæsileg ný 90 fm endaíbúð á 4. hæð

Verð: **63,9 millj.**

- Hjónasvíta með fataherb. og annað minna svefnherbergi með fataskáp, baðherbergi, sér þvottahús innaf eldhúsi.
- Eldhús með eyju sem er opin inn í stofu.
- Rúmgóðar og bjartar stofur með útgengt á stórar svalir.
- Stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Valshlíð 2 (303)

102 Reykjavík

Ný glæsileg 60,2 fm 2ja herb. íbúð á 3. hæð

Verð: **49,9 millj.**

- Fullbúin með gólfefnum
- Sérmerkt stæði í bílageymslu
- Vestursvalir og mjög gott skipulag
- Þvottaaðstaða á baðherbergi
- Stór björt stofa með gólfsíðum gluggum

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali

Njálsgata 58

101 Reykjavík

Einbýlishús á tveimur hæðum auk skriðkjallara

Verð: **50 millj.**

- 3ja herbergja
- Sér bakgarður
- Sjarmerandi eign í miðbænum með mikla möguleika

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

Hraunbær 103A (502)

110 Reykjavík

Glæsileg 2ja herb, 64,1 fm á efstu hæð (5. hæð) Suður svalir með miklu útsýni

Verð: **47,5 millj.**

- Suður svalir með miklu útsýni
- Stofa opin með útgengt út á svalir með svalalokun
- Glæsilega innréttað eldhús og bað
- Afhending við undirritun kaupsamnings

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

Sunnusmári 23 (101)

201 Kópavogur

3ja-4ra herbergja 122,5 fm íbúð á 3. hæð

Verð: **62,9 millj.**

- Fullbúin með gólfefnum, uppþvottavél og ísskáp
- Vandaðar innréttingar og tæki
- Sérmerkt stæði í bílageymslu
- Tvennar svalir

Nánari upplýsingar:
s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali

Bjarkarholt 12 (104)

270 Mosfellsbær

Glæsileg ný 123 fm vel skipulögð 3ja herb. íbúð með 25 fm suður-þaksvölum

Verð: **68,9 millj.**

- Eldhús er með fallegri innréttingu, eldunareyju og úr stofu er útgengt á þaksvalir í suður
- Fullkomið loftræstikerfi innan íbúðar
- Bílastæði í kjallara - Stutt í þjónustu og stofnbraut

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

job
Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

FOLD
FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og
í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi

Sævar Bjarnason
löggildingarnemi

Krummahólar 41, Rvk., raðhús á einni hæð.
OPIÐ HÚS ÞRI 9/3 KL. 17:00-17:30.

Krummahólar 41: 3ja herbergja raðhús á einni hæð með sérbílastæði fyrir fram hús. Sérafnota reittur fyrir framan og aftan hús. Forstofa með flísum, baðherbergi með flísum og gólfhita. Stofa og tvö svefnherbergi með parketi á gólfum.
Verð 54,9 millj.

Opið hús þriðjudaginn 9. mars kl. 17:00-17:30, verið velkomin.

Glæsilegt einbýli
Á SJÁVARLÓÐ Á SELTJARNARNESI

Fold 552-1400 kynnir: Rúmlega 323 fm glæsilegt einbýlishús á 946 fm sjávarlóð á einstökum stað við Hrólfsskálavör á Seltjarnarnesi. Húsið er mikið endurnýjað. Fallegt viðarparket er á gólfum. Gluggar og svalahurðir eru nýlegar og gólfsíðar þannig að útsýni úr húsinu er óheft. Forstofa, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi er hannað af Rut Kára og öll tæki og innréttingar af vönduðustu gerð.
Þetta er eintök eign á íslenskum fasteignamarkaði. Sjón er sögu ríkari.

Miðtún 11, 105 Rvk.,
2JA HÆÐA EINBÝLI M/BÍLSKÚR.

Einbýlishús á eftirsóttum stað, miðsvæðis í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær hæðir og er hvor um sig 49 fm. Á fyrstu hæð er forstofa, baðherbergi, stofa, eitt svefnherbergi og eldhús. Í kjallara er forstofa, baðherbergi, eldhús, stofa og svefnherbergi. 24 fm bílskúr er við húsið. Í dag er húsið nýtt sem tvær íbúðir en auðvelt að breyta í eina.
Velkomið að panta skoðun: hlynur@fold.is.

Jörfagrund 50, 116 Reykjavík/Kjalarnes,
4RA HERBERGJA.

Fold 552-1400 kynnir: Falleg 4ra herbergja 92 fm íbúð með sérinngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaaðstaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir.
Gott verð 33,9 millj.
Velkomið að panta tíma fyrir skoðun: einarm@fold.is

Þingvellir / Efristígur 2,
GLÆSILEGT SUMARHÚS Á FRÁBÆRUM STAÐ.

Einstaklega vandað sumarhús við Efristíg 2, Þingvöllum. Húsið er um 115 fm. Eignin skiptist í: Forstofu, stofu, fimm svefnherbergi, þrjú baðherbergi og eldhús. Stór pallur í kringum húsið. Flísar og parket á gólfum frá Birgisson. Jón Kaldal atrkitekt teiknaði húsið. Góð rúm fyrir 11 manns. Þetta er einstaklega glæsileg eign á frábærum stað í Þingvallaþjóðgarðinum.
Sjón er sögu ríkari. Verð 47 millj.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila

- traustar greiðslur

- langur leigutími

- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?
Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Hjólhýsi

HOBBY HJÓLHÝSI 2021 - STÓR SPARNAÐUR
Kaupið beint frá þýskalandi.
Við sjáum um allt pöntunarferlið.
Takmarkað magn!
Allar uppslýsingar sendist á:
kriben@simnet.is
sími: 8634449

POWRTOUCH MOVERS - HJÓLHÝSAMOVER
Topp gæði
Verð frá 169.000 kr.
Allar uppslýsingar sendist á:
kriben@simnet.is
sími: 8634449

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Meindýravarnir

Vantar þig meindýraeyðir?
Sé um öll smærri og stærri verk, eyðingu sem og ráðgjöf.
Upplýsingar í síma 780 4481.
Er með öll tilskilin leyfi.
Cultus/Jóhann

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
https://runarmurari.is

Ríkissáttasemjari
leitar að eldri íslenskum húsgögnum

(sófum, stólum, sófaborðum, lömpum og fleiru) til að hafa með nýrri íslenskri hönnun. Ef þú átt gömul íslensk húsgögn sem þú mátt sjá af fyrir sanngjarna greiðslu, endilega hafðu samband með tölvupósti, rikissattasemjari@rikissattasemjari.is, eða í síma 5114411.

Breytingar standa nú yfir á húsnæði ríkissáttasemjara og er markmiðið með þeim að bæta aðstöðu til sáttastarfa.

Þá er embættið þátttakandi í grænum skrefum í ríkisrekstri til þess m.a. að gera starfsemina umhverfisvænni, auka vellíðan og bæta starfsumhverfi. Nýting á fallegum eldri íslenskum húsgögnum í bland við ný er góð leið til að ná ofangreindum markmiðum.

Þarftu að ráða?
ráðum
ráðningarstofa
WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

ÚRVAL AF LOFTVIFTUM

BÆTIR LOFTGÆÐI
JAFNAR HITASTIG

Loftviftur

Glugga-viftur

Gott loft er gríðarlega mikilvægt, í vinnunni, heima hjá okkur og í skólastofum. Rannsóknir hafa sýnt að léleg loftgæði eykur líkur á sýkingum, veikindum og hefur áhfir á heilsu okkar. Gott inniloft skiptir máli.

Risaviftur
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Loftræsti-kerfi

Hljóðlátir blásarar

GÓÐ LOFTGÆÐI ER GÓÐ FJÁRFESTING.

ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
-andaðu léttar

FERMING 2021

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆTUM KJÓLUM, SKYRTUM OG
FLEIRA SPARILEGU Í STÆRÐUM 14-28 / 42-56

Pantaðu í netverslun www.curvy.is eða komdu
í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
& laugardaga frá kl. 11-16

Curvy

FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA

Kjóll
13.990 kr

Blússa
4.990 kr

Skyrta
7.990 kr

Kjóll
7.990 kr

Blazer jakki
7.990 kr

Ljósar gallabuxur
7.990 kr

*Verslunin Curvy * Fellsmúli 26 v/Grensásveg, 108 Reykjavík * sími 581-1552 * www.curvy.is*

Draumkenndur og seðjandi Dalahringur

Til er fjöldi uppskrifta með bökuðum Camembert eða Brie osti með hinum ýmsu kryddum, áleggjum og gúmmelaði sem verður stökkt og gómsætt í ofninum og passar vel með mjúkum og lekandi ostinum.

johannamaria@frettabladid.is

Kryddaða týpan

1 Dalahringur
1 msk. ólífuolía
2 msk. kryddblanda (jöfn hlutföll af cummin, papriku, kóríander og chilliduft ef vill)
250 g brotnar pekanhnetur
3 msk. mango chutney (eða hunang)
salt og pipar

Makaðu olíunni á Dalahringinn og veltu upp úr kryddblöndunni. Sjáðu til þess að allar hliðar fái nóg af olíu og kryddi. Veltu saman pekanhnetum og mango chutney og dreifðu yfir ostinn og komdu fyrir í miðjunni. Stráðu svo salti og pipar yfir og bakaðu við 180-200 °C í 10-15 mínútur. Berðu ostinn fram með stökku kexi að eigin vali.

Sú sæta

1 Dalahringur
1 msk. þurrkuð trönuber
250 g brotnar valhnetur
1 tsk. ferskt timjan
3 msk. hunang
smá skvetta af góðu balsamediki
salt
pipar

Fyrir þau sem vilja huga að smitvörnum má að sjálfsögðu bera góðgætið fram í sérbökuðum tartalettum og þá er um að gera að hafa sneið af osti neðst og áleggið ofan á.

Blandaðu saman valhnetum, hunangi, trönuberjum og timjan og dreifðu yfir ostinn. Stráðu næst salti og pipar yfir ostinn. Ekki er verra að leyfa um ½ matskeið af góðu balsamediki að fljóta yfir ostinn áður en hann er bakaður við 180-200 °C í 10-15 mínútur. Berðu ostinn fram með stökku kexi að eigin vali.

Fyrir þau sem ekki eiga hentugt bökunarílát sem rúmar ostinn er gott að útbúa lítið álpappírsvirki með bökunarpappír í botninum til þess að hemja útbreiðslu ostsins og hunangsins á ofnplötunni. Þá fer ekki gramm af bráðnu gullinu til spillis. Fyrir þau sem vilja huga að smitvörnum má að sjálfsögðu bera góðgætið fram í sérbökuðum tartalettum og þá er um að gera að hafa sneið af osti neðst og áleggið ofan á.

Dalahringur sómir sér vel með valhnetum og trönuberjum og kemur skemmtilega á óvart.

Hægt er að fylla tartalettur með sneið af osti og svo samblandi af kryddi, pekanhnetum, mango chutney og timjan.

Hvað verður um Fermingargjöfina þína?

Ekki gefa glataðar gjafir. Gefðu gjafabréf frá YAY.

Fermingarmaturinn frá Kryddi er freistandi, seðjandi og ómótstæðilega góður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kryddaðir vængir með rjómaosti.

Hilmar Þór Harðarson, yfirmatreiðslumaður á Kryddi.

Kóreskir lostætir kjúklingavængir.

Fögur hönnun og hlýja umvefja veislugestina á Kryddi.

Veitingastaðurinn Krydd er í menningar- og listamiðstöðinni Hafnarborg í Hafnarfirði.

Súrdeigspítsur með humri og á ítalska vísu.

Humar, kjúklingur og rækjur á spjótum.

Ógleymanlega góð fermingarveisla

Fermingardagurinn er fullkomnaður með gómsætum sælkerakrásum frá meistarakokkunum á Kryddi í Hafnarfirði. Hægt er að halda veisluna í einu fegursta húsi Hafnarfjarðar eða fá veislukostinn heim.

„Fermingardagurinn og fermingarveislan verða ógleymanleg hjá okkur; hvort sem við komum færandi hendi með gómsætan veislumatinn heim eða fermingarveislan er haldin í glæsilegri umgjörð Krydds í hjarta Hafnarfjarðar," segir Hilmar Þór Harðarson, matreiðslumeistari og einn eigenda veitingahússins vinsæla, Krydds, í tignarlegu húsi Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar.

Krydd er rómað fyrir ómótstæðilega matargerð og víst að veislugestir í fermingarveislum þar sem Krydd sér um matinn munu gleðjast mjög í munni og maga.

„Við göldrum fram æðislegar fermingarkrásir og bjóðum upp á nútímalegan veislukost sem er með annars konar tvisti en fólk á að venjast en er alltaf spennandi, seðjandi og gómsæt matarupplifun. Þar má nefna kóreska kjúklingavængi, beikonvafðar döðlur, buffaló-brauðhjúpað blómkál með „hot sauce", humarspjót, mini-hamborgara, kryddvængi með pestó, rjómaosti og trufflum, kóreskt soðbrauð fyllt með „pulled pork", kjúklingaspjót, rækjuspjót og fleiri krásir," upplýsir Hilmar og þá er fátt upptalið.

„Maturinn á Krydd fellur öllum í geð, jafnt börnum sem fullorðnum. Þetta er ekki hefðbundið kökuhlaðborð eða kalt borð, eins og alltaf er vinsælt í fermingarveislum, heldur óvænt góðgæti sem kemur skemmtilega á óvart og kitlar bragðlaukana. Við erum líka með barnvæn humarbrauð og ítölsk brauð sem eru í raun dýrindis súrdeigspítsur sem allir eru sólgnir í," segir Hilmar.

Gestgjöfum sem halda fermingarveislu á Kryddi er svo velkomið að koma með fermingartertuna með sér á veisluborðið.

„Við gerum það sem við erum best í, að elda ljúffengan mat, en látum bakarana um baksturinn. Því má koma með hvaðeina sætt undir tönn í veisluna hjá okkur, kransaköku, fermingartertu og allt sem fólk vill, þótt vitaskuld sé líka hægt að panta eftirréttina okkar á veisluborðið líka," segir Hilmar.

> **Við leggjum okkur í líma við að ganga í augun á gestunum með dýrindis veitingum og vitaskuld mætum við séróskum fermingarbarnsins sem oft vill eitthvað visst og í uppáhaldi á veisluborðið sitt.**
>
> Hilmar Þór Harðarson

Veisla til að njóta með gestunum

Fermingarveislur á Kryddi njóta mikilla vinsælda en fáeinar dagsetningar eru enn lausar til veisluhalds.

„Við rukkum ekki leigu fyrir salinn og verðið á veisluföngunum kemur þægilega á óvart, aðeins 4.990 á mann. Miðað við samkomubannið nú mega 50 fullorðnir koma saman í veislu en ef léttir enn meira á takmörkunum vegna Covid-19 getum við haldið allt að hundrað manna veislur í fallegum salarkynnum okkar. Þá er rýmið rúmgott og auðvelt að hafa tvo metra á milli borða," upplýsir Hilmar.

„Við förum að sjálfsögðu eftir ströngustu sóttvarnareglum og þótt fermingarveislan sé með hlaðborði veitinga er það allt COVID-vænt, maturinn er borinn fram á einnota spjótum fyrir hvern og einn og enginn snertir sömu hnífapör eða áhöld."

Krydd kemur líka með fermingarveisluna heim, eða í önnur salarkynni, og það hefur fallið mjög vel í kramið.

„Það léttir óneitanlega allan undirbúning fyrir fermingarveisluna að fá kokkana á Kryddi með sér í lið. Sé veislan haldin á glæstum, hlýlegum og sjarmerandi veitingastaðnum mætir fermingarbarnið einfaldlega með fjölskyldu sinni og fermingargestum á staðinn og foreldrarnir geta slappað af, notið dagsins og spjallað við gestina. Svo þegar veislan er búin förum við í fráganginn og uppvaskið og fermingarfjölskyldan fer sátt og sæl heim," segir Hilmar, og það sama er upp á teningnum þegar Krydd kemur með veislumatinn heim.

„Þá komum við með matinn á bökkum sem við setjum upp og sækjum aftur að veislu lokinni, óuppvaskaða og ekkert vesen. Æ fleiri kjósa að halda fermingarveislur með þessum hætti og njóta fermingardagsins með fermingarbarninu, án þess að vera á endalausum hlaupum og eldamennsku fram eftir öllu, enda kostar jafn mikið að kaupa hráefni í matinn fyrir 50 manns og sitja svo kannski uppi með dýrt hráefni sem skemmist ef allt klárast ekki. Við sjáum um veisluna frá A til Ö og leggjum okkur í líma við að ganga í augun á gestunum með dýrindis veitingum og vitaskuld mætum við séróskum fermingarbarnsins sem oft vill eitthvað visst og í uppáhaldi á veisluborðið sitt."

Krydd er á Strandgötu 34 í Hafnarfirði. Sími 558 2222. Netfang: krydd@kryddveitingahus.is. Sjá nánar á kryddveitingahus.is

Léttir liðir og fastar fléttur

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Alexandra Johansen hársnyrtir segir að á fermingardaginn kjósi margar stelpur að skarta miklum og fallegum liðum og léttum uppgreiðslum með föstum fléttum eða snúningum en strákarnir koma í klippingu fyrir ferminguna og láti það duga.

Mikið er um að stelpur fari í hárgreiðslu á fermingardaginn og það er því alltaf nóg að gera á þessum tíma ársins, að sögn Alexöndru, hársnyrti á Manhattan í Egilshöll, en hún hefur brennandi áhuga á öllu sem tengist hári.

„Margar stelpur koma í prufugreiðslu nokkrum dögum fyrir ferminguna og nýta þá tækifærið og fara í fermingarmyndatöku í leiðinni. Oftast hafa stelpurnar einhverjar hugmyndir um hvernig greiðslu þær vilja. Þær sem koma til mín eru yfirleitt búnar að skoða Instagram-síðuna mína eða leita að fallegum greiðslum á t.d. Pinterest. Þær koma gjarnan með myndirnar til mín og við útfærum þá greiðsluna. En svo eru líka margar sem eru ekki með neinar ákveðnar hugmyndir. Þá er sniðugt fyrir þær að koma í prufu þar sem við gerum mismunandi útfærslu af greiðslum og veljum síðan saman það sem klæðir hverja og eina best," segir Alexandra.

„Vinsælast í dag eru miklir, fallegir liðir og létt uppgreiðsla. Þá tek ég litlar skiptingar og krulla allt hárið. Svo er mjög eftirsótt að fá fastar fléttur eða snúninga sem eru teknir frá andlitinu. Þær stelpur sem koma í stólinn til mín hafa yfirleitt verið að safna hári fyrir fermingardaginn sinn en auðvitað eru margar með styttra hár sem er líka skemmtilegt. Áður fyrr var alltaf rosa spennandi að fá að klippa sig strax eftir ferminguna en núna halda flestar í síddina eftir ferminguna," segir Alexandra.

Alexandra segir margar fermingarstelpur hafa sterkar skoðanir á því hvernig hárgreiðslu þær vilji fá. „Þær koma gjarnan með myndir af fallegum greiðslum til mín og við útfærum þá greiðsluna." Eins og sjá má hér að neðan eru liðir afar vinsælir í fermingargreiðslunum árið 2021.

Lifandi blóm í hárið

Fermingarhártískan hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. „Áður fyrr var mikið um stífar uppgreiðslur, alls konar snúninga í hárið og skraut á borð við spennur og steina. „Núna er miklu meira um létta, fallega liði og hárið frjálsara og það fær að njóta sín betur," nefnir Alexandra.

En er mikið um skraut í hárið nú til dags? „Það er ótrúlega persónubundið hvað hver og einn vill fá í hárið á sér. Ég myndi segja að steinar, gerviblóm og þess háttar hafi ekki verið móðins upp á síðkastið heldur er meira um fallegar spennur með hvítum perlum og lifandi blómum sem er ótrúlega fallegt. Blóm sem heitir brúðarslör hefur verið vinsælt en það kemur alltaf ótrúlega vel út og gefur fallega lokaútkomu."

Þegar talið berst að fermingardrengjum og hártísku segir Alexandra að það sé allur gangur á því hvernig þeir vilji hafa hárið á sér. „Ég hef ótrúlega gaman af því hvað þeir hafa miklar skoðanir á því hvernig klippingu þeir vilja. Oftast er það stutt hár í hliðunum með smá „fade-i" í hliðunum og síðan er toppurinn tekinn fram og klipptur þvert eða greiddur til hliðar og aftur sem tengist „fade-inu". Yfirleitt koma strákarnir ekki í greiðslu á sjálfan fermingardaginn. Þeir koma í klippingu örfáum dögum áður og ég sýni þeim hvernig best sé að greiða sér og hvernig mótunarvörurnar séu settar í hárið og hvaða vörur henta hverjum og einum. Þegar þeir eru komnir með klippinguna og réttar vörur þá yfirleitt vilja þeir greiða sér sjálfir á fermingardaginn," segir Alexandra.

> **Þær stelpur sem koma í stólinn til mín hafa yfirleitt verið að safna hári fyrir fermingardaginn sinn en auðvitað eru margar með styttra hár sem er líka skemmtilegt. Áður fyrr var alltaf rosa spennandi að fá að klippa sig strax eftir ferminguna en núna halda flestar í síddina eftir ferminguna.**

Fleiri myndir má sjá á Instagram undir alexjohansenhar

Fermingarmöppur og gestabækur

Við bjóðum upp á áletrun á nafni og dagsetningu

MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS

við Reykjalund | 270 Mosfellsbæ
Sími 562 8500 | www.mulalundur.is

Mjúkir lokkar og falleg blóm er fallegt saman.

Létt uppgreiðsla með spennu og lokkar eru vinsælir.

Fastar fléttur og stórir liðir koma vel út ásamt blómum.

Fallegar fléttur og lifandi blóm setja svip á fermingargreiðsluna.

TOMMY HILFIGER

Sölustaðir: Klukkan Hamraborg, Meba Kringlunni og Smáralind, Jón & Óskar Kringlunni og Smáralind, GÞ Bankastræti, Halldór úrsmiður Glerártorgi, Karl R. Guðmundsson Selfossi, Michelsen Kringlunni, Klassík Egilstöðum.

Jesús sat margar veislur og það á að vera gaman

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Alls fermast 130 táningar í Hjalla- og Digranessókn fyrir páska í ár. Séra Sunna Dóra Möller segir fermingartímann í kirkjunni dásamlegan. Ósanngjarnt sé að segja að fermingarbörn fermist eingöngu gjafanna eða veislunnar vegna, því þau séu stolt og meðvituð um ákvörðun sína um að fermast. Hins vegar eigi að vera gaman og sjálfur frelsarinn hafi sótt margar veislur.

„Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.“

Þetta er ritningarversið sem Sunna Dóra Möller, prestur í Hjalla- og Digranesprestakalli, valdi þegar hún fermdist í Árbæjarkirkju 16. apríl 1989.

„Mér fannst ritningarversið fallegt og kristalla það sem ég var að gera með því að fermast; að velja Jesú sem fyrirmynd og leiðtoga lífs míns. Ég var afskaplega einlægt fermingarbarn og fermdist af heilum hug en mig grunaði ekki þá að ég ætti eftir að verða prestur seinna meir, þótt ég líti um öxl í dag og sjái þar ákveðnar vörður í átt að prestskap. Trúarkornið var alltaf til staðar og mér var mikið í mun að arka á hverjum sunnudagsmorgni í sunnudagaskólann í Árbæjarkirkju og safna stimplum í kirkjubókina mína í fermingarfræðslunni. Stundum er leiðin því ákvörðuð þótt maður sjái það ekki þá,“ segir Sunna Dóra sem fermdist í stórum hópi fermingarbarna í Árbænum þar sem athöfnin var tvískipt, fyrst

Séra Sunna Dóra segir gleði, virðingu og yndislega stemningu áþreifanlega í fermingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sunna Dóra á fermingardaginn þegar '80-tíska var allsráðandi. MYND/AÐSEND

> Mér þykir vænt um þessa fermingarstelpu sem stendur þarna feimin en hamingjusöm. Ég var í mínu fínasta pússi, rósóttri blússu við bleika buxnadragt með herðapúðum og permanent í rauðu hárinu.

var fermingarmessa en altarisganga fór fram í vikunni á eftir.

„Presturinn, séra Guðmundur Þorsteinsson, lagði mikið upp úr utanbókarlærdómi og við þurftum að læra heilan helling utan að, svo sem gullnu regluna, litlu Biblíuna, sálma, ritningarvers og vitaskuld trúarjátninguna, boðorðin og bænina Faðir vor. Svo spurði hann okkur út úr í fermingarathöfninni og við þurfum að flytja allt blaðlaust fyrir framan kirkjugestina. Þetta var auðvitað mikil manndómsvígsla fyrir unga og feimna unglinga en okkur munaði ekkert um þetta og allt situr það eftir,“ segir Sunna Dóra og brosir.

Feimin en hamingjusöm

Fermingardagur Sunnu Dóru er kær í minningunni.

„Þetta var stór og yndislegur dagur, og ég upplifði fermingunna mikilvæga. Á fermingardaginn eru unglingar í fyrsta sinn miðpunktur athyglinnar og þau taka þátt í athöfn sem öll snýst um þau. Foreldrar mínir höfðu útbúið veislu heima í Ártúnsholtinu og ég fékk að taka þátt í að velja matseðilinn. Mamma eldaði allan matinn; roast beef, steikta sveppi og tilheyrandi, og hún bakaði fallega fermingartertu. Fjölskyldan kom til veislunnar og fullt af gestum til að fagna þessum tímamótum með mér. Mér fannst merkilegt að allir væru samankomnir vegna mín, að fólk léti sig fermingunna mína sig varða og það hreyfði við mér að fullorðna fólkið tæki mark á minni sjálfstæðu ákvörðun um að fermast og væri tilbúið til að koma og gera daginn minn sem bestan. Þetta var notaleg samvera og eftir stendur góð tilfinning um hvað mér leið vel með þennan dag,“ segir Sunna Dóra og brosir þegar hún horfir á fermingarmyndina af sér.

„Ég var í mínu fínasta pússi, rósóttri blússu við bleika buxnadragt með herðapúðum og með permanent í rauðu hárinu. Tískan er lýsandi fyrir þennan tíma og mér þykir vænt um þessa fermingarstelpu sem stendur þarna feimin en hamingjusöm.“

Fermingargjafirnar voru ekki af verri endanum.

„Ég fékk þrjú skartgripaskrín, fínleg gullarmbönd sem voru þá mjög í tísku, krossa í stórum stíl og hringa, líka orðabækur, rúm og rúmföt og 16 þúsund krónur í peningum sem mér þótti mikið fé og var stærsta upphæð sem ég hafði nokkurn tímann eignast. Ég fékk svo að fara í Kringluna og kaupa mér föt og var alsæl með það.“

Trú, von og kærleikur

Fermingarbörnin í Hjalla- og Digranesprestakalli eru 130 talsins í ár. Þau verða fermd í sex athöfnum, á pálmasunnudag og skírdag.

„Tími ferminga í kirkjunni er dásamlegur tími og ekkert skemmtilegra en að ganga inn í fermingarathöfn. Þá ríkir svo mikill hátíðleiki og gleði og fermingarbörnin eru svo fín og til sóma og sýna svo mikla virðingu. Fjölskyldan er samankomin til að fagna með þeim, yndisleg stemning er áþreifanleg og athöfnin létt, falleg og skemmtileg,“ segir Sunna Dóra, full tilhlökkunar fyrir fermingunum fram undan.

Hún segir fermingarbörnin spurul og áhugasöm um kristna trú.

„Þau koma iðulega með krefjandi spurningar og láta mann hafa fyrir því að fara inn í kjarnann og það finnst mér gott. Mér finnst ósanngjörn umræðan um að fermingarbörn fermist bara vegna veislunnar og gjafanna. Það er enda í góðu lagi að hlakka til veislunnar, matarins og gjafanna. Jesús sat margar veislur og til borðs með fólki, og það á að vera gaman! En fermingarbörnin eru einlæg í sinni trú og ákvörðun, því þau eru að fullorðnast og velta fyrir sér lífinu. Í fermingarfræðslunni eru þau að marka sér lífsskoðun og afstöðu og hvaða gildi þau ætla að hafa að leiðarljósi í lífi sínu.“

Fermingin sé staðfesting á ákvörðun foreldra ungbarnsins, að bera það til skírnar og taka afstöðu um að standa vörð um barnið og vilja þeirra um að barn þess sé blessað og beðið sé fyrir því.

„Við fermingu tekur unglingurinn sjálfstæða ákvörðun um að tilheyra einhverju sem er stærra og meira en hann sjálfur og hafa trú, von og kærleika að leiðarljósi. Að vanda sig við að vera góð manneskja, vitandi að það þarf ekki að gera allt einn og trúandi því að yfir honum sé vakað. Það eru mikilvæg skilaboð í fermingunni. Kirkjan er stærsta samfélag og fjöldahreyfing sem við eigum í landinu. Hún er trúnaðarvinur sem þú átt alltaf að og þar áttu ætíð skjól. Þar er maður alltaf samþykktur eins og maður er og getur verið maður sjálfur. Við förum líka í lífsleikni í bland við trúarfræðin, til að styrkja ungmennin og gefa þeim veganesti út í lífið. Þess vegna er fermingarárið mikilvægt ár,“ segir Sunna Dóra.

Skilaboð hennar til fermingarbarna eru að leyfa sér að njóta fermingardagsins og muna eftir þakklætinu því miklu skipti að kunna að sýna þakklæti í verki en telja ekki allt sjálfgefið.

„Að standa stolt í fermingarkyrtlinum og hugsa: „Þetta er mín ákvörðun og hún er stór og mikilvæg. Ég er að varða mína leið í lífinu og fermingin er einn af stóru steinunum í götuna á þeirri leið.“



FERMINGAR & GJAFIRNAR

Hnattlíkan Galilei silfur
Verð: 8.559.-

Hnattlíkan með ljósi Elite 30 cm
Verð: 10.699.-

Hnattlíkan með ljósi Antiquus 30 cm
Verð: 19.999.-

Skittle Bottle hita/kæli brúsi 500ml
Verð: 5.199.-

Ljóshringur Xqisit Selfie 14”
Verð: 14.999.-

Leikjastóll Commander
Verð: 37.979.-

Leikjaborð Fighter
Verð: 45.149.-

Höfuð
Verð: 3.499.-

Vekjaraklukka Edge
TILBOÐSVERÐ: 6.299.-
Verð áður: 8.999.-

Nuddpúði í leikjastól
Verð: 8.299.-



Passíusálmar
Verð: 3.699.-

Dóttir hafsins
Verð: 3.799.-

Norrænu goðin
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

Ferðataska Cloud 55 cm
Verð: 15.999.-

Ferðataska Cloud 69cm
Verð: 19.999.-

Ferðataska Cloud 79 cm
Verð: 25.699.-



The Literature Book
Verð: 4.999.-



Everything You Need To Ace English Laguage Arts In One Big Fat Notebook
Verð: 3.499.-



The Story of Painting
Verð: 5.599.-



Around The World In 60 Seconds
Verð: 5.999.-



Náttúran - Leiðsögn í máli og myndum
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 8.999.-

Gæfuspor - Gildin í lífinu
Verð: 2.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 31. mars. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Rjómabollumarengstertan hennar Ásdísar er alveg dísæt og girnileg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ásdís notar sýrðan rjóma á móti majónesinu svo brauðtertan verði fallega hvít. MYND/AÐSEND

Leikni að skreyta fallega

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Ásdís Hjálmtýsdóttir er sérlegur snillingur í brauðtertugerð enda hefur hún samhliða starfi sínu sem matráður á leikskóla búið til og skreytt brauðtertur og fleiri klassískar kökur fyrir fjöldann allan af veislum.

Ásdís segir að brauðtertur séu alltaf vinsælar í fermingarveislum en vinsældirnar hafi þó tekið skyndilegan kipp fyrir tveimur árum síðan. Hún hefur þó engar skýringar á þeim skyndilegu vinsældum.

„Það varð bara rosaleg sprenging. Allir vildu fá snittur og brauðtertur í fermingarveislurnar. Það varð sérstaklega mikill áhugi hjá unga fólkinu og þeim sem eru að ferma," segir Ásdís.

„Þegar maður er með veislu þá þarf hún að vera fjölbreytt. Það eru ekkert allir sem borða gamaldags rjómatertur. Það er kannski helst eldra fólkið."

Ásdís hefur búið til brauðtertur fyrir veislur í um það bil 30 ár og segir að uppskriftin af brauðtertunum hennar hafi ekki breyst mikið á þeim tíma.

„Fólk vill alltaf fá eins tertu, hvort sem það er fimmtugsafmæli hjá mömmunni eða ferming hjá syninum. Þó fólk haldi veislu með margra ára millibili þá vill það fá sömu uppskriftina. Það er alltaf verið að reyna að finna upp hjólið og búa til eitthvað nýtt, en þetta gamla er samt alltaf best," segir Ásdís.

Vinsælustu brauðterturnar eru rækjuterta, túnfiskterta og skinkuterta í þessari röð að sögn Ásdísar.

„Fólk er oft með heita rétti með skinku í og er þá ekki með skinkubrauðtertu. En ég geri líka hangikjötstertu og roast beef og laxatertu. Ég geri aðeins öðruvísi salöt en margir aðrir. Ég nota til dæmis mjög mikið af rækjum í rækjubrauðtertuna mína en ekki mikið af eggjum. Eins nota ég ekki mikið af majónesi, ég vil ekki hafa terturnar löðrandi í majónesi og nota þess vegna meira af öðru hráefni. Eins þá nota ég alltaf sýrðan rjóma með majónesinu. Sýrði rjóminn hindrar að terturnar gulni," útskýrir Ásdís.

Brauðterturnar hennar Ásdísar eru alltaf listilega vel skreyttar. Hún býr yfirleitt til rósir úr tómötum eða plómum sem hún skreytir terturnar með. En hún segir aðspurð að það taki svolítinn tíma að ná leikni í að búa til rósirnar.

„Ég er með aðstoðarkonu sem hefur verið að hjálpa mér að gera brauðtertur, hún hefur eytt ansi mörgum kílóum af tómötum bara til að prufa," segir Ásdís og hlær. „Þetta er bara tilfinning og leikni. Það er erfitt að kenna þetta, þetta kemur bara allt í einu. Það þarf að skræla tómatinn eða plómuna þunnt. Þú skerð alltaf bara í hring og vefur þessu svo öfugt upp, þá kemur rós. Þetta er ekki flóknara en það. En það er leikni að ná þessu nógu þunnu," segir hún.

Auk þess að gera girnilegar brauðtertur býr Ásdís einnig til fleiri tertur sem eru vinsælar í fermingarveislum. Marensbomban hennar með kókosbollunum er til dæmis alveg sérstaklega gómsæt og líka falleg á fermingarborðið. Ásdís deilir hér uppskriftinni að marensbombunni.

Brauðtertudrottningin Ásdís Hjálmtýsdóttir hefur búið til og skreytt brauðtertur fyrir veislur í 30 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rækjutertan er vinsælust en þar á eftir koma túnfisk- og skinkuterta. MYND/AÐSEND

> **Fólk vill alltaf fá eins tertu, hvort sem það er fimmtugsafmæli hjá mömmunni eða ferming hjá syninum.**

Marensbomba

Þessi uppskrift er fyrir 40 manns, þannig að hún hentar vel á fermingarborðið.

Botnar:
10 eggjahvítur
500 g sykur
2 bollar rice crispies

Stífþeytið eggjahvíturnar, bætið síðan sykrinum saman við í smá skömmtum, þeytið áfram þar til massinn er mjög stífur, þá er rice crispiesinu blandað saman við með sleikju þar til þetta er vel samlagað.

Breiðið smjörpappír á bökunarplötu og setjið helming af massanum á pappírinn og dreifið úr eins og hægt er. Síðan er gert alveg eins á aðra plötu. Bakað með blæstri á 110 °C í 3 klst.

Á milli eru settir 2 lítrar af þeyttum rjóma, fyrst helmingurinn á neðri botninn og 1 kg af frosnum hindberjum, 7 pakkar af kókosbollum og yfir kókosbollurnar kemur restin af þeytta rjómanum og svo efri botninn þar ofan á.

Ofan á sprautar Ásdís súkkulaðiísingu frá Kjörís í línur og leyfir því að leka niður eftir kökunni. Síðan setur hún alls konar ferska ávexti, t.d. vínber, græn og rauð, jarðarber, bláber, blæjuber og granateplakjarna.

Ásdís leggur metnað í að skreyta marenstertuna rétt eins og brauðterturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lykilþáttur góðrar fermingarveislu

Þegar velja þarf kaffi fyrir fermingarveisluna er best að velja tegund sem flestum líkar vel við. Kaffitár býður upp á Morgundögg og Kvöldroða sem henta sérstaklega vel fyrir slík tilefni.

„Það er óhætt að segja að gott kaffi sé einn af lykilþáttum góðrar fermingarveislu. Þegar aðstandendur fermingarbarnsins eru að bjóða til sín ættingjum og vinum á þessum stóra og eftirminnilega degi þar sem boðið er upp á ljúffengar veitingar má kaffið að sjálfsögðu ekki klikka," segir Sólrún Björk Guðmundsdóttir, sölustjóri kaffideildar OJK. „Það er svo sannarlega ekki gaman að vera með frábærar veitingar en bjóða síðan upp á kaffi sem er alls ekki í sama gæðaflokki. Kaffitár kaupir um 80% af öllu kaffi beint frá bónda, sem tryggir bæði stöðugleika í gæðum og um leið að bændur fá sinn hlut óskertan. Kaffið frá Kaffitári fæst í flestum matvöruverslunum hérlendis auk þess sem hægt er að kaupa kílóapakka á kaffihúsum Kaffitárs og í vefverslun okkar, verslun.kaffitar.is".

Vanda þarf valið

Kaffitár býður upp á margar tegundir af úrvalskaffi að sögn Sólrúnar. Þegar velja þarf kaffi fyrir veislu á borð við fermingarveislu, þar sem samsetning gesta getur verið fjölbreytt, er þó gott að hafa nokkra hluti í huga. „Best er að velja kaffi sem flestum líkar vel við. Þar má helst nefna tegundir á borð við Morgundögg og Kvöldroða, en báðar þessar tegundir passa vel með kökum og skyldum veitingum og einnig eftir mat."

Morgundögg og Kvöldroði frá Kaffitári henta sérstaklega vel fyrir fermingarveisluna. Kaffitár býður upp á margar tegundir af úrvals kaffi fyrir gesti.

Ólíkar þarfir

Þegar áætla þarf magn fyrir veislu segir Sólrún að oft megi gera ráð fyrir að um 20% veislugesta drekki ekki kaffi, t.d. börn og unglingar. Það sem helst þarf því að hafa í huga er heildarfjöldi gesta, hversu margir þeirra drekka kaffi og hvort um kökuboð eða matarboð sé að ræða. „Fyrir matarboð er gott að gera ráð fyrir tveimur bollum á mann en sé um köku- eða kaffiboð að ræða má gera ráð fyrir þremur bollum á mann. Fyrir hvern lítra af kaffi er gott að nota 50-60 g af kaffi en úr einum lítra má reikna með átta bollum. Þannig að ef 100 manns í fermingarveislu drekka kaffi mælum við með 1,5-2,5 kg af kaffi. Ef það verður afgangur er lítið mál að geyma kaffið og hella upp á heima síðar."

Snýst um víðsýni og sátt við lífið

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Ásatrúarfélagið býður upp á manndómsvígslu sem skiptist í siðfræðslu og siðfestu. Athöfnin er ekki sótt í ásatrú en gengur út á að tileinka sér heiðinn lífsstíl, sem snýst um ábyrgð, virðingu og að lifa í sátt.

Hjá Ásatrúarfélaginu er boðið upp á siðfræðslu og siðfestu, sem samsvarar fermingarfræðslu og fermingu í kristni. Athöfnin hefur verið í boði í langan tíma vegna þess að félagsmenn vildu sína eigin manndómsvígslu.

„Fermingarundirbúningurinn okkar heitir siðfræðsla. Við erum búin að vera með hana lengi og það er alltaf að fjölga í hópnum. Þetta er mjög skemmtilegt, enda eru unglingar skemmtilegasta fólk í heimi. Þau eru með opinn huga og eru alltaf til í að ræða málin og skiptast á skoðunum," segir Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði og starfandi allsherjargoði. „Fyrirkomulagið breyttist náttúrlega vegna COVID þannig að við ákváðum að taka hana í gegn, færa hana meira á netið og hafa alla saman, óháð staðsetningu, sem er mjög gaman.

Í fræðslunni erum við ekki að boða einhverja trú eða kenna trúarbrögð, heldur er áherslan á heiðinn lífsstíl. Þetta snýst um að undirbúa þau fyrir lífið og að verða fullorðin," segir Jóhanna. „Heiðinn lífsstíll gengur út á að hafa þá stefnu í lífinu að vera víðsýn og sátt, bæði við okkur sjálf og umhverfið. Það skiptir miklu að umgangast fólk þannig að bæði manni sjálfum og fólkinu sem maður umgengst líði vel.

Jóhanna Harðardóttir hefur verið Kjalnesingagoði frá árinu 2004 og er starfandi allsherjargoði. MYND/AÐSEND

Í siðfestu tíðkast að láta drykkjarhorn ganga og drekka heillaskál þess sem er að fara í gegnum athöfnina, en COVID stöðvaði þá hefð. MYND/AÐSEND

> Í fræðslunni erum við ekki að boða einhverja trú eða kenna trúarbrögð, heldur er áherslan á heiðinn lífsstíl.

Í Hávamálum eru heilræði til að lifa í sátt í samfélaginu og við reynum að kenna krökkum að vera sátt við sig og þekkja sig og vita hvað þau standa fyrir, ásamt því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum," segir Jóhanna. „Við leggjum líka mikla áherslu á ábyrgð. Þessir krakkar eru að komast á þann aldur þar sem mamma og pabbi verða ekki alltaf til staðar, svo þau þurfa að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum."

Allir fá einkaathöfn

„Heiðin ferming heitir siðfesta. Munurinn á okkar athöfn og annarra er að hjá okkur fá allir sína persónulegu einkaathöfn, sem er oft heima hjá þeim eða á fallegum stað í náttúrunni, og þau eru sjálf þátttakendur í henni og velja sér eitthvert uppáhaldserindi úr Hávamálum og lesa það fyrir gesti sína," segir Jóhanna. „Við erum yfirleitt úti og höfum athöfnina við lítið eldker.

Það eru engar trúarjátningar í ásatrú og athöfnin gengur út á að viðurkenna fyrir sjálfum sér og öðrum að ætla að hafa heiðinn lífsstíl að leiðarljósi," segir Jóhanna. „Það er engin krafa um að það sé fyrir lífstíð, þetta snýst bara um að hefja lífið saman."

Manndómsvígslur mikilvægar

„Ástæðan fyrir því að við bjóðum upp á siðfræðslu og siðfestu er vegna kröfu frá samfélaginu okkar og þetta er ekki sótt í ásatrú. Fermingar eru orðnar mjög stór þáttur í fjölskyldulífi nútímamanna og það er til siðs að hafa hátíð þegar krakkar verða unglingar," segir Jóhanna. „Okkar krakkar, eins og aðrir, vilja fá sína veislu og halda upp á líf sitt og foreldrarnir vilja það líka. Manndómsvígslur eru svo algengar að maður skilur það. Krakkarnir hafa líka gott af fræðslunni og það er okkur gleðiefni að geta fylgt þeim svona úr hlaði.

Hópurinn sem fer í siðfestu er mjög fjölbreyttur. Þetta eru krakkar af öllu landinu og mörg þeirra eru alin upp við heiðni, en það er líka mikið af nýjum krökkum sem hafa komið í siðfestu eldri krakka og finnst þetta spennandi, ekki síst af því að þetta er einkaathöfn, og þau eru jafn velkomin," segir Jóhanna. „Hjá okkur eru líka ekki allir á fermingaraldri, því siðfestan er ekki bundin aldri. Því eru núna þrjár fullorðnar konur í hópnum, sem er mjög skemmtilegt og lífgar upp á fræðsluna og gerir hana fjölbreyttari. Þær þora oft frekar að spyrja og hefja umræður."

Heiðni kennir margt

„Goði hefur svipað hlutverk í siðfestu og prestur í fermingu. Ég byrja að helga athöfnina og segi nokkur orð um hvað það er að vera heiðinn og frá fræðslunni sem viðkomandi hefur verið í og minni á þau atriði sem hafa verið rædd þar," segir Jóhanna. „Síðan fer sá sem er í siðfestu með erindi sem viðkomandi velur sér úr Hávamálum, eitthvað sem höfðar sérstaklega til hans/hennar. Svo er óskað heilla og hefðin er að láta drykkjarhorn ganga til að drekka heillaskál en það gengur náttúrlega ekki í COVID. Athöfnin er mjög opin, það er hægt að ráða því hvort málin eru rædd eftir það eða strax gengið til veislu.

Krakkarnir í fræðslunni minni voru spurð hvað þeim finnst heiðni gefa þeim og svörin eru fjölbreytt, en þau leggja mikla áherslu á að heiðni kenni ábyrgð, virðingu, jafnrétti og umburðarlyndi gagnvart þeim sem eru öðruvísi," útskýrir Jóhanna, sem leggur mikla áherslu á að lifa í sátt.

„Ef maður er sáttur við sjálfan sig og umhverfið er allt í lagi. Eina manneskjan sem þú lifir með alla ævi er þú sjálf(ur) og ef þú ert sáttur við sjálfa(n) þig eru meiri líkur á að aðrir séu það líka og þú við þau," segir Jóhanna. „Það er líka alltaf hægt að fá hjálp ef maður er ekki ánægður eða eitthvað er að. Það þarf bara að læra að sækja hana og og við reynum að kenna þeim leiðirnar."

„Tónlistin hefur leitt mig
á vit bestu dvalarstaða
og mestu ævintýra lífsins.“

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN • SKIPHOLTI 50D • REYKJAVÍK • S. 552 1185 • WWW.TONASTODIN.IS

Gestirnir í veislunni fengu að sjá manndómsvígslumyndbandið og hlógu mikið.



Elvar Ingi segir að sjálfstraustið hafi aukist við að þora að gera eitthvað öðruvísi.

Gott fyrir sjálfstraustið

Elvar Ingi Guðjónsson er nemi í 9. bekk í Húsaskóla í Grafarvogi. Þegar kom að fermingu hjá jafnöldrum hans í fyrra ákvað hann að fara aðeins aðra leið en flestir og segist sáttur við þá ákvörðun.

sandragudrun@frettabladid.is

Elvar Ingi vissi að hann vildi ekki fermast í kirkju og fór að hugsa hvað hann ætti þá að gera. Hann skoðaði siðfestu hjá Ásatrúarsöfnuðinum en leist ekki nógu vel á hana og langaði að gera eitthvað öðruvísi. Þá kom upp sú hugmynd að gera manndómsvígslu í gríni og við tók undirbúningur á henni.

„Ég þurfti sem sagt að uppfylla fimm lífsgildi. Þau voru umhyggja, viska, heiðarleiki, hugrekki og sjálfsbjargarviðleitni. Við gerðum svo myndband af öllum þrautunum sem ég leysti," segir Elvar Ingi.

„Ég þurfti til dæmis að hjálpa til heima við að vaska upp og eitthvað þannig. Ég hjálpaði systur minni í körfubolta og ýtti litla bróður mínum í rólu, hjálpaði ömmu yfir götu og fleira þannig. Aðalparturinn af vídeóinu var að ég þurfti að lifa af í náttúrunni. Þá gerðum við svolítið grín að Cast Away, kvikmyndinni. Ég var með gamlan körfubolta í staðinn fyrir blakbolta og var skítugur og þannig."

> Ég þurfti sem sagt að uppfylla fimm lífsgildi. Þau voru umhyggja, viska, heiðarleiki, hugrekki og sjálfsbjargarviðleitni.
>
> Elvar Ingi Guðjónsson

Öll fjölskyldan hjálpaðist að við gerð myndbandsins, foreldrarnir bjuggu til þrautirnar og frænkur Elvars Inga bjuggu til búningana og sáu um förðunina. Myndbandið var svo sýnt í manndómsvígsluveislu sem haldin var í júní þegar COVID leyfði.

„Þetta var bara venjuleg veisla að öllu leyti nema að myndbandið var sýnt í henni. Ég held að engum hafi ekki líkað það. Það voru allavega flestir hlæjandi," segir Elvar Ingi og svarar því játandi að hann sé sáttur við að hafa gert eitthvað öðruvísi en aðrir.

„Já, ég er sáttur við það. Það var líka gott fyrir sjálfstraustið hjá mér að gera þetta myndband. Að þora að gera eitthvað svona öðruvísi," segir hann

Þannig að það að gera myndbandið var hálfgerð manndómsvígsla? Þú lærðir af því og fékkst aukið sjálfstraust?

„Já, ég myndi segja það."



Þrátt fyrir óhefðbundinn undirbúning var veislan hefðbundin. MYNDIR/AÐSENDAR

Elvar Ingi þurfti að læra sjálfsbjargarviðleitni. Það var gert með smá grini í anda kvikmyndarinnar Cast away.

Fjölskylda Elvars Inga hjálpaðist öll að við gerð myndbandsins. Að taka það upp, klippa og búa til búninga.

YESTA – Harmy shiffonkjóll
Stærðir 44-56
Verð kr. 15.980

ZHENZI kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr.12.990

YEST Hunter kjóll/tunika
Stærðir 36-48
Verð kr. 10.980

IVY BEAU- Zakira kjóll með pífukanti
Stærðir 36-44
Verð kr. 10.980

ES&SY - Naftali peysukjóll
Stærðir 36-44
Verð kr. 7.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE ZE Nordic | OPHILIA

GOZZIP skyrtukjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 15.980

Studio kjóll með shiffonslá
Stærðir 40-6
Verð kr.15.980

QUE oversized skyrta
Stærðir 38-52
Verð kr. 27.980

YEST - Genivy síður pífukjóll
Stærðir 38-48
Verð kr. 18.980

YESTA - Hanah síður pífukjóll
Stærðir 44-56
Verð kr. 18.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | Tamaris | Handberg | Jana

FESTIVAL sokkabuxur
Fást líka í svörtu og bláu
Stærðir 38-56
Verð kr. 1.990

FESTIVAL leggings
Fást líka í svörtu og bláu
Stærðir 38-56
Verð kr. 3.490

FESTIVAL leggings
Fást líka í svörtu
Stærðir 38-56
Verð kr. 3.490

FESTIVAL leggings
Fást líka í svörtu
Stærðir 38-56
Verð kr. 3.490

TAMARIS hælaskór
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-43
Verð kr.14.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Börnin vilja að hlustað sé á þau

Fermingarbörn eru klár og þau eru að velta fyrir sér ýmsum stórum spurningum. Í borgaralegri fermingarfræðslu er lögð áhersla á að hlusta, taka mark á börnunum og undirbúa þau fyrir lífið.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Áslaug Guðný Unnsteinsdóttir, leiðbeinandi í borgaralegri fermingarfræðslu Siðmenntar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áslaug Guðný Unnsteinsdóttir, leiðbeinandi í borgaralegri fermingarfræðslu Siðmenntar, segir að það sem skiptir fermingarbörn mestu máli sé að finna að það sé hlustað á þau. Hún fermdist sjálf hjá Siðmennt og er ekki trúuð en fór í nám í guð- og trúarbragðafræði við Háskóla Íslands því hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á trúarbrögðum.

„Ég hef sérstakan áhuga á því hvernig trúarbrögð láta fólk gera bæði góða og slæma hluti í nafni trúarinnar. Mig langaði að skilja fólk betur," segir Áslaug.

Hún segir að námið hjálpi henni sem leiðbeinanda.

„Það hjálpar af því að börnin spyrja oft um guð og eru að velta þessu fyrir sér. Þá er skemmtilegt að geta útskýrt hlutina með því að gefa þeim dæmi úr ýmsum trúarbrögðum, ekki bara kristni," segir Áslaug.

Áhersla á umræður

Áslaug segir að borgaraleg fermingarfræðsla gangi út á að kenna börnunum hluti sem muni nýtast þeim gegnum lífið.

„Þau læra um gagnrýna hugsun og siðfræði og það er verið að kenna þeim eitthvað sem skólakerfið kennir þeim ekki," segir hún. „Fræðslan fer þannig fram að það er kynning eða fyrirlestur og svo umræður. Síðan taka við leikir og verkefni sem tengjast námsefninu. Í lok tímans sest ég svo niður með krökkunum og við ræðum daginn og veginn og tökum smá pælingar, bæði út frá námsefninu og ekki. Þetta snýst rosalega mikið um samtal og heimspekilegar umræður um efnið og pælingar og spurningar út frá því.

Fræðslan fer fram á hóteli í Reykjavík en svo eru líka helgarnámskeið í SÍBS-húsinu og um helgar er einnig boðið upp á þessa fræðslu víða á landsbyggðinni," segir Áslaug.

Tekið mark á þeim

Áslaug leiðbeinir þremur hópum og í hverjum eru 15-20 krakkar. Hún segir að það sem brennur helst á krökkunum sé að einhver hlusti á þau.

„Mér finnst skólakerfið ekki taka nægilegt tillit til þess hvað þau eru ótrúlega klár og spekúlera mikið í hlutum," segir hún.

„Í fræðslunni hjá okkur fá þau að hugsa um hluti sem þau hafa ekki fengið að velta fyrir sér áður og það er einhver sem hlustar á spurningar og vangaveltur þeirra með fullum áhuga. Þau eru mjög mikið að velta fyrir sér geðheilbrigðismálum, kynjamisrétti, mannréttindum og öðrum tengdum málefnum. Þau eru líka að velta fyrir sér alls konar stórum spurningum eins og „af hverju trúir fólk á guð?" og „hvers vegna er sumt fólk með fordóma gagnvart múslímum?". Þau eru mjög klár."

Að fræðslunni lokinni tekur svo athöfnin sjálf við.

„Athöfnin er fyrst og fremst viðurkenning á því að hafa sótt námskeiðið og lokið því, að viðkomandi sé búinn að fá nægan þekkingu til að vera tilbúin(n) til að fara út í lífið," segir Áslaug.

> **Í fræðslunni hjá okkur fá þau að hugsa um hluti sem þau hafa ekki fengið að velta fyrir sér áður og það er einhver sem hlustar á spurningar og vangaveltur þeirra með fullum áhuga.**
>
> Áslaug Guðný Unnsteinsdóttir

Fræðslan gaf henni mikið

„Það er mikilvægt að bjóða upp á borgaralega fermingu vegna þess að það eru ekki allir trúaðir og það eru ekki allir sem eru trúaðir kristnir," segir Áslaug. „Mér finnst líka eins og efnið sem við tökum fyrir vanti í skólakerfið og það er rosa gott að geta boðið upp á góða fræðslu. Kynfræðslan hjá okkur eru til dæmis mjög fín en þau fá ekki nógu góða kynfræðslu í skólanum."

Sjálf fermdist Áslaug borgaralega árið 2010 af því að hún trúir ekki á guð og segir að fræðslan hafi gefið sér mjög mikið.

„Sérstaklega þetta með gagnrýna hugsun. Í fyrsta sinn var verið að biðja mig um að horfa á eitthvað með gagnrýnum augum og spyrja mig hvað mér fannst," segir hún. „Loksins var eins og ég skipti máli og leiðbeinandinn hafði raunverulegan áhuga á því sem ég sagði."

Hún ákvað svo að gerast leiðbeinandi hjá Siðmennt eftir að hafa heyrt góða hluti frá vinum sem eru leiðbeinendur.

„Þau sögðu að þetta væri yndislegt og ég hef mjög gaman af börnum, sérstaklega á þessum aldri, og mér finnst ekki nógu mikið hlustað á þau," segir Áslaug. „Mig langaði að læra af þeim og taka þátt í að móta huga ungs fólks sem er að verða fullorðið."

FERMINGARVEISLA FRAMUNDAN?

Í Stórkaup færðu úrval rétta á veisluborðið eins og kjúklingaspjót, smápítsur og beikondöðlur ásamt girnilegum eftirréttum og gómsætum bitum. Dúkarúllur, renningar, servíettur og ýmiskonar skreytingaefni. Skoðaðu úrvalið áður en þú ferð lengra.

STÓRKAUP
BIRGÐAVERSLUN

567 9585 | storkaup@storkaup.is | Faxafeni 8, 108 Reykjavík

ER FERMING FRAMUNDAN?

20%
AFSLÁTTUR
SINFONIA OG CHIRO UNIVERSE

SERTA SINFONIA

HEILSURÚM

MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM

Í stærðunum 120 & 140 x 200 cm.

STÆRÐ	FULLT VERÐ	FERM.TILBOÐ
120x200 cm	169.040 kr.	135.232 kr.
140x200 cm	195.620 kr.	156.469 kr.

EINSTÖK RÚM FYRIR VAXANDI FÓLK

Góður nætursvefn skiptir gríðarlegu máli á unglingsárunum. Hann er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska. Á þessum árum eiga sér stað miklar hormónabreytingar og stóran hluta hormónanna framleiðir líkaminn á nóttunni og framleiðslan er háð góðum nætursvefni. Svefn er því ein af grundvallar undirstöðum líkamlegrar og andlegrar heilsu.

CHIRO UNIVERSE

HEILSURÚM

MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM

Í stærðunum 120 & 140 x 200 cm.

STÆRÐ	FULLT VERÐ	FERM.TILBOÐ
120x200 cm	156.620 kr.	125.296 kr.
140x200 cm	171.620 kr.	137.296 kr.

QOD STÓRI BJÖRN

DÚNSÆNG 135 X 200 CM

20%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 19.900 KR.
FERMINGARTILBOÐ: 15.920 KR.

QOD STÓRI BJÖRN

KODDI MEDIUM 50X70 CM

FULLT VERÐ: 7.900 KR.
FERMINGARTILBOÐ: 6.320 KR.

DIMMA

RÚMFÖT

20%
AFSLÁTTUR

140X200 CM
MARGIR LITIR –
TVÆR GERÐIR

FULLT VERÐ FRÁ: 14.900 KR.
FERMINGARTILBOÐ
FRÁ: 11.920 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

OPNUNARTÍMI
Mán.–Fös. 11–18
Laugardaga 11–16

Betra BAK

Ömmubróðir gaf aleiguna, tvær krónur

Hefðir í kringum fermingar hafa breyst mikið á síðustu öld og halda áfram að breytast. Fermingargjafir tíðkuðust alla 20. öldina en það sem var á óskalista fermingarbarna um 1900 kæmist líklega ekki á lista nútímabarna.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Þjóðminjasafnið sendi út spurningalista til hóps fólks árið 1983 og aftur árið 2011 þar sem meðal annars var spurt um fermingu. Elsta fólkið sem svaraði spurningunum var fætt í lok 19. aldar en fermdist snemma á þeirri 20., en nýjustu svörin eru frá fólki sem fermdist snemma á 10. áratug síðustu aldar.

Helga Vollertsen, sérfræðingur í munasafni hjá Þjóðminjasafni Íslands, segir listana hafa verið senda út fyrst og fremst til að safna frásögnum um tíma sem eru að hverfa. „Hugmyndin er að geyma vitneskju til að hægt sé að nota hana í rannsóknir," útskýrir hún.

Alveg frá því snemma á síðustu öld og lengi fram yfir miðja öld virðast úr hafa verið algengasta fermingargjöfin miðað við lauslega skoðun á svörunum við spurningalistunum. Einnig var eitthvað um að fá hnakk eða söðul í fermingargjöf snemma á 20. öld og eins voru passíusálmar, sálmabækur, skartgripir og ermahnappar gjafir sem margir mundu eftir að hafa fengið. Sum nefndu að fötin sem þau fengu hefðu verið fermingargjöf, enda var það ekki á hverjum degi sem unglingar fengu ný föt.

Kona sem fermdist 1906 svarar svo: „Ég fékk heilan söðul í fermingargjöf. Maður fór allt ríðandi á þessum tíma. Svo fékk ég brjóstnál og armband, svo voru fötin sem ég fékk náttúrlega fermingargjafir líka."

Kona fermd 1918 segist hafa fengið úr með silfurfesti og átta fermingarkort og var hún mjög ánægð með þær gjafir. Að fá bæði úr og hnakk í fermingargjöf virðist hafa verið algengt lengi í sumum sveitum miðað við svör manns sem fermdist árið 1939. Hann segir: „Á mínu heimili voru tvær gjafir og ekkert annað. Þessar gjafir voru úr og hnakkur, hvort tveggja dýrar gjafir á þeirrar aldar mælikvarða. Að sama skapi voru þetta nauðsynlegir gripir fyrir vaxandi stritvinnumann." Seinna bætir hann við: „Ég veit ekki hvernig það var á öðrum bæjum en hef spurnir af því að úr voru gefin í fermingargjöf árið 1907 svo ef til vill var það gamall siður í sveitinni að gefa úr og hnakk og jafnt stúlkum sem drengjum. Gjafirnar voru ómissandi stritandi unglingum. Varla

Skatthol, sem voru allt í senn kommóða, skrifborð og snyrtiborð, voru vinsæl gjöf til fermingarbarna á 7. áratugnum.

Segulbandstæki með útvarpi voru vinsæl gjöf á 8. og 9. áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Helga Vollertsen er sérfræðingur hjá munasafni Þjóðminjasafns Íslands. Safnið hefur safnað upplýsingum um fermingar Íslendinga fyrr og nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Úr virðast hafa verið vinsæl gjöf frá foreldrum til fermingarbarna allt frá því snemma á 20. öld.

> **Ég fékk heilan söðul í fermingargjöf. Maður fór allt ríðandi á þessum tíma. Svo fékk ég brjóstnál og armband og svo voru fötin sem ég fékk náttúrlega fermingargjafir líka.**
>
> Kona fermd 1906

leið sá dagur að ekki væri settur hnakkur á hest, bæði til snúninga, smalamennsku og ferðalaga."

Gasalega flott mubla

Þegar leið á öldina fóru að sjást fleiri gjafir eins og reiðhjól, skrifborð og skatthol.

Kona fermd árið 1964 skrifar: „Ég fékk úr frá foreldrum mínum, dálítið af skartgripum, hárþurrku og eitthvað af peningum sem notaðir voru til að kaupa skatthol (gasalega flott mubla sem var kommóða, skrifborð og ekki síst snyrtiborð (undir borðplötunni sem hægt var að lyfta upp). Einhverjar fleiri gjafir fékk ég svo sem bók (Ísl. þjóðhætti), vekjaraklukku og eitthvað fleira."

Peningagjafir virðast hafa verið algengar alla síðustu öld líkt og í dag og lesa má úr svörunum að eitthvað hafi verið um meting milli krakka um upphæðina.

„Ég minnist þess að hafa verið spurður og spurt aðra: Hvaða gjafir fékkstu? Og svo: Hvað fékkstu mikið í peningum? Það þótti skipta allmiklu máli, en auðvitað fengu þeir mest sem áttu flest skyldmennin. Það var semsagt mikilvægt að vera af fjölmennri ætt," skrifar maður fermdur árið 1963.

Maður fermdur árið 1944 segist hafa fengið 30 krónur í fermingargjöf sem honum þóttu mikil auðæfi á sínum tíma. Kona fermd árið 1938 segir líklegt að ömmubróðir hennar hafi gefið henni stærstu gjöfina, tvær krónur. „Hann gaf mér aleigu sína," skrifar hún en samtals fékk hún 110 krónur í fermingargjöf sem hún segir að hafi þótt mikið.

Græjur voru tískugjöfin

Þegar nálgaðist síðustu aldamót fór að bera á því að fólk fengi hljómflutningstæki og á 10. áratugnum hefur það líklega verið ein algengasta fermingargjöfin sem börn fengu frá foreldrum sínum.

Kona fermd árið 1978 segist hafa fengið hljómflutningssamstæðu frá foreldrum sínum og húsgagn undir hana. „Þetta var stærsta gjöfin í mínum augum og átti ég hljómflutningssamstæðuna í 31 ár og á ég ennþá húsgagnið," skrifar hún. Kona fermd níu árum síðar, eða árið 1987, skrifar: „Frá foreldrum mínum fékk ég „græjur" sem á þeim tíma voru tvöfalt kasettutæki og útvarp." Kona fermd árið 1993 segir að hljómflutningstæki hafi verið tískugjöfin frá foreldrum þegar hún fermdist, það er því ljóst að einhvers konar hljómflutningstæki voru lengi ofarlega á vinsældalistanum.

Því miður hafa ekki verið sendir spurningalistar til þeirra sem fermdust eftir síðustu aldamót en það er þó ljóst að unglingar í dag fá öðruvísi gjafir en unglingar fyrir 100 árum eða 50 árum. Helga segist hafa spurt aðeins í kringum sig og segir það helsta sem sé nefnt vera tölvur og peningar.

„Það væri þó gaman að fá þennan grun staðfestan, svo Þjóðminjasafnið hefur opnað aftur fyrir svörun á spurningaskrá um fermingar og ungmennavígslur, og eru öll þau sem hafa fermst á síðustu árum sérstaklega hvött til að svara skránni," segir hún.

Fyrir áhugasama má finna spurningalistana og svörin við þeim á sarpur.is og á heimasíðu Þjóðminjasafnsins, thjodminjasafn.is.

Hollt & gott í fermingarveisluna!

Veislubakkarnir frá Lemon hafa slegið í gegn í fermingarveislum og eru frábærir á veisluborðið. Ungir sem aldnir elska Lemon!

Bakkarnir eru sérsniðnir að þörfum hvers og eins!

Sendu fyrirspurn á veisla@lemon.is
... og við gerum fermingarveisluna eftirminnilega.

Lemon – Suðurlandsbraut – Hafnarfjörður – Salalaug – Akureyri – Húsavík ... **lemon.is**

GJAFIR FYRIR FERMINGARBÖRN Á ÖLLUM ALDRI

Apple
MacBook Air M1 (2020)
- Skjár: 2560x1600 13,3" Retina IPS
- Örgjörvi: 8 kjarna Apple M1
- Vinnsluminni: 8GB LPDDR4X 4266 MHz
- Geymsla: 256GB M.2 PCIe SSD
- Rafhlaða: Allt að 18 klst.
- Þyngd: 1,29 kg

Z124 Z127 Z12A

MacBook Air

209.995
EÐA 18.867 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 226.405 KR. - ÁHK 16%

FRAMLENGDUR SKILARÉTTUR

Við viljum að allar gjafir hitti í mark.
Þess vegna má prófa fermingargjafirnar heima og skila þeim til 31. maí.
Sjá skilmála á elko.is/skilarettur

Apple
iPad (2020)
- 10,2" Retina IPS skjár með (2160x1620)
- A12 Bionic örgjörvi
- 32GB minni, 3GB vinnsluminni
- Fingrafaraskanni
- iPadOS 14 stýrikerfi

MYL92NFA MYLA2NFA MYLC2NFA

iPad

66.995
EÐA 6.533 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 78.400 KR. - ÁHK 36%

Apple
TV 4K
- Styður 4K upplausn
- 32GB minni
- Siri fjarstýring
- App Store

APTV4K32GB

34.995

Apple
Homepod Mini
- Siri gagnvirk raddstýring
- 360°hljómur
- Wifi og bluetooth þráðlaus tenging

HOMEPODMINISG

24.985

Apple
Airpods þráðlaus heyrnartól
- 2. kynslóð af Airpods
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Allt að 24 klst. m. hleðsluhylki
- Siri raddstýring

MV7N2ZMA

26.995

GALAXY BUDS+ KAUPAUKI

SAMSUNG
Galaxy Buds+

SAMSUNG
Galaxy S21

SMG991128GRA SMG991128PIN SMG991128VIO SMG991128WHI

149.995

FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

SAMSUNG
43" UHD snjallsjónvarp
- UHD 3840x2160, HDR
- Tizen 5.5 snjallstýrikerfi, Netflix
- Bluetooth, WiFi

UE43TU7175UXXC UE50TU7175 UE55TU7175

99.995

APPLE VÖRUR Í ÚRVALI

Apple
iPhone 12

- 6,1" Super Retina skjár (2532x1170)
- A14 Bionic (5nm) örgjörvi
- Bakmyndavélar: 12MP f/1.6, 12MP f/2.4, 4K upptaka
- Frammyndavél: 12MP f/2.2, 4K upptaka
- 64GB minni, 6GB vinnsluminni
- Þráðlaus hleðsla, hraðhleðsla

MGJ63 MGJ53

iPhone 12

159.995

EÐA 14.555 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 174.655 KR. - ÁHK 19%

Apple
iPhone 12 Pro

- 6,1" Super Retina (2532x1170) skjár
- A14 Bionic (5nm) örgjörvi
- Bakmyndavélar: 12MP f/1.6, 12MP f/2.4, 12MP f/2.0 4K upptaka
- Frammyndavél: 12MP f/2.2, 4K upptaka
- 128GB minni, 6GB vinnsluminni
- Þráðlaus hleðsla, hraðhleðsla

MGMK3 MGMM3 MGMN3 MGML3

iPhone 12 Pro

199.995

EÐA 18.005 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 216.055 KR. - ÁHK 16%

Apple
Watch SE

- Vinsælasta úr í heimi, komið á betra verð
- Farðu út að hlaupa með úrið og tónlistina í eyrunum
- Hjartsláttarmælir, hæðarmælir ofl.
- Hægt að tengja kort við úrið og borga með því

MYDP2SOA MYDN2SOA MYDM2SOA

WATCH SE

59.995

EÐA 5.885 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 70.625 KR. - ÁHK 38%

Apple
Watch 6

- Vinsælasta úr í heimi, ennþá betra
- Skynjari sem mælir súrefnismettun
- Hjartsláttarmælir (ECG)sem getur skynjað hjartsláttatruflanir
- Always on display

MG283SOA MG143SOA MG133SOA MG123SOA

WATCH SERIES 6

84.995

EÐA 8.086 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 97.030 KR. - ÁHK 30%

NEDIS
SmartLife RGB LED borði - 5m

- 5 metra og 405 lúmen
- Marglita, hægt að stytta eða lengja
- Stjórnað af snallsíma
- IP65 ryk-og vatnsvarinn

WIFILS50CRGBW

5.985

5 LITIR Í BOÐI

POLAROID
Now myndavél

- Prentar samstundis á ZINK pappír
- Kraftmikið flass
- 2 linsur og autofocus
- Innbyggt double-exposure

POLNOWBK POLNOWWH POLNOWRD POLNOWBL POLNOWGR

24.990

XIAOMI
M365 hlaupahjól

- Allt að 30 km drægni
- 25 km/klst hámarkshraði
- Tvöfalt bremsukerfi
- Ljós að framan og aftan

X1003 X1004

54.995

LENOVO
Smart útvarpsvekjari

- 4" IPS skjár
- Blutooth og Wifi stuðningur
- Innbyggður Google Assistant
- Hleðslutengi fyrir síma

ZA740001SE

12.995

Babyliss
sléttu- og krullujárn

- Diamond Keramikhúð
- Mál 28 x 120 mm plötur
- Tilbúinn á 15 sekúndum
- 5 hitastillingar (150° - 230°)
- 2in1 sléttir og krullar

ST482E

19.995

ELKO

Bar mitsvah er afar þýðingarmikil athöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stór stund í gyðingdómi

Fermingar eru afar mikilvægur þáttur í menningu gyðinga og er athöfnin fyrir stúlkur kölluð Bat mitzvah, Bar mitzvah fyrir drengi. Fermingarathafnir drengja eru yfirleitt fyrirferðarmeiri en samkvæmt lögum gyðingdóms eru 13 ára drengir orðnir ábyrgir fyrir siðferðislegum og trúarlegum gjörðum og ákvörðunum sínum og þannig komnir í fullorðinna manna tölu en fram að þeim tíma eru foreldrar drengsins ábyrgir fyrir honum.

Samkvæmt hefð þakkar faðir fermingardrengsins guði fyrir það að vera ekki lengur ábyrgur fyrir gjörðum sonar síns í athöfninni og eftir athöfnina getur drengurinn jafnvel fengið það hlutverk að leiða bænastundir og aðrar athafnir innan fjölskyldunnar eða samfélagsins.

Stúlkur eru aftur á móti 12 ára meðal strangtrúaðra gyðinga en 13 ára meðal frjálslyndari gyðinga þegar athöfnin fer fram. Fermingar eru oft til þess að sýna fram á efnahagslega stöðu fjölskyldunnar og veislurnar stærri eftir því sem fjölskyldurnar eru efnameiri.

Kransakökur hafa verið borðaðar á Íslandi í um 100 ár og fylgja oft fermingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kransakökur í heila öld

Kransakökur eru staðalbúnaður í öllum fermingarveislum í dag. Bakarameistarar hófu að baka þessar kökur hér á landi fyrir um öld síðan en lengi vel hafði bara vel stætt fólk efni á þeim.

Fjallað var um sögu kransakökunnar í Dagblaðinu Vísi árið 1988 og þar kom fram að kakan eigi rætur að rekja til Danmerkur og Þýskalands. Kakan var aðeins notuð til hátíðarbrigða eins og við afmæli, fermingu eða brúðkaup, en lengi vel voru það bara einstaka bakarameistarar sem réðu við að gera slíkar kökur og bara þeir efnameiri sem höfðu efni á þeim.

Algengt var að kakan væri í formi gnægtarhorns og hún var yfirleitt borin fram með kampavíni, en ekki kaffi, eins og tíðkast í dag. Skreytingarnar voru allar gerðar í bakaríum og það var mikið lagt í þær og konfektgerð fyrir kökurnar.

Það var svo fyrir rúmlega 30 árum sem fermingarkökur hættu að vera aðeins lúxus hinna efnameiri og urðu staðalbúnaður í öllum fermingum.

Sígilt stef sem hentar vel fyrir gæðastundir

Fermingar hafa í gegnum tíðina verið táknræn athöfn sem markar þau mikilvægu umskipti sem eiga sér stað þegar börn verða að táningum og eru þar af leiðandi að stíga sín fyrstu skref inn í heim fullorðinna. Í flestum menningarheimum þykir þetta þroskaferli merkilegt enda eiga allir fullorðnir það sameiginlegt að hafa gengið í gegnum þessa reynslu.

Það kemur því ekki á óvart að þetta er ævafornt og endurtekið stef í heimi bókmennta og kvikmynda. Í bókmenntum er gjarnan talað um Bildungsroman en í heimi kvikmynda er oftast talað um „Coming of age“. Þetta stef er að finna í fjölda sígildra kvikmynda en meðal þeirra má nefna Stand by me, My girl og Almost Famous.

> Í bókmenntum er talað um Bildungsroman en í heimi kvikmynda er oftast talað um „Coming of age“.

Það er tilvalið fyrir fermingarbörn og foreldra þeirra að eiga góða kvöldstund og horfa á vel valda kvikmynd þar sem þetta tímabil kemur við sögu. Þetta er fullkomið tækifæri til að ræða hluti sem annars getur verið erfitt að ræða og þannig styrkja sambandið áður en táningsárin skella á með fullum þunga.

Almost Famous er dæmi um frábæra kvikmynd með „Coming of age“-stefinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

HEIMA ER BEST

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

STILLANLEGT HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU, EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI
Verð frá kr. 439.900.-
BODYPRINT Reverie

BARON | VANDAÐUR RAFDRIFINN LEÐURSÓFI
Verð kr. 524.900.-

PANDORA
RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
Verð 219.900.-
ZERO GRAVITY

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
Á NÆSTU STÖÐ *NEMA ÚTSÓLUVÖRUR

10.000 kr. AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

25% AFSLÁTTUR AF MJÚKVÖRU VIÐ DÝNUKAUP

YMIR
7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA MEÐ BOTNI OG FÓTUM
120×200 cm: Verð áður ~~kr. 84.900~~
NÚ AÐEINS KR. 74.900
Fleiri stærðir og gerðir í boði

FRIGG

IÐUNN

MIÐGARÐUR

MIKIÐ ÚRVAL AF FERMINGAR-GJÖFUM

FERMINGARTILBOÐ
Í FULLUM GANGI

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

LEXON FLIP VEKJARAKLUKKA
MARGIR LITIR
Minni gerð kr. 5.500.-
Stærri gerð kr. 6.900.-

HÖFÐAGAFLAR OG RÚMFÓT

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI



VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

OUTLET
Gerðu frábær kaup
Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Svefn & heilsa

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

Björn og Lára Heimsendaræktun hafa valið Pedigree hundafóður í 20 ár og eru margfaldir ræktendur ársins hjá HRFÍ
Pedigree
ÞÚ GETUR LÍKA TREYST Á
PEDIGREE
HEIMSENDA
TOP #1 BREEDER

Húsaviðhald

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsfélög, einstaklingar eða fyrirtæki

VERKEFNA STÝRING

Ert þú í framkvæmdarhug?
Við tökum að okkur
- Ástandsskoðun fasteigna
- Aðstoð við samningsgerð
- Eftirlit
- Verk & kostnaðaráætlun.

STYRA.IS
S. 793-1919
verk@styra.is

Flísalagnir
Múrvinna
Málningarvinna
Smíðavinna
Tréverk
Blikkvinna

bpbyggehf@gmail.com
Sími 844 5469

Rafvirkjun

ORKUVAL
Löggiltur Rafverktaki
Tökum að okkur öll raflagnaverk með litlum fyrirvara.
T.d. uppsetningar á hleðslu-stöðvum og töfluskipti. Tilboð eða tímavinna. Áratuga reynsla og fagleg vinnubrögð.
Uppl. í s. 839-3444 og 834-4001 og ingi@orkuval.net

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Vanur flakari óskast, trainded filleter needed. Erum í Hafnarfirði. Uppl s:899-8033

Tilkynningar

Einkamál

DEIT.IS
STEFNUMÓTASÍÐA
Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FERMING FRAMUNDAN?

PARTÝBÚÐIN

FAXAFENI 11, 108 REYKJAVÍK S: 534-0534 WWW.PARTYBUDIN.IS

PHOTOBOOTH!

Partrýbúðin hefur tekið yfir rekstur tækjaleigunnar booth.is þar sem leigja má allskyns flottar græjar fyrir partýið!

SJÁ NÁNAR Á BOOTH.IS

Minnast aldarafmælis tangómeistara

Kordo kvartettinn, ásamt Olivier Manoury bandoneonleikara, flytur mörg af þekktustu verkum argentínska tangósnillingsins Astors Piazzolla (1921-1992) í Salnum í kvöld svo sem Adios Noninp, Escualo og Four for tango. Fleira verður á dagskránni.

Hinn franski Olivier Manoury segir Piazzolla hafa útvíkkað argentínska tangóinn eftir að hafa kynnst nýjum tónlistarstefnum hjá góðum kennara í New York, er hann bjó þar um tíma með fjölskyldu sinni sem unglingur. „Þegar Piazzolla kom aftur til Argentínu fór hann að spila í hljómsveit og vildi fá fólk til að hlusta á tónlist, ekki bara dansa," lýsir Olivier. „Þá fór hann að semja tangó fyrir fleiri strengi en gítar og lög í fleiri köflum en tíðkaðist í tangóinum. Þannig setti hann svip sinn á hann."

Hljóðfæraleikararnir snjöllu Páll Palomares, Vera Panitch, Olivier Manoury, Þórarinn Már Baldursson og Hrafnkell Orri Egilsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónleikarnir í Salnum hefjast klukkan 19.30. Þeir tilheyra Tíbrár tónleikaröðinni. **gun@frettabladid.is**

---

†

Bróðir okkar og mágur,

Eysteinn Sigrúnar Björnsson

frá Reyðarfirði,

er látinn.

Erna Björnsdóttir
Hanna Ragnheiður Björnsdóttir
Ellert Borgar
Hafþór Theodórsson

---

†

Okkar ástkæri sonur,
faðir, tengdafaðir og afi,

Garðar Jónsson

öryggisstjóri Icelandair,
Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, mánudaginn 1. mars.
Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 12. mars kl. 13.00. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu óskum við eftir að þeir sem vilja koma sendi tölvupóst á liljabjarklind@icloud.com. Útförinni verður streymt á vef á Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is

Alma Garðarsdóttir
Jón Gunnar Garðarsson
Hafþór Ingi Garðarsson
Lilja Bjarklind Garðarsdóttir
Stefán Kaprasíus Garðarsson
Lilja Guðmundsdóttir
Melika Sule
Oliver Darri Bergmann
barnabörn.

---

†

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Þórhalla Kristjánsdóttir

Kópavogstúni 9,

er látin.

Inga Harðardóttir
Hörður Harðarson
Anna Harðardóttir
Árni Harðarson
Björn Harðarson
Jón Rafns Runólfsson
Árný Sigríður Daníelsdóttir
Christian Bigum
Karitas Ívarsdóttir
Guðrún Erla Geirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
SÍÐAN 1996
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

---

†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Pétur Björn Pétursson

hagfræðingur,
Smáraflöt 41,
210 Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 7. mars 2021. Útförin verður auglýst síðar.

Kristín Blöndal
Pétur Björn Pétursson
Ólafur Pétursson
Elías Blöndal Guðjónsson
Maíza Hélen Teixeira
Kristín Hrund Guðmundsd. Briem
Hjálmar Blöndal Guðjónsson
Ólafur Orri, Katrín, Jóhann

---

†

Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Tómas Lárusson

Hlíðarhúsum 7, Reykjavík,
áður Eik, Mosfellssveit,

lést 3. mars.
Útför hans fer fram frá Guðríðarkirkju, föstudaginn 12. mars klukkan 15.00.

Ágúst Tómasson
Elísabet V. Ingvarsdóttir
Páll Kristjánsson
Fannar Pálsson
Bylgja Pálsdóttir
Ingvi Ágústsson
Tómas Hrafn Ágústsson
Magnús Ingvar Ágústsson
barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

---

†

Ástkær faðir, tengdafaðir,
afi og ástvinur,

Gerðar Óli Þórðarson

skipstjóri,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 4. mars.
Útförin fer fram í Guðríðarkirkju Grafarholti, þriðjudaginn 16. mars kl. 13.00.

Gyða Hrönn Gerðarsdóttir
Jónína Ingibjörg Gerðarsdóttir
Magnús Gerðarsson
Lilja Bára Steinþórsdóttir
Gunnhildur Snorradóttir og önnur barnabörn
Þórunn E. Guðnadóttir
Hallur Helgason
Kristinn Gunnarsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

---

†

Elskulegur faðir minn, sonur okkar,
bróðir, mágur og frændi,

Sigurður Hafstein Hrafnsson

lést á Spáni föstudaginn 5. mars síðastliðinn.

Andri Már Sigurðsson
Guðrún Hannesdóttir
Kristjana Hrafnsdóttir
Sigrún Hannesdóttir
Hrafn Hafstein Sigurðsson
Hannes Ottósson
Lísa Björk Hannesdóttir

---

†

Ástkær systir okkar,
mágkona og frænka,

Fannlaug Svala Snæbjörnsdóttir

frá Raufarhöfn,

lést á heimili sínu, dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum, 4. mars sl.
Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 12. mars kl. 13. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir athöfnina.
Streymt verður frá athöfninni.

Ingvar G. Snæbjörnsson
Guðjón S. Snæbjörnsson
Ingigerður Guðmundsdóttir
Soffía Björnsdóttir
Ólafía Agnarsdóttir
og fjölskyldur.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Kristín Bjarnadóttir

Sléttuvegi 19,

lést 28. febrúar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. mars kl. 15. Allir eru velkomnir eins og húsrúm leyfir en gestir eru beðnir að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu og símanúmer. Útförinni er streymt á slóðinni: youtu.be/FkkHVxVRASo

Guðrún Guðmundsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson
Erna Guðmundsdóttir
Grétar J. Unnsteinsson
Helga Gylfadóttir
Kristján Viggósson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar elskulegi afi,

Georg Stanley Aðalsteinsson

skipstjóri,

lést á dvalarheimilinu Ási í Hveragerði, 26. febrúar.
Útför verður frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 11. mars kl. 14.

Reynir Pálsson
Arndís Pálsdóttir
og aðstandendur.

WIZAR

20% AFSLÁTTUR

Verð frá
169.920 kr.
Verð áður 209.900 kr.
Gildir aðeins meðan birgðir endast.

Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 5	0 °C | 1	1 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 3	3 °C | 11	-3 °C | 3

Vaxandi norðaustanátt í dag, 10-18 síðdegis og hvassast NV-til og við SA-ströndina. Úrkomulítið fyrir hádegi, en úrkoma í flestum landshlutum síðdegis og í kvöld, einkum A-lands, ýmist rigning slydda eða snjókoma. Hiti nálægt frostmarki.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
0 °C | 9	-2 °C | 14	2 °C | 8
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 8	4 °C | 11	-4 °C | 13

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-2 °C | 5	-2 °C | 11	2 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 4	4 °C | 5	-6 °C | 6

LÉTT

	1	4		2				
	2				4		9	5
3	5					6		
			1			9	6	
8	4	9			2			
7				5		2		
		5	7	4			2	
						4	1	
	9	6		1		7		

MIÐLUNGS

		7	3		8	4	6	9
2		3				5		1
			6			2		
6		4					3	
								8
			4			7		2
3		8	5	4				
5			7		3		9	
7				9	2			4

ÞUNG

1	7						2	4
4					2			
	5	9	3					
9				3	7			8
	1	4		2	9		3	
8			9	6				5
			1			3		
		5		8			1	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 býsn
5 baða
6 í röð
8 klígja
10 ekki
11 hás
12 kefli
13 snúra
15 síðast
17 skrípaleikur

LÓÐRÉTT
1 viðbjóð
2 vanþóknun
3 bergtegund
4 tildur
7 bekkjarnautur
9 argar
12 kunna
14 stafur
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 ósköp, 5 þvo, 6 rs, 8 velgja, 10 ei, 11 rám, 12 vals, 13 reim, 15 aftast, 17 farsi.
LÓÐRÉTT: 1 óþverra, 2 svei, 3 kol, 4 prjál, 7 samsetti, 9 gramar, 12 vita, 14 eff, 16 ss.

Skák

Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.578) átti leik gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (2.330) á Íslandsbikarnum.

21...Rxd4! 22. Bxc4 dxc4 23. Hb7 (23. exd4 c3+). **23...Rb5** og Hjörvar vann nokkru síðar. Hjörvar Steinn Grétarsson, Hannes Hlífar Stefánsson og Guðmundur Kjartansson unnu allir sín einvígi 2-0. Jóhann Hjartarson og Helgi Áss Grétarsson tefldu til þrautar með skemmri umhugsunartíma í gær.
www.skak.is: Íslandsbikarinn.

Svartur á leik

7	8	3	1	2	4	9	6	5
9	1	4	5	6	8	7	2	3
2	5	6	7	9	3	4	8	1
4	2	7	9	5	1	8	3	6
8	9	5	6	3	7	1	4	2
3	6	1	4	8	2	5	7	9
1	3	9	8	7	6	2	5	4
5	7	2	3	4	9	6	1	8
6	4	8	2	1	5	3	9	7

8	4	6	2	9	5	3	1	7
3	9	7	1	8	4	2	5	6
1	5	2	3	6	7	8	4	9
5	8	3	4	7	9	6	2	1
2	6	4	5	1	8	9	7	3
7	1	9	6	2	3	5	8	4
6	2	5	7	3	1	4	9	8
9	3	1	8	4	2	7	6	5
4	7	8	9	5	6	1	3	2

9	2	3	1	7	5	6	8	4
4	5	6	8	9	2	7	1	3
7	1	8	3	4	6	5	9	2
3	6	9	7	1	4	8	2	5
5	4	7	9	2	8	1	3	6
2	8	1	5	6	3	4	7	9
8	7	4	2	5	9	3	6	1
1	9	5	6	3	7	2	4	8
6	3	2	4	8	1	9	5	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Verðlaunahafarnir fengu listaverk eftir Koggu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjöruverðlaunin veitt á alþjóðlegum baráttudegi kvenna

Bókmenntaverðlaun kvenna, trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi voru afhent í gær í fimmtánda sinn. Þau nefnast Fjöruverðlaun og eru veitt í þremur flokkum.

Í flokki fagurbókmennta voru það Hetjusögur eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur sem hrepptu verðlaunin. Þær eru gefnar út af Benedikt bókaútgáfu. Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis hlaut verðlaunin Konur sem kjósa: Aldarsaga eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur, Ragnheiði Kristjánsdóttur og Þorgerði H. Þorvaldsdóttur sem Sögufélag gefur út. Og í flokki barna- og unglingabóka hlaut Iðunn og afi pönk, eftir Gerði Kristnýju, Fjöruverðlaunin. Mál og menning gefur þá bók út.

Kristín Svava hefur sérstöðu meðal verðlaunahafa því hún hlýtur verðlaun í tveimur flokkum. Segir blaðamann grípa hana í svolítið kaótískri stemningu þegar hann hringir en segir svo:

Kristín Svava Tómasdóttir.

„Þetta er mikill heiður fyrir mig. Formin eru ólík í þessum tveimur viðfangsefnum en þau eru samt skyld og kallast á. Það er erfitt að gera upp á milli þeirra, því bæði eru „betri“. Dálítið gaman að hafa verið að vinna þau samtímis og fá svo verðlaun fyrir þau bæði sama daginn!“

Erla Hulda Halldórsdóttir.

Erla Hulda Halldórsdóttir, ein þeirra sem skrifuðu Konur sem kjósa ... sagði: „Þetta var mjög gefandi og skemmtilegt verkefni. Það tók langan tíma en verðlaunin eru merki þess að verkið hafi lukkast hjá okkur. Þarna er sagan sögð út frá sjónarhóli kvenna og karlarnir eru í aukahlutverkum. Þeir eru vissulega með formlega valdið en við sýnum hvernig konur eru að leita leiða til að verða fullgildir gerendur í þessu samfélagi.“

Gerður Kristný.

Gerður Kristný segir það aldrei verða hversdagslegt að taka við bókmenntaverðlaunum og lýsir lauslega inntakinu í Iðunni og afa pönk. „Iðunn er ellefu ára stelpa í Mosfellsbæ. Pabbi hennar og mamma skreppa út á land og afi hennar býr hjá henni á meðan. Þeim kemur mjög vel saman, afinn hlustar aðallega á Ramones og hefur anda pönksins sér til fulltingis, pönk sem gengur út á frelsi og að allir fái að vera eins og þeir vilja. Ég vona að það sé góð speki fyrir okkur öll.“ **– gun**

Skáldin ætla að spjalla um skjalagrúsk í Gerðubergi annað kvöld

Hvað er svona heillandi við fortíðina og hvernig er best að vinna upp úr gömlum raunveruleika og setja í samhengi við samtímann? Þetta ætla rithöfundarnir Kristín Svava Tómasdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir og Ófeigur Sigurðsson að ræða um á bókakaffi í Gerðubergi annað kvöld undir stjórn Höllu Þorlaugar Óskarsdóttur. Öll eiga það sameiginlegt að hafa grúskað í fornum heimildum í leit að innblæstri og nú ætla þau að segja frá afrakstrinum.

Ófeigur leitar víða eftir innblæstri þegar hann fæst við ritstörf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öll gáfu þau út bækur fyrir síðustu jól í kjölfar heimsókna á einhvers konar skjalasöfn. Kristín Svava skrifaði ljóðabókina Hetjusögur upp úr riti um ljósmæður, Þóra Karítas byggir skáldsögu sína, Blóðberg, að einhverju leyti á sögu Þórdísar Halldórsdóttur, fyrstu konunnar sem var tekin af lífi í Drekkingarhyl, og Ófeigur Sigurðsson leitaði innblásturs í gömlum skjölum þegar hann skrifaði Váboða, safn smásagna.

Umræðurnar standa frá klukkan 20 til 21.30. **– gun**

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Matur og heimili Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 433.is 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Af fingrum fram Björn Jörundur
10.15 Söngvakeppnin í 30 ár
11.05 Íslendingar Herdís Þorvaldsdóttir
12.00 Heimaleikfimi
12.10 Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs
12.25 Hraðfréttir
12.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
12.50 Svellandi ást
14.10 Sitthvað skrítið í náttúrunni
15.05 Tobias og sætabrauðið Tyrkland
15.30 Baðstofuballettinn
16.00 Menning í mótun
16.55 Ljósmóðirin
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.29 Hönnunarstirnin
18.46 Vísundur Klósett
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Okkar á milli
20.30 Danir í Japan Danskerne i Japan Danskir heimildarþættir um Dani sem búa í Japan. Langt er á milli Danmerkur og Japans, bæði landfræðilega og menningarlega, en þó býr fjöldi Dana í Japan. Jakob Thygesen hittir fjögur þeirra og ræðir meðal annars við þau um reglur, siðvenjur og óttann við jarðskjálfta.
21.05 Síðasta konungsríkið Last Kingdom
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 DNA DNA
23.00 Komdu heim Come Home
00.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

10.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
13.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
16.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
19.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
22.00 PGA Highlights 2021
22.55 Champions Tour Highlights 2021
23.50 2021 PGA Tour Champions Learning Center

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 American Housewife
14.55 George Clarke's Old House, New Home
15.40 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
16.40 Family Guy
17.00 The King of Queens
17.20 Everybody Loves Raymond
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Speechless
19.40 mixed-ish
20.10 Zoey's Extraordinary Playlist
21.00 FBI
21.50 Dark Money
22.50 Fosse/Verdon
23.40 The Late Late Show
00.25 Station 19
01.10 The Resident
01.55 Chicago Med
02.00 Station 19 Dramatísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og -konur í Seattle sem leggja líf sitt að veði til að bjarga mannslífum á sama tíma og það gengur á ýmsu í einkalífnu.
03.25 The Great
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegiðseinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Grettis saga (14 af 21)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (30 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 Great Expectations
13.25 Matters of the Heart
14.40 Every Day
16.15 Great Expectations
18.05 Matters of the Heart
19.20 Every Day
21.00 Little Miss Sunshine Einstaklega skemmtileg og áhrifarík mynd sem sló í gegn árið 2006 og sópaði þá að sér verðlaunum.
22.40 Night School
00.25 A Vigilante
01.55 Little Miss Sunshine

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Logi í beinni
10.45 The Village
11.30 NCIS
12.10 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 The Diagnosis Detectives
13.55 Modern Family
14.40 Ísskápastríð
15.15 Allt úr engu
15.40 Hannað fyrir Ísland
16.20 10 Ways To Lose 10 Years
17.10 PJ Karsjó Stórskemmtilegur bílaþáttur í umsjón Péturs Jóhanns og einkennist af hraða, spennu og húmor en farartæki eru alltaf í forgrunni.
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.50 12 Puppies and Us
20.55 Mom
21.20 S.W.A.T.
22.00 Magnum P.I.
22.50 Last Week Tonight with John Oliver
23.20 The Wire
00.15 Limetown
00.40 The Good Doctor
01.25 LA's Finest
02.10 Veronica Mars
02.50 The O.C.
03.35 NCIS

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.20 The Bold Type
22.05 Big Little Lies
23.00 Wyatt Cenac's Problem Areas
23.35 Our Girl
00.25 Friends
00.50 Friends
01.10 The Office

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Seinni bylgjan - kvenna
09.00 Dominos Körfuboltakvöld
09.55 Víkingur - HK Útsending frá leik í Grill 66 deildinni.
11.20 Haukar - Njarðvík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
13.00 Valur - ÍR
14.40 Seinni bylgjan - karla
16.05 Haukar - Njarðvík
17.45 Valur - ÍR
19.20 ÍBV - Fram Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
19.25 Dominos Körfuboltakvöld
20.20 Fréttaþáttur EM
21.50 Seinni bylgjan - kvenna
23.00 Skallagrímur - Breiðablik Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.

STÖÐ 2 SPORT 2

06.45 Real Valladolid - Getafe
08.25 Hereda San Pablo Burgos - Morabanc Andorra Í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
10.00 Juventus - Lazio
11.40 Huesca - Celta Vigo
13.20 Atlético Madrid - Real Madrid
15.00 Inter Milan - Atalanta
16.40 Real Betis - Alavés
18.20 Spænsku mörkin
19.15 Meistaradeildin - upphitun
19.50 Borussia Dortmund - Sevilla Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.30 Osasuna - Barcelona
00.10 Juventus - FC Porto

433.is

ÞRIÐJUDAGA KL. 21.30

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna. Hér er að ferðinni þáttur fyrir alvöru knattspyrnuáhugamenn.

Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is kl. 21.30.

ORMSSON

HRINGBRAUT

Grímur renna á mottumenn

Árleg vitundarvakning Mottumars um krabbamein hjá körlum er í fullum gangi og þeir safna nú margir yfirvaraskeggi og áheitum. Þar á meðal eru **Jón Baldur**, sem heiðrar minningu bróður síns, og **Daniel**, sem vill bara láta gott af sér leiða. Báðir eru þeir rótgrónir mottumenn sem þjást með skeggi sínu undir sóttvarnagrímunum.

Krabbamein hjá körlum og vitundarvakning um þann banvæna óþverra og hvar í líkamanum meinið er körlum hættulegast og líklegast til að stinga sér niður, er venju samkvæmt í sviðsljósinu í mars sem er þá kenndur við mottur.

Mottukeppnin er því komin í fullan gang á ný og á Mottumars.is leggur skeggprúður herskari alls konar karla hormottur sínar fram og safna um leið áheitum fyrir baráttu Krabbameinsfélagsins gegn krabbameinum hjá körlum.

Þegar þetta er skrifað leiðir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, áheitasöfnunina en fast á hæla hans kemur Þórður Sigurðsson, 55 ára gamall framhaldsskólakennari, sem hefur glímt við sortuæxli í tvö ár.

„Ef ekki væri fyrir frábær lyf og góðan stuðning fjölskyldu og vina væri staða mín eflaust önnur. Leggjumst á eitt og styðjum við gott málefni. Krabbamein spyr hvorki um stétt né stöðu," segir Þórður á áheitasíðu sinni þar sem hann er með númerið #1054. **toti@frettabladid.is**

859 karlar á ári

- Ár hvert greinast að meðaltali 859 íslenskir karlar með krabbamein.
- Í árslok 2019 voru 7.110 karlar sem fengið hafa krabbamein á lífi.
- Tæpur helmingur þeirra sem greinast eru á aldrinum frá 40 til 69 ára.
- Þriðji hver karlmaður greinist með krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni.
- Talið er að um tíunda hvert krabbamein skýrist af arfgengum þáttum.
- Hver og einn getur gert ýmislegt til að draga úr líkum á að fá krabbamein, til dæmis með því að reykja ekki, hreyfa sig reglulega, borða hollan og fjölbreyttan mat, takmarka neyslu áfengis og varast óhófleg sólböð.
- Algengustu krabbamein hjá körlum eru krabbamein í blöðruhálskirtli, ristli, endaþarmi og lungum.
- Meðalaldur karla við greiningu krabbameins er 68 ár.
- Lífshorfurnar hafa batnað mikið. Um 69% karla sem greinast með krabbamein læknast eða lifa lengur en fimm ár.
- Því fyrr sem krabbamein greinist, því meiri líkur eru á lækningu.

Meira á www.mottumars.is

Sástu skeggið á þessum?

Daniel Pilkington er 25 ára sirkuslistamaður með meiru sem hefur skartað forláta mottu síðan í mars 2019 en tekur nú þátt í keppninni í fyrsta skipti.

„Ég er það heppinn að hafa hvorki þurft að díla við þetta sjálfur eða með mínum nánustu. Hingað til. En þar sem ég er með mottuna og get tekið þátt í þessu þá vill maður reyna að styðja átakið eins og maður getur," segir Daniel, sem stígur fram undir slagorðinu „Stöndum saman og söfnum fyrir fleiri krabbameinsrannsóknum!"

Daniel var með sítt hár og skegg þangað til hann lét klippa sig í mars 2019 og breytti við það tækifæri sirkuspersónu sinni úr víkingi í klassískan kraftakarl með snúið yfirvaraskegg.

„Þar sem þetta var í mars ákvað ég að halda mottunni allavega út mánuðinn en svo fannst mér þetta svo skemmtilegt að ég er bara alltaf með hana. Maður fær ákveðna athygli í kringum þetta," segir Daniel, sem gefur einmitt hvergi eftir og birtir nýja sjálfu af sér og mottunni daglega á meðan átakið stendur yfir.

Það eru samt deildar meiningar um hversu töff þetta er. Verður þú fyrir einhverju aðkasti fyrir að vera lúði?

„Nei, ekki hjá þeim sem eru í kringum mig sérstaklega. Fólk hló náttúrlega að þessu fyrst en ég hef bara gaman af þessu. Ég tek mig ekki mjög alvarlega og þetta er náttúrlega bara skemmtilegt frávik frá norminu og fær fólk til að brosa."

Og til þess er leikurinn ekki síst gerður. „Ég heyri oft börn sem labba fram hjá með foreldrum spyrja hvort þau hafi séð „skeggið á þessum?" Mér finnst bara gaman að þetta fær fólk til að brosa og kannski brjóta upp annars leiðinlegan og tilbreytingarsnauðan dag," segir Daniel og glottir.

Kötturinn Tóbías Týr fær að vera með á sjálfu í mottuflippinu með Daniel.

Daniel er með söfnunarnúmerið #1098 og bregður á leik með mottuna og splæsir daglega í nýja sjálfu.

„ÞAÐ ER SAMT ROSALEGT VESEN AÐ VERA MEÐ MOTTUNA Í COVID VEGNA ÞESS AÐ MAÐUR ER ALLTAF MEÐ GRÍMU.

„Það er samt rosalegt vesen að vera með mottuna í COVID vegna þess að maður er alltaf með grímu og rakinn undir henni leysir upp olíuna sem ég set í yfirvaraskeggið sem missir þá formið, ýtist niður og ofan í munninn sem er rosalega óþægilegt."

Ingi Björn heitinn á góðri stundu með systkinum sínum, Jóni Baldri og Maríu Erlu, ásamt Snædísi Ídu, dóttur Maríu. MYNDIR/AÐSENDAR.

Krabbamein er glatað

„Mér finnst krabbamein dálítið glataður hlutur, og ekki er ég vísindamaður sem getur fundið lækningu við því, en ég get safnað skeggi og með því get ég styrkt krabbameinsrannsóknir," segir Jón Baldur á söfnunarsíðu sinni í Mottukeppninni og hvetur alla sem vettlingi geta valdið til dáða: „Berjumst sameiginlega gegn krabbameini, leggðu okkur lið. Þitt framlag skiptir miklu máli."

Jón Baldur segist hafa safnað og tekið þátt öll mottumarsárin að því fyrsta undanskildu. „Þá var ég ekki með og svo er ég reyndar búinn að vera stanslaust með mottu núna í sex ár," segir Jón Baldur, en bróðir hans greindist eftir fyrsta mottumarsinn.

„Annars hefði ég verið með þar líka," segir Jón Baldur og bætir við að veikindi bróður hans hafi „algjörlega" verið ástæðan fyrir því að hann byrjaði að safna í mottu.

Gat lítið annað gert

„Þar sem ég gat nú lítið gert annað en að vera til staðar og vera með mottu. Honum fannst þetta reyndar geggjað sko og var einmitt þarna undir lokin kominn með alveg ágætis skegg sjálfur."

Ingi Björn var með krabbamein í heila og Jón Baldur segir bróður sinn hafa sýnt ótrúlegan styrk og baráttuþrek. „Þetta voru ellefu ár sem hann barðist við þetta. Alveg ótrúlega. Ég myndi ekki nenna því sjálfur, persónulega, þannig að ég skil ekki alveg hvernig hann náði því," segir Jón Baldur og bendir á að krabbamein í heila gefi sjaldnast mikið tilefni til bjartsýni.

Jón Baldur hefur sem fyrr segir gengið stoltur með virðingarvottinn við bróður sinn í andlitinu í sex ár og reynir að gera aðeins meira með mottuna í þessum mánuði þótt vissulega sé við fordæmalausan ramman reip að draga.

„Það hefur venjulega verið aðeins meira um það en núna náttúrlega nenni ég ekki að gera neitt út af því að ég er alltaf með grímu á mér. Um leið og skeggið mitt sér grímuna þá er það komið í klessu aftur en ég reyni að gera eitthvað svona við hátíðleg tækifæri."

Mottuheimsmeistari

Þótt tilefni þess að Jón Baldur byrjaði að safna í mottu hafi verið sorglegt hefur mottan dregið nokkuð kostulegan og ánægjulegan dilk á eftir sér. „Vegna þess að þegar ég byrjaði að safna mottu þá asnaðist ég út í skeggkeppnir í útlöndum," segir Jón Baldur, sem hefur verið heldur betur víðförull með sína tilkomumiklu mottu.

„Fyrst fór ég til Austin í Texas á heimsmeistaramótið þar. Svo fór ég til Skotlands, Glasgow, og Antwerpen í Belgíu. Svo var ein í Chicago líka og ef það væri ekki allt í volli núna þá væri ég á leiðinni til Nýja-Sjálands á keppni sem hefði verið núna í apríl."

Jón Baldur Bogason hefur skartað mottunni sinni árum saman og ítrekað teflt henni fram á heimsmeistaramótum. Hann er með keppnisnúmerið #1012 og safnar áheitum á Mottumars.is.

„MÉR FINNST KRABBAMEIN DÁLÍTIÐ GLATAÐUR HLUTUR, OG EKKI ER ÉG VÍSINDAMAÐUR SEM GETUR FUNDIÐ LÆKNINGU VIÐ ÞVÍ, EN ÉG GET SAFNAÐ SKEGGI.

Og hafið þið mottan verið sigursæl?

„Ekki í fyrsta skiptið í Austin. Þá lenti ég í 25. sæti í mínum flokki en í Chicago og Glasgow var ég í 1. sæti í mínum flokki og svo var ég fimmti á heimsmeistaramótinu þarna í Antwerpen," segir Jón Baldur, sem komst á sínum tíma að því í fréttum RÚV að keppt væri í mottum á heimsvísu.

„Ég sá þetta einhvern tímann í fréttunum á RÚV. Svona svipmyndir frá heimsmeistaramótinu þegar það var, held ég, í Austurríki eða Þýskalandi og ég hugsaði bara: Ef þeir geta þetta þá get ég þetta líka," segir mottumeistarinn í sínum flokki og hlær.

RENAULT PRO+

KLÁRIR Í VINNUNA

Frábærir atvinnubílar með **5 ára ábyrgð**

Renault Kangoo

Beinskiptur, 1,5l dci, 90 hestöfl.

Eldsneytisnotkun: 4,3 l/100 km.*

Verð frá: 2.895.161 kr. án vsk.
Verð frá: 3.590.000 kr. m. vsk.

Renault Trafic

Beinskiptur, 2,0 l dci, 145 hestöfl.
Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Eldsneytisnotkun: 5,8 l/100 km.*

Verð frá: 3.782.258 kr. án vsk.
Verð frá: 4.690.000 kr. m. vsk.

TIL AFGREIÐSLU STRAX

Renault framleiðir einhverja vinsælustu atvinnubíla á íslenskum markaði. Hvort sem þú velur þér Kangoo eða Trafic gengur þú að gæðunum og þægindunum vísum. Báðir eru þeir með **fimm ára ábyrgð/160.000 km eða ótakmörkuðum akstri fyrstu tvö árin**.
Byrjaðu árið af krafti og tryggðu þér nýjan Renault.

Sendu okkur póst á **atvinnubilar@bl.is** eða skoðaðu úrvalið á **www.renault.is.**

5 ára ábyrgð

*Eldsneytisnotkun og útblástursgildi miðast við uppgefnar tölur samkvæmt NEDC CF Evróputöflum. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA / NM004298

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

MIKIÐ OG FJÖLBREYTT ÚRVAL
FRÁ NIRMAL, DIALMA BROWN, NORDAL O.FL.





FRÁ DIALMA BROWN. NOKKRAR GERÐIR.

DIALMA BROWN
INTERIORS & LIFESTYLE

FRÁ NORDAL. NOKKRAR STÆRÐIR OG GERÐIR.

NORDAL

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Ólafur stendur nú að útgáfu Barnabarnabókarinnar fyrir afa og ömmur landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTTRYGGUR ARI

Minningarnar eru svo mikilvægar

Landkynnirinn **Ólafur Schram** stendur nú að söfnun fyrir útgáfu Barnabarnabókarinnar. Henni er ætlað að hjálpa öfum og ömmum að deila minningum sínum og lífi með afkomendum.

Það er mikilvægt að skrifa niður minningarnar. Þetta hefur Ólafur Schram gert sér grein fyrir og stendur því nú að útgáfu Barnabarnabókarinnar, bókar sem er ætluð öfum og ömmum til að skýra líf sitt aðeins frekar fyrir afkomendunum. Hvort varstu meira fyrir Bítlana eða Rolling Stones? Allt getur þetta gefið barnabörnum færi á að þekkja betur og skilja hvaðan við komum.

Á fullu

„Við erum bara á fullu við að brjóta um bókina. Söfnunin gengur vel og ég veit að þetta er góð hugmynd. Þess vegna ákváðum við að þrefalda upplagið og erum núna á fullu í því að vinna að þessu," segir leiðsögumaðurinn Ólafur Schram, sem vill nú hjálpa öðrum með að leiðsegja afkomendum sínum um fortíð þeirra.

Ólafur hefur fundið fyrir miklum áhuga á verkefninu, enda sé það flestum mikilvægt að varðveita og þekkja sögu þeirra sem manni standa næst.

„Ég hef þó lent í því að fólk hafi nefnt að þau þurfi ekki á slíkri bók að halda þar sem þau hafi skrifað þetta allt niður. Ein á tölvu og önnur handskrifað, en þær viðurkenndu báðar að vita ekki hvar það væri niðurkomið," segir Ólafur og hlær. „Mín hugsjón er fyrst og fremst sú, myndir þú ekki vilja eiga svona frá afa þínum eða ömmu?" bætir hann við.

Bilið orðið stærra

Hugmyndin að bókinni kom til Ólafs þó nokkru eftir að hann varð afi sjálfur.

> **EN ÉG FÓR SVO AÐ HUGSA, HVAÐA STAÐREYNDUM ER ÉG AÐ MISSA AF, DAG FRÁ DEGI, SEM ÞAU GÆTU HAFT ÁHUGA Á?**

„En ég fór svo að hugsa, hvaða staðreyndum er ég að missa af, dag frá degi, sem þau gætu haft áhuga á? Ég er úr sveitinni þar sem fólk bjó yfir þúsund ára þekkingu á veðrum og vindum. Svo núna þurfum við það í raun ekki lengur. Nú er bilið á milli kynslóða orðið það mikið, við þurfum margt af þessu ekki lengur. Þetta er orðið eins og tveir ólíkir heimar. Af hverju notaði Kristur ekki bara símann þegar hann var að ferðast og svona?" segir Ólafur og hlær.

Flutningar, þótt innanlands séu, eru Ólafi líka hugleiknir.

„Þótt fólk hafi búið fyrir norðan og síðan ákveðið að flytjast suður. Er þetta ekki eitthvað sem barnabörnum er kannski hugleikið að skilja? Þetta hlóðst bara inn á mig, þannig að ég eiginlega bara henti í eina bók."

Ólafur segir það algengt að millikynslóðin, foreldrarnir, segi hvorki né endilega viti það mikið um afa og ömmu.

„Þetta fylgir spurningum frá ætt og jafnvel unglingsárum, ertu Rollingur eða Bítlamanneskja? Þó sú spurning held ég að hafi verið tekin út. Svo er ég með ertu fædd Pepsí- eða Kók-manneskja? Síðan eru spurningar tengdar tilhugalífinu og fleira. Fjölskylda, frí og síðari parturinn. Ég er svona smá að reyna að ýta á eftir fólki með sumt, hefurðu farið í heyrnarmælingu? Það er annað hvert hjónaband sem situr uppi með það að karlinn neitar að fara og heyrir bara allt sem hann heyrir," segir Ólafur og hlær.

Vel geymdar minningar

Ólafur grínast hress með að það sé vissulega ákveðin fegurð í samskiptum ömmu og afa við barnabörn sín og það sé að miklu leyti fólgið í því að þau þurfi síður að skamma.

„Jóna mín, barnið er búið að gera á sig!" segir hann hlæjandi. „Við þurfum minna að hlaupa til eða byrsta okkur."

Mataræði hefur til að mynda breyst mikið á síðustu árum.

„Til dæmis hvort fólk borði enn þá ekki selhreifa, hákarl eða skötu. Lengi þótti kjúklingur ekki fínn matur. Hænurnar voru þar sem fjósin voru og borðuðu grasið þar."

Hugmynd Ólafs er sú að ömmur og afar fái sína bókina hvort og láti elsta niðja hafa, þar sem allir gætu nálgast hana.

„Svo þegar fólk fer að finna fyrir áhuga á þessu getur það nálgast bókina og skilað henni aftur. Ég mæli með að það sé ekki keypt nema ein bók fyrir hverja persónu. Það eru margir sem hafa viljað styrkja mig í þessu og vilja kaupa fjölda bóka. En ég segi þeim að þau hafi líklega ekkert að gera með 10 bækur, það þarf að fylla þær allar út," segir hann, og bætir við að fjöldann allan af skemmtilegum spurningum sé að finna í bókinni, hvort sem það er um fyrstu bíóferðina, skólagönguna eða gæludýr.

Hægt er að leggja Ólafi lið og fjárfesta í Barnabarnabókinni á karolinafund.com.

steingerdur@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

21. mars kl. 20.00
Eldborg Hörpu

JÓN MÚLI ÁRNASON 100 ÁRA

GESTASÖNGVARAR
Ellen Kristjánsdóttir
Jón Jónsson
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson

STJÓRNANDI & KYNNIR
Sigurður Flosason

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Fermingarblaðið fylgir Fréttablaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Hættulegar skoðanir

Hver man ekki eftir Viktoríu Abril, sem við Íslendingar tókum ástfóstri við eftir að hún fór með hlutverk föngulegrar flamingódansmeyjar í myndinni 101 Reykjavík? Nú hefur hún einn ganginn enn skipt um hlutverk en þegar hún var að taka við verðlaunum, nú nýverið, tókst henni á tíu mínútum að umbreytast úr ástsælli leikkonu í persona non grata og nýjasta skotspón niðþeytifólks.

Við þetta tækifæri hætti hún sér nefnilega út á þann þunna ís að lýsa skoðun sinni á kórónaveirunni, sem hún sagði vera eins og hverja aðra veiru sem leiddi árlega vissan fjölda fólks til dauða án þess að nokkur gripi til nokkurra neyðarráðstafana. Fór hún mikinn og kallaði þetta kóróna-sirkus og tók ekki í mál að bera grímu.

Fólki rann blóðið til skyldunnar að taka upp hanskann fyrir þá sem væru nógu hrifnæmir til að falla fyrir ræðu hennar, þar sem um stórhættulegar skoðanir væri að ræða, og hver sá sem vettlingi gat valdið fór háðulegum orðum í fjölmiðlum um gáfnafar hennar og eðlisfar. Vissulega var ekki langt í þá kröfu að hún yrði svipt verðlaunum.

Ekki ætla ég að draga úr alvarleika kórónaveirunnar, hún mun líða hjá en aldrei fennir yfir framgang þeirra sem vilja svipta fólk ærunni að ósekju. Ég ætla heldur ekki að gera lítið úr sársaukanum sem það kann að valda þegar einir halda fram skoðunum sínum. En þar sem ég þekki ágætlega fortíð ættjarðar hennar Viktoríu óttast ég miklu fremur þann dag er allir neyðast til að vera á sömu skoðun.



HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

HEIMA ER BEST

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

STILLANLEGT HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU, EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI
Verð frá kr. 439.900.-

BODYPRINT Reverie Sleep well tonight. Live better tomorrow.

PANDORA
RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
Verð 219.900.-

ZERO GRAVITY

BARON | VANDAÐUR RAFDRIFINN LEÐURSÓFI
Verð kr. 524.900.-



FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
Á NÆSTU STÖÐ *NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

10.000 kr. AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

25% AFSLÁTTUR AF MJÚKVÖRU VIÐ DÝNUKAUP

ÝMIR
7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA MEÐ BOTNI OG FÓTUM
120×200 cm: Verð áður ~~kr. 84.900~~
NÚ AÐEINS KR. 74.900
Fleiri stærðir og gerðir í boði

FRIGG | IÐUNN | MIÐGARÐUR

FERMINGARTILBOÐ Í FULLUM GANGI

MIKIÐ ÚRVAL AF FERMINGARGJÖFUM

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

LEXON FLIP VEKJARAKLUKKA
MARGIR LITIR
Minni gerð kr. 5.500.-
Stærri gerð kr. 6.900.-

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

HÖFÐAGAFLAR OG RÚMFÓT

OUTLET
Gerðu frábær kaup
Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

Svefn & heilsa

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.





Hvernig virkar Ökuvísir?

Einfaldasta svarið við þessari spurningu er hreinlega að prófa Ökuvísi. Þú getur prófað í allt að 14 daga áður en þú ákveður hvort þú viljir halda áfram.

Ökuvísir er bæði app og lítill kubbur sem þú notar til þess að tryggja bílinn þinn. Þú sækir appið í símann og við sendum þér kubbinn heim.
Þér er svo umbunað fyrir öruggan akstur.

Fyrir hverja er Ökuvísir?

Ökuvísir er fyrir fólk eins og þig! Unglinga, fullorðna, ömmur og afa, einfaldlega alla sem vilja hafa stjórn á sínum tryggingum. Þú sparar á því að keyra af öryggi og keyra lítið, Ökuvísir sér um restina.

Viltu spara og gera umferðina öruggari í leiðinni? Vertu hluti af hópnum.
Við ökuvísum þér veginn.

Með Ökuvísi getur þú:

- Lækkað verðið ef þú keyrir af öryggi
- Lækkað verðið ef þú keyrir lítið
- Fengið hjálp við að verða öruggari í umferðinni
- Fylgst með akstrinum þínum

Nánar á vis.is

Prófaðu
Ökuvísi **frítt**
í 14 daga

Ökuvísir keyrir upp gleðina

Ökuvísir er byltingarkennd nýjung hér á landi, en vel þekkt erlendis. Reynslan sýnir að tjónum fækkar um allt að 20% hjá þeim sem nota slíka tækni. Í samvinnu við viðskiptavini okkar ætlum við að breyta umferðarmenningunni og fækka slysum.

Nýtt app sem veit hvað þú ert góður ökumaður og þess vegna getur það lækkað verðið á tryggingunum!

Nánar á vis.is

ENNEMM / SÍA / NM004552